# Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn**
Eggert Magnússon, formaður
Halldór B. Jónsson, varaformaður
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson, ritari
Ágúst Ingi Jónsson
Ástráður Gunnarsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Lúðvík S. Georgsson

**Varastjórn**
Kjartan Daníelsson
Jóhannes Ólafsson
Þórarinn Gunnarsson

**Landshlutafulltrúar**
Guðmundur Ingvason, Austurland
Jakob Skúlason, Vesturland
Einar Friðþjófsson, Suðurland
Ómar Bragi Stefánsson, Norðurland

**Framkvæmdastjórn**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Halldór B. Jónsson
Jón Gunnlaugsson
Lúðvík S. Georgsson

**Starfsfólk**
Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Eyjólfur Sverrisson, útbreiðslumál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Halldór Örn Þorsteinsson, mótamál
Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smárason, leyfisstjóri
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri
Jóhann G. Kristinsson, vallarstjóri

**Landsliðsnefnd**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Halldór B. Jónsson
Jón Gunnlaugsson
Lúðvík S. Georgsson

**Landsliðsnefnd U21**
Jóhannes Ólafsson, formaður
Ágúst Ingi Jónsson
Kjartan Daníelsson
Viðar Halldórsson
Vignir Már Þormóðsson

**Unglinganefnd**
Ástráður Gunnarsson, formaður
Björn Friðþjófsson
Ingvar Guðjónsson
Sigurður Helgason
Steinn Halldórsson
Þórarinn Gunnarsson

**Landsliðsnefnd kvenna**
Jón Gunnlaugsson, formaður
Einar Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

**Unglinganefnd kvenna**
Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður
Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir
Gary Wake

**Þjálfarar landsliða**
Ásgeir Sigurvinsson, A lið karla
Logi Ólafsson, A lið karla
Eyjólfur Sverrisson, U21 lið karla
Guðni Kjartansson, U19 lið karla
Lúkas Kostic, U17 lið karla
Freyr Sverrisson, U16 lið karla
Helena Ólafsdóttir, A lið kvenna
Úlfar Hinriksson, U21 lið kvenna
Ólafur Guðbjörnsson, U19 lið kvenna
Ragnhildur Skúladóttir, U17 lið kvenna

**Starfsmenn landsliða**
Sigurjón Sigurðsson, læknir A liðs karla
Sveinbjörn Brandsson, læknir A liða karla og kvenna
Kristleifur Brandsson, sjúkraþjálfari A liðs karla
Stefán Stefánsson, sjúkraþjálfari A liðs karla
Guðmundur R. Jónsson, liðsstjóri A liðs karla
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, liðsstj. A og U21 liðs karla
Hjalti Kristjánsson, læknir U21 liðs karla
Björn Gunnarsson, liðsstjóri U21 og U19 liðs karla
Einar Jónsson, læknir U19 og U17 liða karla
Björgvin Eyjólfsson, sjúkraþjálfari U19 liðs karla
Gunnlaugur Hreinsson, liðsstjóri U17 liðs karla
Kristján H. Ragnarsson, sjúkraþjálfari A liðs kvenna
Linda Persson, sjúkraþjálfari A og U17 liða kvenna
Ásta B. Gunnlaugsdóttir, liðsstjóri A liðs kvenna
Ragnheiður Elíasdóttir, liðsstjóri A liðs kvenna
Helena Magnúsdóttir, sjúkraþj. U21 og U19 liða kvenna
Erla Sigurbjartsdóttir, liðsstjóri U21 liðs kvenna
Hjörtur Hauksson, læknir U19 liðs kvenna
Svala Helgadóttir, sjúkraþjálfari U19 liðs kvenna
Ingigerður Júlíusdóttir, liðsstjóri U19 liðs kvenna
Kristín Anna Arnþórsdóttir, liðsstjóri U17 liðs kvenna

**Mótanefnd**
Halldór B. Jónsson, formaður
Atli Þórsson
Ágúst Ingi Jónsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Kjartan Daníelsson

**Dómaranefnd**
Halldór B. Jónsson, formaður
Eyjólfur Ólafsson
Eysteinn Guðmundsson
Ingi Jónsson
Kári Gunnlaugsson
Sigurður Hannesson

**Aganefnd**
Ágúst Ingi Jónsson, formaður
Gunnar Guðmundsson
Sigurður I. Halldórsson
Ásgeir Ármannsson (til vara)
Einar M. Árnason (til vara)
Helgi R. Magnússon (til vara)

**Háttvísinefnd**
Ásgeir Sigurvinsson
Helena Ólafsdóttir
Logi Ólafsson
Víðir Sigurðsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**
Þórarinn Gunnarsson, formaður
Lúðvík S. Georgsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Guðmundur H Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)
Páll Bragason (til vara)

**Fræðslunefnd**
Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður
Ástráður Gunnarsson
Guðni Kjartansson
Kjartan Daníelsson
Sigurður Þórir Þorsteinsson
Örn Ólafsson

**Laga- og leikreglnanefnd**
Lúðvík S. Georgsson, formaður
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson

**Mannvirkjanefnd**
Lúðvík S. Georgsson, formaður
Ásthildur Helgadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Þorbergur Karlsson

**Fjárreiðunefnd**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Geir Þorsteinsson
Pálmi Jónsson

**Kjörnefnd**
Viðar Halldórsson, formaður
Páll Bragason
Vignir Þormóðsson

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Geir Þorsteinsson
Ómar Einarsson
Reynir Ragnarsson

**Dómstóll KSÍ**
Gunnar Guðmundsson, formaður
Ásbjörn Jónsson
Halldór Frímannsson
Halldór Halldórsson
Hilmar Gunnlaugsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ**
Jón Steinar Gunnlaugsson, forseti
Guðmundur Jónsson
Jón Gunnar Zoëga
Guðmundur Pétursson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)
Helgi V. Jónsson (til vara)
Jóhannes Albert Sævarsson (til vara)

**Kjörnir skoðunarmenn KSÍ**
Hannes Þ. Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Þórður Þorkelsson (til vara)

**Milliþinganefnd um samninga og félagaskipti**
Lúðvík S. Georgsson, formaður
Ámundi Halldórsson
Gísli Sváfnisson
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson

**Útbreiðslunefnd**
Björn Friðþjófsson, formaður
Guðmundur Ingvason
Jakob Skúlason
Einar Friðþjófsson
Ómar Bragi Stefánsson

**Leyfisráð KSÍ**
Lúðvík S. Georgsson, formaður
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson
Stefán Bergsson
Örn Gunnarsson

**Leyfisdómur KSÍ**
Sveinn Jónsson, formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

**Undirbúningsnefnd NM U21 kvenna**
Björn Friðþjófsson, formaður
Ingibjörg Hinriksdóttir
Kjartan Daníelsson
Ómar Bragi Stefánsson

**Laganefnd**
Lúðvík S. Georgsson, formaður
Halldór B. Jónsson
Steinar Þór Guðgeirsson

# Skýrsla landsliðsnefndar

Í nefndinni sátu Eggert Magnússon formaður, Eggert Steingrímsson, Halldór B. Jónsson, Jón Gunnlaugsson og Lúðvík S. Georgsson. Með nefndinni störfuðu Geir Þorsteinsson og Gunnar Gylfason. Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson voru landsliðsþjálfarar, læknar landsliðsins voru Sigurjón Sigurðsson og Sveinbjörn Brandsson, Stefán Stefánsson og Kristleifur Brandsson voru sjúkraþjálfarar og liðsstjórar þeir Guðmundur R. Jónsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

**Verkefni og leikmenn**
Landsliðið lék á árinu 9 leiki, fjóra leiki í undankeppni HM 2006 og fimm vináttuleiki. Sigur vannst í einum leik, tveimur leikjum lauk með jafntefli, en sex leikir töpuðust. Í þessum leikjum léku 25 leikmenn og fjórir aðrir voru í hóp án þess að leika. Þrír leikmenn, þeir Árni Gautur Arason, Indriði Sigurðsson og Þórður Guðjónsson, léku alla leiki ársins og fjórir leikmenn tóku þátt í 8 leikjum, þeir Heiðar Helguson, Hermann Hreiðarsson, Jóhannes Karl Guðjónsson og Kristján Örn Sigurðsson. Rúnar Kristinsson lék einn leik á árinu og heldur áfram að bæta landsleikjametið, en hann hefur nú leikið 104 landsleiki. Þórður Guðjónsson bættist í hóp þeirra sem hafa leikið 50 landsleiki.

**Vináttulandsleikir**
Leiknir voru fimm vináttulandsleikir á árinu og var sá fyrsti gegn Albaníu í mars. Heimamenn náðu forystunni undir lok fyrri hálfleiks, en Þórður Guðjónsson jafnaði metin á 66. mínútu. Sigurmark Albana kom síðan gegn gangi leiksins á 78. mínútu. Annar leikur ársins var í Lettlandi í apríl og lauk honum með markalausu jafntefli. Um mánaðamótin maí/júní tók landsliðið þátt í þriggja liða móti í Manchester í Englandi ásamt heimamönnum og landsliði Japans. Fyrsti leikur mótsins var leikur okkar manna og Japana, sem höfðu höfðu betur 3-2 í fjörugum leik og gerði Heiðar Helguson bæði mörk íslenska liðsins. Í lokaleik mótsins lék íslenska liðið gegn Englendingum og unnu heimamenn öruggan 6-1 sigur. Það var Heiðar Helguson sem skoraði mark Íslands og minnkaði þá muninn í 3-1. Síðasti vináttulandsleikur ársins og sá eini á heimavelli var gegn Ítölum í ágúst. Íslenska liðið byrjaði af krafti og skoraði tvö mörk á nokkurra mínútna kafla í fyrri hálfleik. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði fyrst og Gylfi Einarsson bætti öðru marki við. Þessi tvö mörk reyndust þau einu í leiknum og því frábær sigur íslenska liðsins á þreföldum heimsmeisturum Ítala staðreynd. Glæsilegt aðsóknarmet var sett í leiknum, en 20.204 manns troðfylltu Laugardalsvöllinn og settu met sem seint verður slegið.

**Undankeppni HM 2006**
Undankeppni HM 2006 hófst síðastliðið haust og lék íslenska liðið eins og áður segir fjóra leiki í riðlinum, sem í eru Ísland, Svíþjóð, Króatía, Búlgaría, Ungverjaland og Malta. Fyrsti leikur keppninnar var heimaleikur gegn Búlgörum. Gestirnir náðu forystunni í fyrri hálfleik og bættu við öðru marki á upphafsmínútum þess síðari, en Eiður Smári Guðjohnsen minnkaði muninn úr vítaspyrnu mínútu síðar. Búlgarar skoruðu svo síðasta mark leiksins um miðjan hálfleikinn. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Ungverjum ytra og urðu lokatölur leiksins 3-2, Ungverjum í vil. Íslenska liðið komst yfir með marki Eiðs Smára Guðjohnsen undir lok fyrri hálfleiks. Ungverjar náðu að jafna metin eftir um klukkustundar leik og þeir bættu síðan við öðru marki stundarfjórðungi fyrir leikslok. Aðeins þremur mínútum síðar jafnaði Indriði Sigurðsson metin með sínu fyrsta landsliðsmarki, en tveimur mínútum eftir jöfnunarmarkið skoruðu heimamenn sigurmark leiksins. Í byrjun október var haldið til Möltu og lyktaði leiknum þar með markalausu jafntefli. Síðasti leikur ársins var svo gegn Svíum á Laugardalsvelli. Fjögur mörk sænska liðsins í fyrri hálfleik gerðu í raun út um leikinn, en Eiður Smári Guðjohnsen skoraði eina mark síðari hálfleiks.

**Lokaorð**
Árangur landsliðsins á árinu olli vonbrigðum, uppskeran í undankeppni HM 2006 er eitt stig eftir 4 leiki. Enn eru þó eftir 6 leikir og tækifæri fyrir þjálfara og leikmenn að snúa blaðinu við og ná betri árangri á árinu 2005.

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum þeirra, læknum og sjúkraþjálfurum samstarfið á árinu, sem og nefndarmönnum og starfsfólki KSÍ.

Eggert Magnússon, formaður

# Skýrsla U21 landsliðsnefndar

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Ágúst Ingi Jónsson, Kjartan Daníelsson, Viðar Halldórsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Á haustmánuðum 2003 var Eyjólfur Sverrisson ráðinn þjálfari liðsins. Hjalti Kristjánsson var læknir liðsins og Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Björn Gunnarsson liðsstjórar.

**Vináttulandsleikur**
Liðið lék einn vináttulandsleik á árinu, gegn Eistlendingum ytra 18. ágúst, sem tapaðist 1-2. Eistar skoruðu í fyrri hálfleik, en Hörður Sveinsson jafnaði metin fyrir okkar pilta í þeim síðari. Heimamenn skoruðu síðan sigurmarkið á lokamínútum leiksins. Leikurinn var ágætis undirbúningur fyrir komandi verkefni í undakeppni Evrópumótsins.

**Undankeppni EM**
Liðið lék fjóra leiki á árinu í undankeppni Evrópumótsins, tvo á útivelli og tvo heimaleiki. Fyrsti leikurinn var gegn Búlgörum á Víkingsvelli og vannst sannfærandi 3-1 sigur. Hannes Þorsteinn Sigurðsson skoraði öll mörk íslenska liðsins, þar af tvö úr vítaspyrnum. Sigur liðsins á Víkingsvellinum var sá fyrsti sem U21 landslið karla innbyrðir í undankeppni EM síðan árið 2001. Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum, sérstaklega í fyrri hálfleik, og var sigurinn fyllilega verðskuldaður. Boltinn gekk lengst af vel á milli manna og baráttan í liðinu var mjög góð.

Fjórum dögum síðar var leikið gegn Ungverjum. Tapaðist leikurinn naumlega 0-1, en sigurmark Ungverja kom á lokamínútu leiksins. Íslenska liðið missti mann af leikvelli með tvö gul spjöld eftir aðeins 17 mínútur og átti í vök að verjast þar til einum Ungverjanum var vikið af leikvelli eftir klukkutíma leik. Leikurinn jafnaðist eftir það, en heimamenn náðu að skora sigurmarkið alveg í blálokin.

Þriðji leikurinn var gegn Maltverjum ytra. Leikurinn, sem tapaðist 0-1, þótti bragðdaufur og lítið um marktækifæri. Sigurmark Maltverja kom með langskoti á síðustu sekúndum leiksins. Bjarni Þórður Halldórsson, markvörður íslenska liðsins, varði vítaspyrnu í leiknum.

Síðasti leikur ársins var heimaleikur gegn Svíum í Grindavík og aftur vannst 3-1 heimasigur. Íslenska liðið lék vel og var sigurinn fyllilega verðskuldaður. Hannes Þorsteinn Sigurðsson skoraði þrennu í leiknum og hefur því skorað öll mörk Íslands í keppninni hingað til, 6 talsins, og er orðinn markahæsti leikmaður U21 landsliðsins fyrr og síðar með 7 mörk. Uppskera ársins var því 6 stig úr fjórum leikum og situr liðið í 2. - 4. sæti riðilsins ásamt Ungverjum og Svíum, en Króatar eru eftstir með 9 stig.

**Leikmenn**
Það var 21 leikmaður sem lék þessa fimm leiki og að auki voru tveir aðrir valdir í hóp en spiluðu ekki. Sjö leikmenn, þeir Bjarni Þórður Halldórsson, Davíð Þór Viðarsson, Emil Hallfreðsson, Hörður Sveinsson, Ólafur Ingi Skúlason, Sverrir Garðarsson og Sölvi Geir Ottesen Jónsson, léku alla leiki ársins. Eins og algengt er þegar ný keppni hefst eru margir leikmenn að stíga sín fyrstu spor á þessum vettvangi og alls léku 14 leikmenn sína fyrstu U21 landsleiki á árinu, þeir Bjarni Þórður Halldórsson, Emil Hallfreðsson, Gunnar Þór Gunnarsson, Helgi Pétur Magnússon, Henning Eyþór Jónasson, Hörður Sveinsson, Ingvi Rafn Guðmundsson, Jónas Guðni Sævarsson, Kjartan Henry Finnbogason, Pálmi Rafn Pálmason, Pétur Óskar Sigurðsson, Steinþór Gíslason, Sverrir Garðarsson og Sölvi Geir Ottesen Jónsson. Ólafur Ingi Skúlason var fyrirliði liðsins í öllum fimm leikjum árins.

**Lokaorð**
Tveir sigrar í fjórum leikjum verður að teljast viðunandi árangur og er ljóst að Eyjólfur Sverrisson er að byggja upp öflugt lið eftir slakan árangur U21 liðsins undanfarin ár. Margir af leikmönnum þessa liðs munu banka á dyr A-liðsins á næstu árum ef rétt er haldið á spilunum. Að lokum vil ég þakka þjálfara, liðsstjórum og lækni liðsins fyrir tímabilið. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

# Skýrsla unglinganefndar

Nefndina skipuðu Ástráður Gunnarsson, formaður, Björn Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Sigurður Helgason, Steinn Halldórsson og Þórarinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglingalandsliðum Íslands.

Guðni Kjartansson þjálfaði U19 liðið og Lúkas Kostic þjálfaði U17 liðið. Freyr Sverrisson hafði umsjón með úrtökumótinu og knattspyrnuskólanum var hann einnig aðstoðarmaður Guðna og Lúkasar í verkefnum landsliðanna. Liðsstjórar liðanna voru þeir sömu og undanfarin ár, Björn Gunnarsson með U19 og Gunnlaugur Hreinsson með U17. Læknir beggja liðanna var Einar Jónsson. Þar sem Einar fór með U17 til Þýskalands á sama tíma og U19 var í Noregi var leitað var til Björgvins Eyjólfssonar til að aðstoða í Noregi.

**U17 - Karlalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1987 og síðar**

*Milliriðill Evrópumótsins*
Verkefni þessa liðs var framhald frá árinu áður er liðið tryggði sér þátttöku í milliriðlum EM. Leikið var í nágrenni Sheffield á Englandi og með okkur í riðli voru Englendingar, Norðmenn og Armenar. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum og vannst góður 2-1 sigur. Norðmenn skoruðu eina mark fyrri hálfleiks úr vítaspyrnu á 37. mínútu, en varnarmaður norska liðsins skoraði síðan sjálfsmark strax í byrjun þess síðari. Sigurmark Íslands kom svo þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma. Annar leikurinn var gegn heimamönnum sem voru vel studdir af tæplega 6 þúsund áhorfendum. Leikurinn var jafn og spennandi og barátta leikmanna gríðarleg. Sigurmark Englendinga kom eftir aukaspyrnu rétt utan teigs á lokamínútu leiksins. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Armenum og höfðu okkar menn sigur 2-1 eftir að hafa verið undir í hálfleik en skorað tvö mörk í þeim síðari. Englendingar sigruðu í riðlinum með fullt hús stiga og léku því í lokakeppni mótsins í sumar, íslenska liðið varð í öðru sæti með 6 stig, Armenar hlutu 3 stig og Norðmenn ráku lestina með ekkert stig.

**U17 - Karlalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar**

*Opna Norðurlandamótið*
Mótið fór að þessu sinni fram í Vaasa í Finnlandi 3. – 8. ágúst og var íslenska liðið í riðli með Norðmönnum, Finnum og Skotum. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum. Þrátt fyrir að vera meira með boltann og eiga góð færi í fyrri hálfleik tókst íslenska liðinu aðeins að skora eitt mark og jafna leikinn á 25. mínútu eftir að Norðmenn höfðu komist yfir 4 mínútum fyrr. Norðmenn skoruðu mark strax í byrjun síðari hálfleiks og íslenska liðinu tókst ekki að jafna leikinn og lauk leiknum því með 2-1 sigri Norðmanna. Næsti leikur var gegn heimamönnum. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik, en í þeim síðari voru okkar drengir mun sterkari, skoruðu tvö mörk og unnu 2-0. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Skotum og vannst 1-0 sigur í miklum baráttuleik þar sem eina mark leiksins var skorað á 9. mínútu. Íslenska liðið varð efst í A-riðli með 6 stig, Norðmenn og Finnar hlutu 4 stig og Skotar 3 stig. Það kom því í okkar hlut að leika til úrslita á mótinu í annað sinn á þremur árum. Mótherjarnir voru Danir sem urðu efstir í B-riðlinum. Danir gerðu í raun út um leikinn í fyrri hálfleik með þremur mörkum, en ekkert var skorað í þeim síðari. Íslenska liðið þótti óheppið í leiknum og átti ekki verri færi en það danska. Eitt marka Dana var sjálfsmark og hin tvö mörkin komu eftir klaufaskap í íslensku vörninni. Okkar drengir léku í heildina vel á mótinu og verður það að teljast frábær árangur að komast í úrslitaleik Norðurlandamóts. Í öðrum leikjum um sæti unnu Englendingar Norðmenn 4-0 í leik um 3. sætið, Finnar unnu Færeyinga 7-1 í leik um 5. sætið og Skotar unnu Svía í leik um 7. sætið, 2-0.

*Undankeppni Evrópumótsins*
Okkar riðill fór fram í Þýskalandi um mánaðamótin september/október. Andstæðingar okkar voru, auk heimamanna, Litháar og Írar. Fyrsti leikurinn var gegn Írum. Íslenska liðið náði forystunni eftir hálftíma leik, en írska liðið jafnaði nokkrum mínútum síðar. Um hörkuleik var að ræða, mikil barátta og marktækifæri á báða bóga, en leiknum lauk með 1-1 jafntefli. Annar leikurinn var gegn Litháen. Litháar skoruðu strax á 2. mínútu en okkar menn jöfnuðu 20 mínútum síðar og komust yfir um miðjan síðari hálfleik, en Litháar jöfnuðu aftur fyrir hlé og leiknum lauk 2-2. Fyrir þriðja leikinn var enn möguleiki á að komast uppúr riðlinum með því að leggja Þjóðverja að velli. Þjóðverjar skoruðu hins vegar eina mark leiksins á 23. mínútu leiksins. Ísland hafnaði því í þriðja sæti riðilsins og er úr leik í

keppninni. Þjóðverjar og Írar tryggðu sér áframhaldandi þátttöku með því að hafna í tveimur efstu sætunum.

**U19 - Karlalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1986 og síðar**

Verkefni liðsins voru líkt og undafarin ár þátttaka í Evrópukeppninni og vináttulandsleikir.

*Vináttuleikir*

Leiknir voru tveir leikir gegn Norður-Írum ytra í aprílmánuði. Fyrri leiknum lauk með 2-0 sigri heimamanna sem skoruðu eitt mark í hvorum hálfleik. Írarnir voru sterkari aðilinn í leiknum og áttu sigurinn fyllilega skilinn. Norður-Írar unnu einnig síðari leikinn og kom eina mark leiksins snemma í síðari hálfleik. Strákarnir léku mun betur í þessum leik og áttu ágæt færi sem þó tókst ekki að nýta.

*Undankeppni Evrópumótsins*

Ísland var í riðli með Noregi, Austurríki og Búlgaríu og var leikið í Noregi í byrjun október. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum, sem unnu 3-0 sigur. Norðmenn voru sterkari aðilinn í leiknum lengst af, þó mörkin kæmu ekki fyrr en í síðari hálfleik. Sigur þeirra sanngjarn, eins og tölurnar gefa til kynna. Annar leikurinn var gegn Austurríkismönnum. Jafnræði var með liðunum framan af og komst íslenska liðið yfir eftir tæpan stundarfjórðung, en Austurríkismenn jöfnuðu 20 mínútum síðar og stóð 1-1 í hálfleik. Í byrjun síðari hálfleiks komust Austurríkismenn yfir en okkar menn jöfnuðu fljótlega. Austurríkismenn reyndust sterkari á lokakaflanum, skoruðu 3 mörk á síðustu 25 mínútunum og unnu 5-2 sigur. Lokaleikur liðsins var gegn Búlgörum, sem náðu forystunni í leiknum, en okkar piltar svöruðu með þremur mörkum fyrir hlé. Búlgarar náðu síðan að minnka muninn með marki í síðari hálfleik, en 3-2 sigur var í höfn. Austurríkismenn og Norðmenn hlutu 7 stig og komust áfram í milliriðla. Ísland hafnaði í þriðja sæti með 3 stig en Búlgarar ráku lestina án stiga.

**Úrtökumót**

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 lekmenn og fór mótið vel fram, en Freyr Sverrisson hafði umsjón með mótinu og hafði til aðstoðar tvo þjálfara, þá Ægir Viktorsson og Jóhann Elíasson. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á leikmönnum sem eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu 2005 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Í nóvember sl. voruð svo boðaðir um 35 leikmenn á æfingar og aðrir 35 verða boðaðir í mars. Þessir leikmenn verða hlutgengir á úrtökumótið 2005 og í U17 landsliðið 2006.

**Lokaorð**

Á árinu léku liðin 15 leiki. Fimm sigrar, tvö jafntefli og átta töp. Góður árangur var hjá U17 liðunum, þ.e. liðinu sem fór í milliriðil og einnig liðinu sem fór á NM. Árangur U19 liðsins var ekki góður, þrátt fyrir að liðið væri að leika ágætlega hluta af leikjunum. Í byrjun desember var dregið í Evrópukeppnina fyrir bæði liðin. U17 var dregið í riðil með Andorra, Svíþjóð og Tékklandi og verður leikið í 23., 25. og 27. september. U19 var dregið í riðil með Búlgaríu, Króatíu og Bosníu-Herzegóvínu. Leikið verður í Bosníu-Herzegóvínu 3., 5. og 7. október. Opna Norðurlandamótið verður haldið hér á landi dagana 1. – 8. ágúst næstkomandi, en auk Norðurlandaþjóðanna taka Englendingar og Írar þátt. Liðin munu gista á Hótel Loftleiðum og fara leikirnir fram á völlum í Reykjavík og nágrenni. Unglingalandsliðið mun leika tvo vináttuleiki gegn Svíum hér á landi á árinu, 7. og 9. júní.

Á næsta ári verðum við að setja markið hærra. Góðir leikmenn eru til staðar og breiddin alltaf að aukast hjá yngri flokkum okkar. Það sést meðal annars á því að æ fleiri ungir leikmenn eru að gerast atvinnumenn með erlendum liðum. Aðstaðan til knattspyrnuiðkunar er alltaf að verða betri, ekki síst þegar allir sparkvellirnir verða komnir í gagnið. Að lokum vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir samstarfið á árinu. Þjálfurum, liðsstjórum og lækni vil ég þakka góð störf og öllum þeim sem á einn eða annan hátt greiddu götu okkar færi ég þakkir. Starfsmanni nefndarinnar og öðru starfsfólki skrifstofu KSÍ þakka ég fyrir gott samstarf á árinu.

Ástráður Gunnarsson, formaður

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna 2004 var skipuð eftirtöldum: Jón Gunnlaugsson, formaður, Einar Friðþjófsson, Ingibjörg Hinriksdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz. Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði og U21 liði kvenna.

Helena Ólafsdóttir var þjálfari A-liðsins og henni til aðstoðar var Úlfar Hinriksson, sem jafnframt þjálfaði U21 liðið. Læknir A-liðsins var Sveinbjörn Brandsson, sjúkraþjálfarar voru Kristján H. Ragnarsson og Linda Persson, Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Ragnheiður Elíasdóttir voru liðsstjórar. Helena Magnúsdóttir var sjúkraþjálfari U21 kvenna og Erla Sigurbjartsdóttir var liðsstjóri.

**A landslið**

Árið 2004 var seinna leikárið í undankeppni EM 2005, en Ísland var í riðli með Rússum, Frökkum, Ungverjum og Pólverjum.

Undirbúningur fyrir Evrópukeppnina hófst með vináttuleik við Skota í Egilshöll í mars, fyrsti A-landsleikurinn sem leikinn var innanhúss hér á landi. Íslenska liðið vann 5-1 stórsigur, Margrét Lára Viðarsdóttir gerði þrennu í leiknum, Ásthildur Helgadóttir skoraði eitt mark og Dóra Stefánsdóttir eitt. Sigurinn var þó dýru verði keyptur þar sem Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði íslenska liðsins, meiddist illa og var frá keppni allt tímabilið. Íslenska liðið lék annan undirbúningsleik, vináttuleik gegn Englandi í maí ytra. Liðið tapaði naumlega 0-1 í jöfnum og spennandi leik, en fjölmörg færi voru á báða bóga.

Fyrsti leikur ársins í undankeppni EM 2005 var gegn Ungverjum í lok maí. Leikurinn fór fram í Székesfehérvár í Ungverjalandi og vann íslenska liðið öruggan 5-0 sigur. Olga Færseth gerði þrennu í leiknum og Margrét Lára Viðarsdóttir gerði hin mörkin tvö. Sigurinn gaf íslenska liðinu góða möguleika í keppninni við Rússland og Frakkland um efstu sæti riðilsins. Annar leikurinn í riðlakeppni EM var gegn Frökkum á Laugardalsvelli í júní og vann Frakkland með þremur mörkum gegn engu. Hið sterka franska lið hafði undirtökin lengst af og þótt íslenska liðið hafi átt nokkra góða kafla var sigur Frakkanna verðskuldaður. Þann 22. ágúst mætti Ísland Rússum á Laugardalsvelli í leik sem skipti öllu máli í baráttunni um 2. sætið í riðlinum. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik, en rússneska liðið hafði yfirhöndina í þeim síðari og tókst að skora tvö mörk gegn engu marki íslenska liðsins, sem var engu að síður öruggt með sæti í umspili, en ljóst að 2. sætið var fjarlægur draumur.

Í september var íslenska liðinu boðið til Bandaríkjanna til að leika tvo leiki gegn hinum nýkrýndu Ólympíumeisturum. Fyrri leikurinn fór fram í Rochester 25. september og tapaði íslenska liðið naumlega 3-4. Bandaríska liðið komst þremur mörkum yfir, en okkar stúlkur jöfnuðu leikinn á fimm mínútna kafla í síðari hálfleik með mörkum frá Erlu Steinu Arnardóttir, Eddu Garðarsdóttur og Laufeyju Ólafsdóttur. Bandaríska liðið skoraði sigurmarkið þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. Síðari leikurinn fór fram 29. september og tapaði íslenska liðið með þremur mörkum gegn engu.

Íslenska liðið lék gegn Norðmönnum í umspili um sæti í lokakeppni EM 2005. Fyrri viðureignin fór fram í Egilshöll 10. nóvember og tapaði íslenska liðið 2-7 að viðstöddum 2.500 áhorfendum. Leikurinn var tímamótaleikur, fyrsti alþjóðaleikurinn í opinberri keppni innanhúss hér á landi og fyrsti kvennalandsleikurinn sem sýndur er beint til útlanda, en leikurinn var bæði sýndur á Eurosport og í norska sjónvarpinu. Olga Færseth lék sinn 50. landsleik, en Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu mörk Íslands.

Seinni leikurinn fór fram 13. nóvember í Osló. Íslenska liðið mætti ákveðið til leiks og lék mun betur en í Reykjavík 3 dögum fyrr. Þrátt fyrir það vann norska liðið leikinn með tveimur mörkum gegn einu og því 9-3 samanlagt. Nína Kristinsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum. Erla Hendriksdóttir og Katrín Jónsdóttir léku sína 50. landsleiki.

**U21 landslið**

Ísland tók að venju þátt í Opna Norðurlandamóti U21 landsliða kvenna sem að þessu sinni fór fram hér á landi. Mótið fór fram við frábærar aðstæður á Norðurlandi og lék íslenska liðið sinn fyrsta leik í keppninni á Sauðárkróksvelli gegn Englandi. Leikurinn var jafn og spennandi og endaði með 1-1

jafntefli, sem lofaði góðu fyrir framhaldið. Nína Ósk Kristinsdóttir skoraði mark Íslands. Næsti leikur liðsins var gegn Danmörku á Akureyrarvelli, sem lauk einnig með 1-1 jafntefli og skoraði Erla Steina Arnardóttir mark Íslands. Þriðji leikur liðsins, gegn Svíum, fór fram á Blönduósi og enn á ný varð jafntefli niðurstaðan, í þetta sinn 2-2. Dóra María Lárusdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu mörk liðsins. Íslenska liðið lék því um 5. sæti á Þórsvellinum á Akureyri við Þýskaland. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli og því fór fram vítaspyrnukeppni. Þar sigraði Ísland og tryggði sér 5. sætið. Nína Ósk Kristinsdóttir skoraði mark Íslands. Lið Bandaríkjanna sigraði í mótinu.

**Lokaorð**
Kvennalandsliðið lék 9 landsleiki í ár, 5 leiki í EM og 4 vináttuleiki. Liðið sigraði í 2 leikjum, vináttuleik gegn Skotum í mars og útileik gegn Ungverjum í lok maí.

Þrátt fyrir að liðið hafi tryggt sér sæti í umspili um laust sæti í úrslitakeppni EM og náð þannig góðum árangri voru ákveðin vonbrigði að ná ekki öðru sæti í riðlinum, því þar með hefði íslenska liðið tryggt sér aðra mótherja í umspili en Norðmenn. Framundan er undankeppni fyrir HM sem hefst næsta haust. Í árslok var Jörundur Áki Sveinsson ráðinn landsliðsþjálfari, en samningur Helenu Ólafsdóttur rann út um áramótin.

Árangur U21 liðsins í ár var ásættanlegur, liðið lék agaða og góða knattspyrnu og hefði með örlítilli lukku átt að sigra í að minnsta kosti tveimur leikjum í riðlakeppninni, gegn Englendingum og Svíum. Þátttaka í þessu móti er íslensku leikmönnunum mikilvæg, leikmenn fá góða reynslu sem nýtist þeim vel til framtíðar. Elísabet Gunnarsdóttir var ráðin þjálfari U21 liðsins í árslok í stað Úlfars Hinrikssonar og mun hún jafnframt aðstoða Jörund Áka með A liðið.

Að lokum vil ég þakka Helenu Ólafsdóttur og Úlfari Hinrikssyni fyrir góð störf þeirra á síðastliðnum tveimur árum og óska þeim velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Einnig vil ég þakka starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Jón Gunnlaugsson, formaður

# Skýrsla unglinganefndar kvenna

Unglinganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2004: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Ásgerður H. Ingibergsdóttir og Gary Wake. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz. Hlutverk unglinganefndar er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna.

Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og Ragnhildur Skúladóttir var þjálfari U17. Sjúkraþjálfarar liðanna voru þær Helena Magnúsdóttir, Linda Persson og Svala Helgadóttir. Liðsstjórar voru Ingigerður Júlíusdóttir (U19) og Kristín Anna Arnþórsdóttir (U17).

**U19 - Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1985 og síðar**
Milliriðill EM U19 kvenna fór fram í apríl í Póllandi og lék Ísland í riðli með Ungverjalandi, Þýskalandi og heimamönnum. Fyrsti leikur liðsins var gegn Ungverjum og sigraði Ísland örugglega 4-1. Mörk liðsins gerðu þær Margrét Lára Viðarsdóttir, Dóra Stefánsdóttir og Nína Ósk Kristinsdóttir (tvö mörk). Annar leikur liðsins í riðlinum var gegn Pólverjum og sigraði Ísland einnig í þeim leik, að þessu sinni 3-1. Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði fyrstu tvö mörkin fyrir Ísland og Margrét Lára það þriðja. Síðasti leikur liðsins var gegn Þýskalandi og var það hreinn úrslitaleikur um sigur í riðlinum og sæti í úrslitakeppni EM. Leikurinn byrjaði vel, íslenska liðið var sterkari aðilinn á vellinum, Margrét Lára skoraði á 9. mínútu beint úr aukaspyrnu og fékk liðið tækifæri til að bæta við mörkum. Þýska liðið var þó ekki af baki dottið og náði smám saman undirtökum í leiknum, sem lauk með 5-1 sigri Þýskalands. Íslenska liðið hafnaði því í öðru sæti í riðlinum og komst ekki í úrslitakeppni EM. Einungis munaði þremur mörkum, því tvö lið í 2. sæti í milliriðlunum komust áfram.

**U19 - Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1986 og síðar**
Á haustdögum tók U19 liðið þátt í undankeppni EM. Gjörbreytt og reynslulítið íslenskt lið mætti til leiks og átti erfitt uppdráttar í riðlakeppninni sem að þessu sinni fór fram á Írlandi. Liðið lék fyrst gegn Írlandi og tapaði 0-1. Annar leikur liðsins var gegn Grikklandi og leit stærsti ósigur U19 kvenna frá upphafi dagsins ljós, 0-4. Þriðji og síðasti leikur liðsins var gegn Sviss og lauk honum með 1-4 tapi. Regína María Árnadóttir skoraði mark Íslands.

**U17 - Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1987 og síðar**
Ísland tók þátt í Opna Norðurlandamóti U17 landsliða sem fram fór í Danmörku að þessu sinni. Íslenska liðið hóf keppni með stóru tapi gegn Svíþjóð, 0-6. Næsti leikur liðsins var gegn Noregi og gekk íslenska liðinu mun betur, gerði 2-2 jafntefli. Sandra Sif Magnúsdóttir og Greta Mjöll Samúelsdóttir skoruðu mörk Íslands. Þriðji og síðasti leikur liðsins í riðlakeppninni var gegn Þjóðverjum, og aftur varð stórt tap niðurstaðan, að þessu sinni 0-7. Íslenska liðið lék því við Finnland um 7. sæti og vannst þar kærkominn sigur, 3-2. Katrín Ómarsdóttir skoraði tvö marka Íslands en Greta Mjöll eitt mark.

**Lokaorð**
U19 lið Íslands sem lék í milliriðlum EM síðastliðið vor er eitt sterkasta landslið sem Ísland hefur átt í yngri landsliðum kvenna. Liðið var einungis hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni EM, hagstæðari úrslit gegn Þýskalandi hefði þýtt sæti í úrslitakeppninni. Síðar á árinu urðu Þjóðverjar heimsmeistarar. Margir leikmenn úr þessu liði hafa komið öflugir inn í A-landsliðið í ár og munu án efa láta mikið að sér kveða í framtíðinni. Undankeppni EM sem fram fór í haust gekk ekki jafn vel. Miklar breytingar urðu á íslenska liðinu, margir leikmenn voru að leika sína fyrstu landsleiki í Evrópukeppni. Vonir eru bundnar við að þær komi sterkari til leiks á næsta ári, reynslunni ríkari. U17 liðið átti erfitt uppdráttar á Norðurlandamótinu, tapaði tveimur leikjum stórt, gerði eitt jafntefli og sigraði í einum leik. Óvenju margir nýliðar voru í leikmannahópnum að þessu sinni, en 10 leikmenn af 18 eru hlutgengir aftur á næsta ári og skilar það okkur vonandi betri árangri. Um áramót var Ólafur Þór Guðbjörnsson endurráðinn þjálfari U19 landsliðsins og Erna Þorleifsdóttir var ráðinn nýr þjálfari U17 landsliðsins. Ragnhildi Skúladóttur, fyrrverandi þjálfara U17 liðsins, er þakkað gott og farsælt starf með liðið. Að lokum vil ég þakka þjálfurum, starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í unglinganefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

# Landsleikir á starfsárinu

| Nr. | Land | Leikstaður | Dagsetning | Lið - keppni | Leikur | | | Úrslit | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ísland | Reykjavík | 13. mars | A kvenna - VL | Ísland | - | Skotland | 5 | : | 1 |
| 2 | England | Scunthorpe | 24. mars | U17 karla - EM | Noregur | - | Ísland | 1 | : | 2 |
| 3 | England | Doncaster | 26. mars | U17 karla - EM | England | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 4 | England | Worksop | 28. mars | U17 karla - EM | Armenía | - | Ísland | 1 | : | 2 |
| 5 | Albanía | Tirana | 31. mars | A karla - VL | Albanía | - | Ísland | 2 | : | 1 |
| 6 | Pólland | Gorlice | 20. apríl | U19 kvenna - EM | Ungverjaland | - | Ísland | 0 | : | 4 |
| 7 | Pólland | Gorlice | 22. apríl | U19 kvenna - EM | Pólland | - | Ísland | 1 | : | 3 |
| 8 | Pólland | Stróze | 24. apríl | U19 kvenna - EM | Þýskaland | - | Ísland | 5 | : | 1 |
| 9 | N-Írland | Coleraine | 26. apríl | U19 karla - VL | N-Írland | - | Ísland | 2 | : | 0 |
| 10 | Lettland | Riga | 28. apríl | A karla - VL | Lettland | - | Ísland | 0 | : | 0 |
| 11 | N-Írland | Limavady | 28. apríl | U19 karla - VL | N-Írland | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 12 | England | Peterborough | 14. maí | A kvenna -VL | England | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 13 | Ungverjaland | Szekesfehervar | 29. maí | A kvenna - EM | Ungverjaland | - | Ísland | 0 | : | 5 |
| 14 | England | Manchester | 30. maí | A karla - VL | Japan | - | Ísland | 3 | : | 2 |
| 15 | Ísland | Reykjavík | 2. júní | A kvenna - EM | Ísland | - | Frakkland | 0 | : | 3 |
| 16 | England | Manchester | 5. júní | A karla - VL | England | - | Ísland | 6 | : | 1 |
| 17 | Danmörk | Solrod | 28. júní | U17 kvenna - NM | Svíþjóð | - | Ísland | 6 | : | 0 |
| 18 | Danmörk | Albertslund | 30. júní | U17 kvenna - NM | Noregur | - | Ísland | 2 | : | 2 |
| 19 | Danmörk | Ballerup | 2. júlí | U17 kvenna - NM | Þýskaland | - | Ísland | 7 | : | 0 |
| 20 | Danmörk | Ballerup | 4. júlí | U17 kvenna - NM | Finnland | - | Ísland | 2 | : | 3 |
| 21 | Ísland | Sauðárkrókur | 23. júlí | U21 kvenna - NM | Ísland | - | England | 1 | : | 1 |
| 22 | Ísland | Akureyri | 25. júlí | U21 kvenna - NM | Ísland | - | Danmörk | 1 | : | 1 |
| 23 | Ísland | Blönduós | 27. júlí | U21 kvenna - NM | Ísland | - | Svíþjóð | 2 | : | 2 |
| 24 | Ísland | Akureyri | 29. júlí | U21 kvenna - NM | Ísland | - | Þýskaland | 1 | : | 1 |
| 25 | Finnland | Kurikka | 3. ágúst | U17 karla - NM | Noregur | - | Ísland | 2 | : | 1 |
| 26 | Finnland | Lapua | 4. ágúst | U17 karla - NM | Finnland | - | Ísland | 0 | : | 2 |
| 27 | Finnland | Jalasjärvi | 6. ágúst | U17 karla - NM | Skotland | - | Ísland | 0 | : | 1 |
| 28 | Finnland | Vaasa | 8. ágúst | U17 karla - NM | Danmörk | - | Ísland | 3 | : | 0 |
| 29 | Ísland | Reykjavík | 18. ágúst | A karla - VL | Ísland | - | Ítalía | 2 | : | 0 |
| 30 | Eistland | Saaremaa | 18. ágúst | U21 karla - VL | Eistland | - | Ísland | 2 | : | 1 |
| 31 | Ísland | Reykjavík | 22. ágúst | A kvenna - EM | Ísland | - | Rússland | 0 | : | 2 |
| 32 | Ísland | Reykjavík | 3. september | U21 karla - EM | Ísland | - | Búlgaría | 3 | . | 1 |
| 33 | Ísland | Reykjavík | 4. september | A karla - HM 2006 | Ísland | - | Búlgaría | 1 | : | 3 |
| 34 | Ungverjaland | Dunaújváros | 7. september | U21 karla - EM | Ungverjaland | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 35 | Ungverjaland | Búdapest | 8. september | A karla - HM 2006 | Ungverjaland | - | Ísland | 3 | : | 2 |
| 36 | Írland | Dublin | 21. september | U19 kvenna - EM | Írland | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 37 | Írland | Dublin | 23. september | U19 kvenna - EM | Grikkland | - | Ísland | 4 | : | 0 |
| 38 | Írland | Dublin | 25. september | U19 kvenna - EM | Sviss | - | Ísland | 4 | : | 1 |
| 39 | Bandaríkin | Rochester | 25. september | A kvenna -VL | Bandaríkin | - | Ísland | 4 | : | 3 |
| 40 | Bandaríkin | Pittsburgh | 29. september | A kvenna -VL | Bandaríkin | - | Ísland | 3 | : | 0 |
| 41 | Þýskaland | Sternberg | 30. september | U17 karla - EM | Írland | - | Ísland | 1 | : | 1 |
| 42 | Þýskaland | Naustad-Glewe | 2. október | U17 karla - EM | Litháen | - | Ísland | 2 | : | 2 |
| 43 | Noregur | Halden | 2. október | U19 karla - EM | Noregur | - | Ísland | 3 | : | 0 |
| 44 | Þýskaland | Schwerin | 4. október | U17 karla - EM | Þýskaland | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 45 | Noregur | Halden | 4. október | U19 karla - EM | Austurríki | - | Ísland | 5 | : | 2 |
| 46 | Noregur | Fredrikstad | 6. október | U19 karla - EM | Búlgaría | - | Ísland | 2 | : | 3 |
| 47 | Malta | Ta Qali | 8. október | U21 karla - EM | Malta | - | Ísland | 1 | : | 0 |
| 48 | Malta | Ta Qali | 9. október | A karla - HM 2006 | Malta | - | Ísland | 0 | : | 0 |
| 49 | Ísland | Grindavík | 12. október | U21 karla - EM | Ísland | - | Svíþjóð | 3 | : | 1 |
| 50 | Ísland | Reykjavík | 13. október | A karla - HM 2006 | Ísland | - | Svíþjóð | 1 | : | 4 |
| 51 | Ísland | Reykjavík | 10. nóvember | A kvenna EM | Ísland | - | Noregur | 2 | : | 7 |
| 52 | Noregur | Osló | 13. nóvember | A kvenna EM | Noregur | - | Ísland | 2 | : | 1 |

Landsleikir á árinu - A karla

Landsleikir á árinu - U21 karla

Landsleikir á árinu - U19 karla

Landsleikir á árinu - U17 karla

# Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Drengir f. 1989

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Afturelding | Jón Friðrik Sigurðsson | 290589-3209 |
| Afturelding | Kristinn Ingi Halldórsson | 080489-2779 |
| Breiðablik | Elfar Freyr Helgason | 270789-2429 |
| Breiðablik | Eysteinn Ívarsson | 051089-2789 |
| Breiðablik | Guðmundur Kristjánsson | 010389-3569 |
| Breiðablik | Gylfi Þór Sigurðsson | 230489-2389 |
| Breiðablik | Ívar Erik Yeoman | 110789-2709 |
| Breiðablik | Unnar Daði Helgason | 261289-2109 |
| Dalvík | Kristinn Þór Björnsson | 111189-3319 |
| FH | Guðni Páll Kristjánsson | 130289-2749 |
| Fjölnir | Alfreð Finnbogason | 010289-2039 |
| Fjölnir | Elfar Örn Guðmundsson | 020189-2159 |
| Fjölnir | Trausti Friðbertsson | 290689-2079 |
| Fjölnir | Þór Steinarsson | 150789-2739 |
| Fram | Sveinbjörn Jun Lura | 010989-3459 |
| Fram | Vigfús Geir Júlíusson | 250489-3589 |
| Fylkir | Ásgeir Jónasson | 250389-2219 |
| Fylkir | Björn M. Aðalsteinsson | 250489-2779 |
| Fylkir | Oddur Ingi Guðmundsson | 280189-2009 |
| Fylkir | Ævar Sveinn Sveinsson | 260989-2359 |
| Grindavík | Jósef Kristinn Jósefsson | 120989-3329 |
| Grindavík | Óskar Pétursson | 260189-3288 |
| Grótta | Arnar Freyr Gunnsteinsson | 090589-2379 |
| Grótta | Pétur Már Harðarson | 070289-2539 |
| Haukar | Andri G. Gunnarsson | 020389-2149 |
| Höttur | Högni Helgason | 270889-2639 |
| Höttur | Óttar Steinn Magnússon | 080289-2199 |
| ÍA | Friðrik Hrafn Pálsson | 160289-2959 |
| ÍA | Guðmundur B. Guðjónsson | 030889-3989 |
| ÍA | Róbert Þór Henn | 071289-3549 |
| ÍBV | Gauti Þorvarðarson | 190289-2579 |
| ÍBV | Guðjón Ólafsson | 120489-3569 |
| ÍR | Andri Björn Sigurðsson | 140889-2299 |
| KA | Arnór Egill Hallsson | 120589-3429 |
| KA | Steinn Gunnarsson | 290689-2799 |
| Keflavík | Björgvin Magnússon | 210789-4059 |
| Keflavík | Einar Orri Einarsson | 280189-2859 |
| Keflavík | Natan Freyr Guðmundsson | 130689-3299 |
| Keflavík | Viktor Guðnason | 131289-3089 |
| KR | Grettir Ólafsson | 100189-2249 |
| KS | Stefán Geir Andrésson | 090289-3149 |
| Leiknir R. | Brynjar Hlöðversson | 030489-2259 |
| Leiknir R. | Fannar Arnarsson | 140589-2339 |
| Njarðvík | Alexander Magnússon | 101189-2019 |
| Njarðvík | Freyr Guðmundsson | 200589-3519 |
| Njarðvík | Jón Árni Benediktsson | 260589-3699 |
| Selfoss | Bjarki Jónsson | 170189-3109 |
| Skallagrímur | Heiðar Ernst Karlsson | 290489-4079 |
| Stjarnan | Baldvin Sturluson | 090489-2249 |
| Stjarnan | Óðinn Ómarsson | 200489-3499 |
| Stjarnan | Sveinbjörn Finnsson | 300389-2449 |
| Tindastóll | Óskar Bjarki Helgason | 141189-4180 |
| UMFB | Pétur Ásbjörn Sæmundsson | 050189-2289 |
| UMFH | Jón Þorgeir Aðalsteinsson | 040189-2039 |
| UMFH | Kjartan Sigurðsson | 140189-3329 |
| Valur | Erlingur Reynisson | 080589-3529 |
| Valur | Guðmundur Steinn Hafsteinsson | 140689-4329 |
| Valur | Haraldur Björnsson | 110189-2229 |
| Valur | Þórður Sævar Jónsson | 050989-3729 |
| Víkingur R. | Þorvarður Arnarsson | 300189-2459 |
| Völsungur | Stefán Geir Sigurgeirsson | 190589-2939 |
| Þór | Aron Einar Gunnarsson | 220489-3619 |
| Þróttur N. | Skarphéðinn Magnússon | 040289-2169 |

Landsleikir á árinu - A kvenna

Landsleikir á árinu - U21 kvenna

Landsleikir á árinu - U19 kvenna

Landsleikir á árinu - U17 kvenna

# Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var óbreytt frá fyrra ári, en hana skipuðu Halldór B. Jónsson, formaður, Atli Heiðar Þórsson, Ágúst Ingi Jónsson, Björn Friðþjófsson, Ingibjörg Hinriksdóttir og Kjartan Daníelsson. Starfsfólk mótamála var Birkir Sveinsson, mótastjóri, Klara Bjartmarz og Halldór Örn Þorsteinsson. Halldór annaðist jafnframt mótahald knattspyrnuráðsins í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin.

## Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur allra móta á vegum KSÍ eru birt í bókinni *Íslensk knattspyrna* eftir Víði Sigurðsson, sem bókaútgáfan Tindur gefur út. Aðildarfélögum hefur verið sent eintak af bókinni.

## Flokkun og fjöldi leikja

| Flokkun leikja | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Landsleikir** | 52 | 45 | 45 | 54 | 46 | 48 | 43 | 48 | 61 |
| **Evrópuleikir félagsliða** | 17 | 14 | 13 | 15 | 12 | 12 | 8 | 14 | 14 |
| **Íslandsmót** | 3.171 | 2.874 | 2.738 | 2.521 | 2.353 | 2.489 | 2.175 | 2.175 | 2.277 |
| *- þar af deildarleikir karla* | *452* | *486* | *425* | *419* | *425* | *437* | *442* | *477* | *478* |
| *- þar af deildarleikir kvenna* | *135* | *147* | *135* | *105* | *112* | *157* | *132* | *130* | *126* |
| *- þar af aðrir leikir karla* | *1.880* | *1.657* | *1.641* | *1.535* | *1.431* | *1.471* | *1.253* | *1.226* | *1.351* |
| *- þar af aðrir leikir kvenna* | *704* | *584* | *537* | *462* | *385* | *424* | *348* | *342* | *322* |
| **Bikarkeppni meistaraflokks** | 76 | 87 | 83 | 75 | 74 | 78 | 72 | 76 | 77 |
| **Meistarakeppni** | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 4 |
| **Deildarbikarkeppni** | 159 | 159 | 148 | 138 | 131 | 130 | 119 | 119 | 117 |
| **Íslandsmót innanhúss** | 875 | 889 | 955 | 824 | 747 | 738 | 660 | 665 | 664 |
| **Pollamót** | 319 | 184 | 351 | 336 | 176 | 184 | 163 | 182 | 186 |
| **Hnátumót** | 142 | 73 | 99 | 132 | 107 | 83 | 52 | 66 | 89 |
| **Framhaldsskólamót** | 110 | 111 | 103 | 118 | 107 | 98 | 98 | 110 | 70 |
| **Leikir samtals:** | **4.926** | **4.438** | **4.535** | **4.213** | **3.753** | **3.860** | **3.393** | **3.456** | **3.559** |

Leikjum fjölgaði verulega frá fyrra ári eða um 491 leik. Aukninguna má alla rekja til leikja í yngri flokkum félaganna, en einnig var tekin upp að nýju úrslitakeppni í Polla- og Hnátumótum. Líklegt er að fjöldi leikja fari yfir 5.000 á árinu 2005, þegar nýr aldursflokkur kvenna bætist við. Á síðastliðnum 10 árum hefur leikjum fjölgað um rúmlega 54% - úr 3.189 leikjum árið 1995 í 4.926 leiki árið 2004. Tekið skal skýrt fram að fjöldi leikja er ekki einhlítur mælikvarði á umfang knattspyrnustarfsins.

## Skipulag móta

Skipulag á mótahaldi KSÍ miðast við heildarhagsmuni íslenskrar knattspyrnu. Í Landsbankadeild karla og VISA-bikarnum er tekið fullt tillit til A og U21-landsleikja, auk þess sem árleg þátttaka fjögurra félaga í Evrópumótum félagsliða setur mark sitt á niðurröðun leikja. Gert er ráð fyrir beinum sjónvarpssendingum, en samningar um þær skapa verulegar tekjur. Tekið er tillit til fjármála- og félagslegra þátta, m.a. áhorfenda, keppni í öðrum deildum karla og kvenna, starfs yngri flokka í eigin félagi, margra félaga á sama svæði, samnýtingu leikvalla, ferðalaga og varadaga vegna hugsanlegra frestana. Fyrrgreind atriði setja einnig mark sitt á niðurröðun lægri deilda karla. Í Landsbankadeild og VISA-bikar kvenna þarf að taka tillit til allra landsliða kvenna vegna lægri meðalaldurs leikmanna í meistaraflokki kvenna.

Undanúrslitaleikir og úrslitaleikur VISA-bikars karla 2004 voru leiknir eftir að Íslandsmóti lauk. Nokkur breyting var einnig gerð á niðurröðun í úrslitakeppni 3. deildar karla 2004 miðað við undanfarin ár.

Deildarbikarinn var leikinn með nákvæmlega sama fyrirkomulagi og árið áður. Óskir hafa komið fram um að heimila fleiri félögum að taka þátt í mótinu og hefur stjórn KSÍ samþykkt það fyrir mótið 2005.

## U23 flokkur karla

Sett var upp ný keppni í stað 1. aldursflokks, Íslandsmót karla fyrir leikmenn 23 ára og yngri, þar sem þó var heimilt að nota 4 eldri leikmenn. 18 félög tilkynntu þátttöku, en 2 hættu keppni eftir að mót var hafið. Nokkrar breytingar voru gerðar frá því sem verið hafði í 1. flokki og var nú keppt með deildarfyrirkomulagi, þannig að staða liða í meistaraflokki ræður ekki deilda- eða riðlaskiptingu (þó til bráðabirgða 2004). Reynt var að vanda betur til niðurröðunar mótsins m.t.t. leikja í deildum og 2. flokki. Dómarar leikjanna voru tilnefndir af KSÍ, en aðstoðardómarar komu frá heimafélagi. Mun meiri

festa var í hinu nýja móti, en því hafði verið stórlega ábótavant í 1. aldursflokki áður. Á framtíð mótsins mun reyna sumarið 2005.

**Aðsókn í Landsbankadeild karla**
Áhorfendur í Landsbankadeild karla 2004 voru alls 92.376 á 90 leikjum deildarinnar eða 1.026 áhorfendur að meðaltali á leik. Þetta var nánast sama aðsókn og árið áður og í þriðja sinn sem meðaltal áhorfenda fer yfir 1.000, en það gerðist áður árin 2003 og 2001. Eins og undanfarin ár komu flestir áhorfendur á KR-völl (1.591 að meðaltali), en heimaleikir FH voru ekki langt undan (1.574 að meðaltali). ÍA, Fram og Fylkir náðu einnig ágætri aðsókn eða yfir 1.100 að meðaltali á heimaleikjum. Fæstir áhorfendur voru að jafnaði á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum eins og áður (537 að meðaltali), en aðsókn jókst engu að síður. Flestir áhorfendur komu á viðureign FH og Fram í Kaplakrika í 17. umferð (3.225 manns), en fæstir komu á leik ÍBV og ÍA í 9. umferð (250).

| Landsbankadeild karla | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhorfendur samtals | 92.376 | 92.250 | 89.660 | 96.845 | 80.937 | 80.762 | 65.517 | 58.099 |
| Meðaltal á leik | 1.026 | 1.025 | 996 | 1.076 | 899 | 897 | 728 | 646 |

**Íslandsmót yngri flokka**
Aukinn fjöldi leikja á síðustu árum hefur leitt af sér verulega aukið starf í félögunum. Líklegt má telja að þessi þróun haldi áfram vegna vinsælda knattspyrnunnar. Erfitt reynist oft á tíðum að koma fyrir öllum leikjum á heimavöllum félaganna, þar sem aðstaða til keppni hefur ekki verið nægjanleg. Mikilvægt er þá að félögin skipuleggi vel starf sitt, fari yfir niðurröðun frá KSÍ og geri athugasemdir á réttum tíma. Alltof oft er farið fram á færslu leikja eftir að mótaskrá er komin út, sem getur valdið öðrum félögum óþægindum að ósekju, og voru slíkar breytingar um 600 árið 2004. Koma þarf meiri festu á þessi mál.

**Félög mæta ekki til leiks**
Eins og oft áður gerðist það að félög komu ekki til leiks í yngri flokkum og er þá beitt sektum skv. reglugerð. Gildar ástæður liggja oft að baki, en mikilvægt er að ráðamenn félaga sýni ábyrgð í þessum málum.

| | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku í móti | 33 | 32 | 34 | 31 | 30 | 27 | 27 | 41 |
| Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki | 11 | 7 | 16 | 12 | 25 | 15 | 10 | 11 |

**Skil á leikskýrslum**
Fjölmörg félög voru beitt sektum, þar sem leikskýrslum var ekki skilað til skrifstofu KSÍ innan tilskilinna tímamarka. Oft var um verulega upphæð að ræða, en samtals voru félögin sektuð um 242.000 krónur árið 2004 fyrir sein skil. Mikilvægt er og skynsamlegt að forráðamenn félaga hugi að þessu máli.

**Tölvuskráning úrslita**
Í upphafi sumars var bætt við mótakerfi KSÍ möguleika á að senda inn úrslit leikja með sms-skeyti. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á heimasíðu KSÍ og félögunum þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við almenning. Því miður nýttu of fá félög sér þessa tækni, en allmörg stóðu sig afburða vel og gripu tækifærið til að koma úrslitum og leikskýrslum á framfæri með skjótum og einföldum hætti.

**KRR-mót og Faxaflóamót**
KSÍ annast skipulagningu þessara umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Smávægileg fækkun varð á leikjum í mótum KRR þar sem Grunnskólamótið féll niður vegna verkfalls kennara.

| Fjöldi leikja | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KRR-mót | 2.075 | 2.104 | 1.753 | 1.295 | 1.139 | 1.053 | 982 |
| Faxaflóamót | 1.252 | 1.131 | 711 | | | | |

**Lokaorð**
Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála þakkar ánægjulegt samstarf við aðildarfélögin árið 2004.

Halldór B. Jónsson, formaður

## Þátttaka í mótum utanhúss 2004 - Fjöldi liða

| | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 63 | 62 | 55 | 53 | 52 | 55 | 57 | 59 | 64 |
| U23 karla | 16 | 16 | 16 | 12 | 12 | 14 | 9 | 9 | 10 |
| Eldri flokkur karla 30+ | 15 | 15 | 17 | 18 | 18 | 18 | 17 | 19 | 22 |
| Haukar | Sara Rakel Hlynsdóttir | 130990-2239 |
| HK | Berglind Glóð Garðarsdóttir | 050890-2799 |
| HK | Rut Arnfjörð Jónsdóttir | 210790-2179 |
| Huginn | Kristín Lind Ottósdóttir | 240990-3779 |
| ÍA | Hildur Jónsdóttir | 040590-3159 |
| ÍA | Steinunn Guðmundsdóttir | 090890-3019 |
| ÍBV | Fanndís Friðriksdóttir | 090590-3839 |
| ÍBV | Þórhildur Ólafsdóttir | 090990-3149 |
| KA | Guðný Vala Þorsteinsdóttir | 010290-3339 |
| KA | Karen Nóadóttir | 060290-3509 |
| Keflavík | Helena Rós Þórólfsdóttir | 210890-3869 |
| Keflavík | Rebekka Gísladóttir | 090590-3679 |
| KR | Arna Björk Björgvinsdóttir | 010790-3369 |
| KR | Dagmar Mýrdal Gunnarsdóttir | 280690-2019 |
| KS | Álfhildur Haraldsdóttir | 291190-3919 |
| KS | Díana Arnarsdóttir | 160990-2529 |
| Leiknir F. | Eydís Lilja Ólafsdóttir | 300190-3599 |
| Leiknir F. | Ríkey Jónsdóttir | 260690-2649 |
| Reynir S. | Guðbjörg Eva Guðjónsdóttir | 210190-2019 |
| Selfoss | Elsie Kristinsdóttir | 080590-3859 |
| Selfoss | Katrín Ýr Friðgeirsdóttir | 020190-3619 |
| Skallagrímur | Gunnhildur Hansdóttir | 090290-2909 |
| Skallagrímur | Íris Gunnarsdóttir | 150990-3279 |
| Stjarnan | Elín Ósk Ólafsdóttir | 180490-2059 |
| Stjarnan | Sunna Guðmundsdóttir | 310890-3599 |
| Tindastóll | Guðrún Sif Gísladóttir | 190690-3269 |
| Tindastóll | Svava Rún Ingimarsdóttir | 250890-2739 |
| Valur | Bergþóra Baldursdóttir | 020290-3669 |
| Valur | Thelma Björk Einarsdóttir | 110790-2799 |
| Víðir | Birna Ásbjörnsdóttir | 200790-3169 |
| Víðir | Gunnlaug Guðmundsdóttir | 070290-3599 |
| Víkingur R. | Berglind Bjarnadóttir | 120990-2419 |
| Víkingur R. | Helena Helgadóttir | 110390-2549 |
| Völsungur | Dagný Pálsdóttir | 100990-3269 |
| Völsungur | Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir | 300390-3239 |
| Þór | Eva Ásgrímsdóttir | 071190-3239 |
| Þór | Sóley Sigurðardóttir | 210890-3949 |
| Þróttur R. | Regína Einarsdóttir | 020290-2869 |
| Þróttur R. | Sóley Sveinsdóttir | 011090-3549 |

# Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu Björn Friðþjófsson formaður, Guðmundur Ingvason, Jakob Skúlason, Einar Friðþjófsson, Ómar Bragi Stefánsson, Birkir Sveinsson starfsmaður og Sigurður Ragnar Eyjólfsson starfsmaður. Nefndin hélt einn bókaðan fund á starfsárinu. Helstu útbreiðsluverkefni ársins var sparkvallaátak KSÍ og svo önnur smærri verkefni.

**Sparkvallaátak KSÍ**
Sparkvallaátaki KSÍ var ýtt úr vör á þessu starfsári, en um er að ræða stærsta útbreiðsluátak sem KSÍ hefur ráðist í. Stjórn UEFA ákvað í tilefni 50 ára afmælis síns að styrkja aðildarlönd sín um 1 milljón svissneskra franka til þess að byggja sparkvelli. Gerð var sú krafa að þau myndu margfalda styrkinn þannig að margir vellir yrðu lagðir í hverju landi. Með hjálp sjálfboðaliða, sveitarfélaga, Alþingis, Eimskipa, Olís, VÍS og KB banka áætlar KSÍ að byggðir verðir 59 sparkvellir um allt land fyrir árslok 2005. Á árinu sem leið voru byggðir 19 sparkvellir og árið 2005 er fyrirhugað að byggja 40 velli. Vellirnir eru staðsettir á skólalóðum til að reyna að ná til barna sem eru að jafnaði ekki að æfa knattspyrnu hjá aðildarfélögunum. Alls sóttu 60 sveitarfélög um 105 sparkvelli og því fengu ekki allir sem vildu, en vonandi gefst KSÍ tækifæri til að bæta við enn fleiri sparkvöllum í framtíðinni. Eyjólfur Sverrisson hefur umsjón með sparkvallaátaki KSÍ.

**Knattspyrnuleikur gegn hreyfihömluðum**
Stjörnulið KSÍ tók áskorun og lék gegn liði hreyfihamlaðra. Stjörnuliðið tapaði 9-1 í leik sem fór fram í íþróttahúsi ÍFR við Hátún og fékk mikla athygli fjölmiðla, enda um frábæra skemmtun að ræða. Leikurinn var liður í því verkefni að vekja athygli á málefnum hreyfihamlaðra á óhefðbundinn hátt og KSÍ vildi minna á að knattspyrna er fyrir alla. Í Stjörnuliði KSÍ spiluðu margar af okkar helstu stjörnum, jafnt karlar og konur, og bæði núverandi og fyrrverandi landsliðsfólk. Sigurður Ragnar Eyjólfsson hafði umsjón með leiknum fyrir hönd KSÍ.

**Viðurkenning fyrir grasrótarstarf**
UEFA ákvað í tilefni 50 ára afmælis sambandsins að veita viðurkenningu fyrir grasrótarstarf í öllum aðildarlöndum sínum. KSÍ ákvað að viðurkenningin hér á landi kæmi í hlut Ungmennafélagsins Skallagríms í Borgarnesi. Félagið hlaut viðurkenninguna fyrir KB-bankamótið sem haldið er fyrir félög frá byggðarlögum í landinu með færri en 2.000 íbúa. KSÍ telur þetta vera mikilvægt framlag fyrir útbreiðslu knattspyrnunnar í minni bæjarfélögum landsins. Aðalsteinn Símonarson, formaður knattspyrnudeildar Skallagríms tók við verðlaununum, viðurkenningarskjali og 50 boltum frá UEFA í höfustöðvum KSÍ.

**Heilsu- og hvatningardagar ÍSÍ**
Stúlkur úr kvennalandsliðum Íslands mættu í landsliðstreyjum og buðu gestum í Vetrargarði Smáralindar upp á veggspjöld, eiginhandaráritanir, knattþrautir og fleira. Börn fengu líka að reyna skothittni sína með því að sparka bolta í gegnum KSÍ dúkinn. Ólafur Guðbjörnsson og Úlfar Hinriksson höfðu umsjón með uppákomunni fyrir hönd KSÍ.

**Ýmis smærri útbreiðsluverkefni þjálfara og leikmanna**
Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari, fór í heimsókn á Höfn, gaf KSÍ-veggspjöld og ræddi þar við börn og unglinga um gildi knattspyrnuiðkunar. Markmiðið var að sporna við brottfalli úr knattspyrnu.

Grétar Rafn Steinsson, leikmaður ÍA, fór í heimsókn til Þórshafnar á vegum KSÍ og var þar á fótboltadögum til að hjálpa til við að efla knattspyrnuna á Þórshöfn.

Helena Ólafsdóttir, landsliðsþjálfari kvenna, fór í heimsókn í Knattspyrnuskóla Stjörnunnar ásamt leikmönnum úr A-landsliði kvenna.

Eyjólfur Sverrisson heimsótti 80 ára afmælishátíð Hvatar á Blönduósi, spjallaði við gesti og svaraði ótal spurningum áhugasamra knattspyrnuiðkenda á staðnum. Boðið var upp á knattþrautir fyrir krakkana.

Öllum sem komu að útbreiðslustarfi KSÍ á þessu starfsári með beinum eða óbeinum hætti eru færðar þakkir og starfsmönnum KSÍ eru færðar sérstakar þakkir.

Björn Friðþjófsson, formaður

# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2004: Lúðvík S. Georgsson, formaður, Ásthildur Helgadóttir, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt alls 8 bókaða fundi á starfsárinu.

Eftirfarandi mál voru efst á baugi í verkefnum mannvirkjanefndar:

Sparkvallaverkefni KSÍ var stóra verkefnið á mannvirkjasviðinu á árinu 2004. Stjórn UEFA veitti sérstöku afmælisfé til uppbyggingar sparkvalla í aðildarlöndum sínum og úthlutaði hverju landi 1 milljón svissneskra franka til þess. Með stuðningi Alþingis og fjögurra stórfyrirtækja tókst að koma þeirri upphæð sem varið yrði í verkefnið upp í um 150 miljónir króna. Eyjólfur Sverrisson var ráðinn til starfa hjá KSÍ síðla árs 2003, m.a. til að sinna þessu verkefni. Eftir allgóða umfjöllun hjá mannvirkjanefnd var ákveðið að miða við að vellirnir yrðu 18m x 33m að stærð og notað yrði gervigras af 3. kynslóð sem fullnægði staðli UEFA. Nýr bæklingur um sparkvelli var unninn og hann sendur til allra sveitarfélaga og aðila sem málið gæti varðað síðla vetrar. Í framhaldi af því var auglýst eftir umsóknum sveitarfélaga um þátttöku í verkefninu, þar sem gert var ráð fyrir að KSÍ sæi um kaup og lagningu á gervigrasinu en sveitarfélögin um undirvinnu og rammann um vellina. Alls bárust umsóknir um 105 velli. Þá voru kaup og lagning á gervigrasinu boðin út og voru niðurstöður vel ásættanlegar. Þegar búið var að yfirfara og meta tilboðin reyndist hagstæðasti kosturinn vera gervigras frá *Polytan* í Þýskalandi. Í framhaldi af því var gengið til samninga við *Polytan*, og gert ráð fyrir að vellirnir yrðu lagðir á árunum 2004 og 2005. Niðurstöðurnar þýddu að hægt var að úthluta a.m.k. 60 sparkvöllum, sem var mjög viðunandi niðurstaða, og fengu langflest sveitarfélög sem um sóttu a.m.k. einn sparkvöll og þau stærstu fleiri. Alls voru svo lagðir 20 vellir sl. sumar, 19 voru hluti af þessu verkefni en 1 var sérstakur gjafavöllur UEFA. Þeir vellir sem hafa verið byggðir af KSÍ þykja hafa tekist ákaflega vel og nýting þeirra er mikil. Gert er ráð fyrir að afgangurinn verði lagður sumarið 2005. Það er ekki of djúpt í árina tekið að segja að almenn ánægja sé með framkvæmd þessa verkefnis, innan knattspyrnuhreyfingarinnar, meðal almennings og hjá sveitarfélögunum.

Í lok mars var haldinn hér fundur norrænu gervigrasnefndarinnar og í tengslum við það haldið opið málþing um gervigras á knattspyrnuvöllum. Geysigóð aðsókn var að því, eða um 60 manns, sem sýnir hve áhuginn er mikill fyrir þessu málefni. Töluverðar umræður urðu að loknum framsögu-erindum. Þá var tekið á móti sendinefnd frá Færeyjum sem kom til að skoða uppbyggingu knattspyrnuhúsa á Íslandi.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan var ófullnægjandi.

Aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar knattspyrnumannvirki var áfram eitt af meginmálum ársins. Þar var unnið að því hvernig skuli standa að vottun mannvirkjanna og lögð hefur verið fram vinnuáætlun um slíkt. Þá er verið að skoða staðla um flóðljós og hvernig þeir eiga við á Íslandi. Loks hefur verið unnin forvinna að gerð flóttaáætlana á Laugardalsvelli sem ætlunin er að yfirfæra á aðra velli í Landsbankadeildinni eftir því sem ástæða er til.

Auk þessara verkefna hefur mannvirkjanefnd KSÍ verið til ráðgjafar ýmsum félögum vegna framkvæmda tengdum félagssvæðum þeirra, t.a.m. á Húsavík, Seltjarnarnesi og í Garðabæ, og við val á gervigras á nýja æfingavelli Fram, Fylkis og KR í Reykjavík. Síðla sumars voru hin glæsilegu knattspyrnumannvirki í Garðabæ vígð, flóðlýstur keppnisvöllur lagður gervigrasi frá *Fieldturf* sem uppfyllir gæðastaðla UEFA ásamt áhorfendastúku fyrir um 1000 manns, auk æfingasvæðis og tveggja sparkvalla með sama gervigrasi.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á árinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

# Heiðursviðurkenningar KSÍ

## Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

| Nafn | Félag | Merki |
|---|---|---|
| Eyjólfur Gíslason | Víðir | Gull |
| Guðmundur S. Maríasson | Leiknir R. | Silfur |
| Gunnar Sigurðsson | ÍA | Heiðurskross |
| Hlynur Stefánsson | ÍBV | Silfur |
| Ingvar Viktorsson | FH | Silfur |
| Ólafur Jóhannesson | FH | Silfur |
| Sigurjón Sigurðsson | KSÍ | Heiðurskross |

## Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu FIFA eða UEFA á árinu:

### 100 ára afmælisviðurkenning FIFA fyrir langt og farsælt sjálfboðaliðastarf

| Nafn | Félag |
|---|---|
| Albert Eymundsson | Sindri |

### 50 ára afmælisviðurkenning UEFA fyrir langt og farsælt sjálfboðaliðastarf

| Nafn | Félag |
|---|---|
| Ásgeir Ármannsson | Víkingur R. |
| Guðjón Guðmundsson | ÍA |
| Jóhann Ólafsson | ÍBV |
| Konráð Kristinsson | Breiðablik |

# Kærur og úrskurðir

**Mál nr. 1**

**Knattspyrnudeild Fjölnis**
**gegn**
**Knattspyrnudeild ÍR**

*Kæra Fjölnis*
**Dómkröfur**
Leikur Fjölnis og ÍR í 3. flokki karla B-liðum sem fram fór 7. apríl 2004 verði dæmdur Fjölni í vil 3-0 og þar með tapaður fyrir ÍR.

**Málavextir**
5 leikmenn ÍR, sem hófu leik liðanna í A-liðum léku allan leik B-liðanna. Þessir leikmenn eru: Eyjólfur A. Eyjólfsson, Hafliði Hafliðason, Ragnar Másson, Stefán Möller og Tryggvi Þ. Jóhannesson.

**Lagarök**
Brot á reglum KSÍ 2.1 um takmörkun á hlutgengi og reglu 3.9.4.1.

**Röksemdir**
Umræddir leikmenn voru ólöglegir með B-liði ÍR, þar sem
a) þeir hófu A-liðs leik liðanna og
b) byrjuðu allir inn á í A-liðs leiknum en voru ekki varamenn.

Þetta eru brot á þeim reglum sem vísað er í hér að ofan og óviðunandi og ósanngjörn framkoma við leikmenn B-liðs 3. flokks karla hjá Fjölni.

Þar sem páskar hófust strax daginn eftir og leikskýrslurnar sem notaðar eru sem sönnunargögn fóru ekki inn á netið fyrr en 16. apríl 2004, var ekki unnt að vinna þessa kæru fyrr. Við teljum þó að við séum innan tímarammans þar sem dagurinn í dag er 5. virki dagurinn frá leikjunum.

**Sönnunargögn**
Sjá meðfylgjandi gögn send voru til KSÍ á faxi.

*Virðingarfyllst,*
*f.h. knattspyrnudeildar Fjölnis*
*Guðjón Ármann Guðjónsson*

*Úrskurður Dómstóls KSÍ*
Ár 2004, fimmtudaginn 29. apríl er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnanesi. Fyrir er tekið mál nr.1/2004 Fjölnir, knattspyrnudeild, gegn ÍR. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur.

**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 19. apríl sl. Kærandi er Ungmennafélagið Fjölnir. Kærði er knattspyrnudeild Íþróttafélags Reykjavíkur. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ þann 20. júlí sl.

**Dómkröfur kæranda**
Kærandi krefst þess að úrslit leiks Fjölnis og ÍR í B-liðum 3. flokks karla sem fram fór þann 7. apríl sl. verði dæmd ógild og kæranda dæmdur sigur í leiknum 3-0.

Kærði hefur ekki látið málið til sín taka.

**II.**
Dómari málsins ákvað að láta það sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Kærða var gefinn kostur á að tjá sig um málið en það hefur hann ekki gert. Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar um knattspyrnumót, greina 2.1. og 3.9.4.1. og telur að leikmenn kærða, þeir, Eyjólfur A. Eyjólfsson, Hafliði Hafliðason, Ragnar Másson, Stefán Möller og Tryggi Þ. Jóhannesson hafi verið óhlutgengir með liði kærða í þessum umrædda leik.

**III. Niðurstaða**
Að framan er rakið að kærði hefur ekki látið málið til sín taka og er því rétt að líta svo á að hann telji að fullyrðingar kæranda sé réttar þess efnis að framangreindir leikmenn, sem allir hófu leik með A-liði kærða fyrr um daginn séu réttar. Hafi þeim því verið óheimilt að leika með B-liði kærða í umræddum leik. Samkvæmt ákvæðum greinar 4.3 í sömu reglugerð skal dæma leikinn tapaðan kærða með markatölunni 0-3. Verða kröfur kæranda því teknar til greina. Þrátt fyrir orðalag reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót greinar 4.4.3 hafa komið fram upplýsingar hjá skrifstofu KSÍ sem leiða að mati dómara til þess að greiðsla sektar til KSÍ er felld niður.
Gunnar Guðmundsson, dómari í Knattspyrnudómstóli KSÍ kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð**
Íþróttafélag Reykjavíkur telst hafa tapað leik gegn Ungmennafélaginu Fjölni í B-liðum 3. flokks karla sem fram fór 16. apríl 2004 með markatölunni 0-3. Sektargreiðsla fellur niður.

*Gunnar Guðmundsson*

**Mál nr. 2**

**Knattspyrnudeild Hamars**
**gegn**
**Knattspyrnudeild UMFH**

*Kæra Hamars*
Gerð er krafa um að leikurinn sé dæmdur 0-3 Hamri í vil.

**Málavextir**
Í leik UMFH og Hamars í VISA-bikarkeppni KSÍ þann 18. maí 2004 kom leikmaðurinn Árni Baldvin Ólafsson við sögu. Hann kom inn á á 82. mín. Árni er samkvæmt félagaskrá KSÍ skráður í lið Stjörnunnar.

**Lagarök**
Vísað er í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna – félagaskipti innanlands og hlutgengi.

**Röksemdir**
Samkvæmt lögum um hlutgengi leikmanna og félagaskipti, ber leikmanni að hafa félagaskipti lágmark degi fyrir leik síns nýja félags.

1. Árni Baldvin tók þátt í leik UMFH og Hamars þann 18. maí, sjá skjal 1, leikskýrslu umrædds leiks.
2. Árni Baldvin er skráður í Stjörnuna skv. útskrift úr félagakerfi KSÍ. Sjá skjal 2.

**Sönnunargögn**
1. Skjal 1 – leikskýrsla leiksins UMFH-Hamar þann 18. maí 2004 í VISA-bikarnum.
2. Skjal 2 – Útskrift úr félagakerfi KSÍ dags. 21. maí 2004.

*Virðingarfyllst,*
*Valdimar Hafsteinsson*
*formaður knattspyrnudeildar Hamars*

*Greinargerð UMFH*
Varnir okkar byggjast á að umræddur leikmaður hefur ekki verið viðriðinn Stjörnuna frá árinu 1996, þar sem hann lék í 2. flokki. Á hann engan leik með meistaraflokki. Vottun Stjörnunnar um heimild til félagaskipta og að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu fylgir hér fyrir neðan. Einnig munum við fá vottorð Stjörnunnar sem sýnir að umræddur leikmaður hefur ekkert tekið þátt í starfi eða keppni á vegum félagsins síðustu 8 ár. Eftir það hefur hann stofnað lið í utandeild árið 2001 og er hann þar skráður stofnandi og leikmaður knattspyrnufélagsins FC Fame, kt 440403-2390. Gögn um þetta er hægt að fá staðfest hjá Hagstofu Íslands sem og Bjarna Gauki Þórmundssyni, mótsstjóra utandeildarinnar síðustu 3 ár.

Ætlun UMFH var aldrei að tefla fram ólöglegum leikmanni og getur starfsfólk KSÍ vottað ætlun og verk forsvarsmanna UMFH í þessu sambandi er verið var að vinna félagaskiptin fyrir mótið. Við munum einnig bera fram þá ósk, ef kæra þessi dæmist okkur í óhag, að sekt verði felld niður. Farið var í þessa keppni með góðri trú um að allir leikmenn væru löglegir og með það í huga að efla knattspyrnustarf á Flúðum, þar sem öflugt ungmennastarf er í gangi í dag, skv. 4. grein c-liðs laga KSI að vinna að eflingu knattspyrnu i landinu.

*Virðingafyllst,*
*f.h. UMFH*
*Ingi Björn Ágústsson*

*Úrskurður Dómstóls KSÍ*
Ár 2004, fimmtudaginn 27. maí er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Hilmari Gunnlaugssyni, að Lagarási 4, Egilsstöðum. Fyrir er tekið mál nr. 2/2004, Knattspyrnudeild Hamars gegn knattspyrnudeild UMFH. Í málinu er kveðinn upp svofelldur úrskurður.

**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 25. maí sl. Kærandi er knattspyrnudeild Hamars, Pósthólf 134, 810 Reykjavík. Kærði er UMFH, knattspyrnudeild. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ þann 25. maí sl.

**Dómkröfur**
Kærandi krefst þess að úrslit leiks sem fram fór á milli kæranda og kærða í VISA bikarkeppni KSÍ þann 18. maí 2004, verði dæmdur tapaður UMFH og lokatölum breytt í 0-3 Hamri í vil. Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda. Til vara krefst kærði þess að fari svo að fallist verði á kröfu kæranda, þá verði kærða ekki gert að sæta sekt.

**II.**
Formaður dómsins ákvað að láta málið sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu og það hefur hann gert. Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna - félagaskipti innanlands og hlutgengi. Kærandi byggir kröfu sína á því að kærði hafi notað ólöglegan leikmann í nefndum leik liðanna. Árni Baldvin Ólafsson hafi verið skráður í Stjörnuna, Garðabæ, þegar leikurinn fór fram. Kærði heldur því fram að leikmaður sá er málið varðar hafi ekki verið viðriðinn Stjörnuna frá árinu 1996, þar sem hann lék í 2. flokki. Hefur kærði lagt fram yfirlýsingu framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Stjörnunnar. Þá hefur kærði bent á að leikmaðurinn hafi verið stofnandi utandeildarliðs og leikmaður með því.

**III. Niðurstaða**
Í málinu er ekki um það deilt að á þeim tíma sem umþrættur leikur fór fram var Árni Baldvin Ólafsson skráður í Stjörnuna, Garðabæ, í gagnagrunni KSÍ. Á því virðist byggt af hálfu kærða, að ekki hafi verið nauðsynlegt að framkvæma félagaskipti, þar sem leikmaðurinn hafði ekki leikið með Stjörnunni í meistaraflokki og ekkert síðan 1996. Í yfirlýsingu framkvæmdastjóra Stjörnunnar virðist gefið í skyn að félagaskiptaferli hafi farið af stað vegna þessa leikmanns og jafnvel að því hafi verið skilað inn til skrifstofu KSÍ. Í málinu liggur tölvupóstur frá skrifstofu KSÍ til fyrirsvarsmanns kærða, dags. 15. maí 2004, þar sem fram kemur að þartaldir leikmenn hafi fengið keppnisleyfi með UMFH frá og með 15. maí 2004. Árni Baldvin Ólafsson er ekki meðal þeirra sem þar eru taldir upp. Reglur KSÍ um hlutgengi

leikmanna eru skýrar. Í 1. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna segir að hlutgengir séu til þátttöku í knattspyrnumótum leikmenn, sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir keppa með, eigi síðar en degi áður en kappleikur fer fram. Þegar leikmenn hafa gerst félagar í félagi, verða þeir að skipta um félag með sérstakri tilkynningu til skrifstofu KSÍ, undirritaðri af þar tilgreindum aðilum. Undantekningin frá reglunni á við um leikmenn yngstu flokka og kemur ekki til skoðunar í þessu máli.

Af framansögðu og reglum KSÍ leiðir, að leikmaðurinn Árni Baldvin Ólafsson var ekki hlutgengur með liði UMFH í hinum kærða leik við Hamar. Breytir þar engu þó það hafi ekki verið ætlun UMFH að nota óhlutgengan leikmann. Með vísan til 1. mgr. 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, verður að dæma leikinn tapaðan fyrir kærða, 0-3. Varakrafa kærða fjallar um niðurfellingu sektar. Í 3. mgr. 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir að lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000. Að teknu tilliti til niðurstöðu málsins, málsatvika og aðstæðna að öðru leyti, þykir rétt að dæma kærða til greiðslu á kr. 12.000 í sekt.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari í Knattspyrnudómstóli KSÍ, kveður upp dóm þennan.

**Úrskurðarorð**
UMFH telst hafa tapað leik gegn Hamri í VISA-bikarkeppni karla, meistaraflokki, sem fram fór 18. maí 2004 með markatölunni 0-3. Kærði, UMFH, greiði kr. 12.000 í sekt.

*Hilmar Gunnlaugsson*

## Mál nr. 3

## Knattspyrnufélag Hafnafjarðar (ÍH)
## gegn
## Knattspyrnudeild ÍR

*Kæra ÍH*

**1. Dómkröfur**
Íþróttafélag Hafnarfjarðar fer fram á að geta nýtt sér ákvæði 3. greinar laga dómstóla Knattspyrnusambands Íslands þar sem fram kemur *"rétt til ákæru hefur hver sá, einstaklingur sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls"* Íþróttafélag Hafnarfjarðar fer fram á að leikur í VISA-bikarkeppni KSÍ, sem háður var þriðjudaginn 1. júní á móti ÍR, verði dæmdur ÍH í hag 3-0 vegna ólöglegrar leikmannsskiptingar ÍR. Í umræddum leik var fjórða leikmanni ÍR skipt inn á þrátt fyrir að reglur segi til um að eingöngu sé hægt að skipta inn á þremur leikmönnum.

**2. Málavextir**
Þriðjudaginn 1. júní kl. 20:00 var háður leikur í VISA-bikarkeppni KSÍ á Kaplakrikavelli. Liðin sem tóku þátt í leiknum voru ÍH frá Hafnarfirði og ÍR frá Reykjavík. Þjálfari ÍR, Heimir Karlsson og aðstoðarmenn hans sáu um leikmannaskiptingar fyrir hönd ÍR. Á 74. mínútu var Arnaldi Stefánssyni (290177-3249) skipt inn á í stað Kristjáns Ara Halldórssonar (210387-6099), en þá hafði þegar verið skipt inn á 3 leikmönnum hjá ÍR, þeim Brendan Mchahon (021280-xxxx) á 45.mín, Erhad Mehic (070584-xxxx) á 57. mín og Árna Guðmundssyni (290177-3249) á 66. mín. Þjálfari ÍH, Jón Kristjánsson, og liðsstjóri, Emil Austmann, bentu samstundis öðrum aðstoðardómara leiksins, Agli Sigurþórssyni á að gerð hafi verið mistök í leikmannsskiptingu, en þau tilmæli voru hunsuð, einnig gerðu þeir tilraunir til að láta dómara leiksins vita af mistökum en voru einnig hunsaðir. Eftir venjulegan leiktíma gat liðsstjóri náð sambandi við dómara þar sem hann lét vita af mistökum við leikmannsskiptingu. Dómari leiksins, Valgeir Valgeirsson, tjáði því næst liðsstjóra ÍH að hann "haldi að það sé leyfilegt að skipta inn á 5 leikmönnum" í framhaldi af þessum ummælum dómara þá var honum tjáð af forsvarsmönnum ÍH að þeir myndu fara eftir reglum KSÍ og skipta eingöngu inn á 3 leikmönnum.

**3. Lagarök**
Íþróttafélag Hafnarfjarðar vísar til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur í 1. grein um almenn ákvæði að *"Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum ÍSÍ, knattspyrnulögum KSÍ, Móta- og keppendareglum ÍSÍ, reglugerð þessari og starfsreglum*

*knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ".* Íþróttafélag Hafnarfjarðar vísar einnig í grein 3.2 um lögmæti kappleiks þar sem stendur að *"kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir reglum KSÍ og ÍSÍ"* ***Frávik frá þessu er eingöngu þegar um er að ræða leiki fyrir leikmenn yngri en 16 ára, vegna knattspyrnu kvenna, vegna knattspyrnu eldri leikmanna (eldri en 30) og vegna fatlaðra leikmanna.*** Íþróttafélag Hafnarfjarðar vísar einnig 23. grein laga KSÍ þar sem fram kemur að *"félagi sem tekur þátt í móti á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, dómarar, þjálfarar og forystumenn innan vébanda félagsins* ***virði lög og reglur KSÍ".*** Hér vísar Íþróttafélag Hafnarfjarðar til þess að bæði þjálfari og liðsstjóri ÍH hafi bent dómara og ÍR-ingum að það væri verið að brjóta reglur KSÍ varðandi leikmannsskiptingar og að ábendingum hafi verið ýtt til hliðar af dómara, aðstoðardómara og umsjónaraðilum ÍR. Hér er um brot á 23. grein af hálfu ÍR og dómara að ræða. Íþróttafélag Hafnarfjarðar vísar á Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur í grein 3.9.1 um meistaraflokk karla um skiptingar: ***"Heimilt er að setja þrjá varamenn inn á í leik. Í 3. deild er heimilt að setja alla (fimm) varamenn inn á leik".*** Íþróttafélag Hafnarfjarðar bendir á að ÍR hafi skipt inn á fjórða leikmanni sínum á 74. mínútu þrátt fyrir að reglugerðir KSÍ segi til um annað. Samkvæmt 5. grein um dómara í knattspyrnulögum KSÍ kemur fram um valdsvið dómara *"öllum leikjum er stjórnað af dómara, sem hefur full réttindi til að framfylgja knattspyrnulögunum í sambandi við leikinn, sem hann hefur verið skipaður til að dæma"* einnig kemur fram að *dómarinn hafi þær skyldur að framfylgja knattspyrnulögum og að hann hafi heimild til að "stöðva, fresta eða slíta leikjum vegna hvers kyns brota á knattspyrnulögum".* Íþróttafélag Hafnarfjarðar bendir á að dómari hafi farið gegn knattspyrnulögum KSÍ og gefið öðru liðinu leyfi til að skipta inn á fleiri en 3 leikmönnum. Einnig teljum við að dómari hafi getað stöðvað leikinn og á meðan hann aflaði sér nauðsynlegra upplýsinga, þegar honum var bent á þessi mistök.

**4. Röksemdir**

Eins og kom fram hér á undan þá gerir Íþróttafélag Hafnarfjarðar kröfu um að leikurinn verði dæmdur ÍH í vil 3-0 á eftirfarandi forsendum:

Leikmenn ÍR spiluðu einum manni færri frá 34. mínútu er Gunnari Hilmari Kristjánssyni var vísað af leikvelli. ÍR-leikmenn voru því einum manni færri það sem eftir lifði leiks. ÍR skipti inn á fjórða leikmanni sínum á 74. mín, rétt áður en ÍH jafnaði leikinn. ÍH telur að þar sem ÍR hafi verið einum færri hafi þeir fengið það forskot sem þurfti til að halda út leikinn, þegar ÍR skipti inn á fjórða leikmanni sínum og hafi því brotið gegn 23. grein laga KSÍ um skyldur félaga að þeir skuli fara eftir reglum og lögum KSÍ. Einnig þarf að hafa í huga að þar sem leikurinn fór í vítaspyrnukeppni að þrjár af fimm spyrnum ÍR voru teknar af leikmönnum sem komu inn á sem varamenn. Reglur KSÍ taka það skýrt fram að eingöngu eru leyfðar þrjár skiptingar í meistaraflokki karla, nema í 3. deild. ÍR braut augljóslega þessa grundvallarreglu og það er með ólíkindum að eins reynslumikill þjálfari og aðstoðarmenn hans skuli hafa hunsað þessa reglu. ÍH telur að það sé ekki hægt fyrir ÍR að fela sig á bak við þekkingarleysi á reglum þar sem ÍH sýndi fordæmi og fór eftir settum reglum KSÍ og hafi jafnframt reynt að leiðbeina ÍR og dómara um þeirra brot. Bæði ÍR og dómara var bent á þetta brot þegar það átti sér stað og því hafi ÍR átt að gera sér grein fyrir stöðunni, en þeir hafi ekki sýnt nein merki um að vilja breyta rétt. Þar sem ÍH fór eftir settum reglum ber að dæma þeim sigur í leiknum. Dómari leiksins, Valgeir Valgeirsson, fór ekki eftir settum reglum þegar fjórða leikmanni var hleypt inn á völlinn eins og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir til um. Í 5. grein knattspyrnulaga er skýrt tekið fram að dómara ber að fara eftir knattspyrnulögum, að valdsvið dómara sé bundið þeim reglum sem settar eru af KSÍ. Íþróttafélag Hafnarfjarðar telur með þessari kæru sé búið að sýna fram á að það hafi verið framið brot á knattspyrnulögum KSÍ og að forsvarsmenn ÍH hafi gengið fremstir í flokki við að leiðrétta það brot sem átti sér stað en verið hunsaðir af dómara og forsvarsmönnum ÍR. Íþróttafélag Hafnafjarðar hefur farið að lögum og reglum KSÍ og því skuli leikurinn vera dæmdur 3-0 ÍH í vil. Félagið telur að félögum og dómurum beri skylda til að kynna sér þau lög sem unnið er með í knattspyrnuhreyfingunni og að Dómstóll KSÍ eigi að sýna fram á það með því að leggja áherslu á að lið fari eftir settum reglum. KSÍ á ekki að leyfa það að knattspyrnulið geti falið sig á bak við "ég vissi ekki betur", refsingin að breyta úrslitum leiksins í 3-0 ÍH í vil er fullnægjandi að mati Íþróttafélags Hafnarfjarðar.

**5. Sönnunargögn**

Íþróttafélag Hafnarfjarðar vísar til leikskýrslu KSÍ frá leik ÍH og ÍR sem háður var þriðjudaginn 1. júní.

**6. Vitni**
Íþróttafélag Hafnarfjarðar getur leitt fram eftirfarandi vitni til staðfestingar á þeim orðaskiptum sem áttu sér stað við aðstoðardómara og dómara leiksins, en hér er verið að vísa til þess að þjálfari og liðsstjóri hafi reynt að benda dómara, aðstoðardómara og aðstandendum ÍR að um brot á knattspyrnulögum hafi átt sér stað.

Nafn: Jón Aðalsteinn Kristjánsson
Kennitala: 291177-3019
Heimilisfang: Klukkuberg 39

*Fyrir hönd Íþróttafélags Hafnarfjarðar,*
*Ingólfur Finnbogason formaður*

## *Greinargerð ÍR*

**Málsatvik**
Þriðjudaginn 1. júní 2004 fór fram leikur ÍH og ÍR á Kaplakrikavelli í bikarkeppni KSÍ. Upphaf leiksins var afar fjörugt og fast var leikið. Eftir 10 mínútna leik varð atvik þar sem einn leikmaður ÍR meiddist eftir samstuð við leikmann ÍH. Fór þá aðstoðarþjálfari ÍR inn á völlinn til að aðgæta meiðsli leikmannsins. Gerði hann þá athugasemd við leik ÍH-manna við ágætan dómara leiksins, Valgeir Valgeirsson. Í framhaldi af athugasemd aðstoðarþjálfarans sagði Valgeir við Magnús Þór Jónsson aðstoðarþjálfara og Óðinn Svansson sjúkraþjálfara að leyfðar væru 5 skiptingar í umræddum leik. Þetta kom þeim í opna skjöldu, enda reiknuðu þeir með að 3 skiptingar væru leyfðar í bikarkeppninni eins og í 2. deildinni þar sem ÍR leikur. Er flautað var til hálfleiks ítrekaði dómarinn það við aðstoðarþjálfara að fimm skiptingar væru leyfðar í umræddum leik. Að tveim skiptingum loknum fór fram umræða meðal þjálfara ÍR, Heimis Karlssonar og aðstoðarþjálfara hvort þeir hygðust nýta sér það að skipta inn á samkvæmt leyfi dómarans. Þegar ÍR gerði þriðju skiptingu sína spurði þjálfari því aðstoðardómara 1, Egil Arnar Sigþórsson, hvort það væri ekki algerlega á hreinu að möguleiki væri á tveimur skiptingum til viðbótar. Aðstoðardómarinn játaði því en kallaði til öryggis á dómara leiksins sem játti því og gaf þjálfurum beggja liða merki um það að leyfðar væru fimm skiptingar í umræddum leik. Að sama skapi gaf dómari leikmönnum beggja liða upplýsingar um það að fimm skiptingar væru leyfðar í umræddum leik. Um það bil 10 mínútum síðar urðu þjálfarar ÍR þess áskynja að leikmaður þeirra væri farinn að haltra og tóku því ákvörðun um að skipta fjórða leikmanninum inn á. Strax að því loknu komu forráðamenn ÍH til aðstoðardómara 1 og óskuðu eftir því að fá að sjá hverju margar skiptingar ÍR hefur gert. Þá ákvað liðsstjóri ÍR Björn Ragnar Gunnarsson, einnig starfsmaður KSÍ sem liðsstjóri yngri landsliða, að hafa samband við Birki Sveinsson, formann mótanefndar, þar sem hann vissi persónulega um símanúmer Birkis. Kom þá í ljós að dómarar leiksins höfðu gefið starfmönnum ÍR rangar upplýsingar. Vissulega brá þjálfara og aðstoðarþjálfara, enda verið í góðri trú að starfsmenn leiksins væru fróðari um reglur í bikarkeppni KSÍ en þeir sjálfir og aldrei nokkurn tímann ástæða til að draga það í efa að upplýsingar frá dómara og aðstoðardómara 1 væru rangar. Þannig háttaði til að grípa varð til framlengingar. Fór þá þjálfari ÍR til dómara í leikhléi fyrir framlengingu og gerði vinsamlega athugasemd við vinnubrögð þeirra. Að leik loknum varð strax ljóst að ÍH menn gerðu sér fyllilega grein fyrir mistökum dómaranna, gerðu enga athugasemd við þau og ætluðu sér strax að kæra, þökkuðu aðstoðarþjálfara ÍR t.d. fyrir leikinn með þeim orðum að þeir hefðu unnið leikinn.

**Vísan í knattspyrnulögin**
Í 5. grein knattspyrnulaganna segir um ákvarðanir dómarans:
"Úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins eru endanlegir. Dómarinn getur því aðeins breytt úrskurði sínum, komist hann að raun um að hann sé rangur eða fer að eigin mati eftir ráðleggingu aðstoðardómara, enda hafi hann ekki hafið leik að nýju". Í sömu grein segir nánar um starfssvið dómarans: "... sér um að enginn komi inn á leikvöllinn, sem ekki hefur til þess heimild".
Í samræmi við ofangreind atriði úr 5. grein knattspyrnulaganna er algerlega ljóst að ábyrgð mistaka í framkvæmd leiksins, sem að mati ÍR voru óumdeild en mannleg, liggur hjá dómara og fyrri aðstoðardómara.

**Niðurlag**
Fimmtu grein knattspyrnulaganna telur ÍR vera grundvöll starfssviðs dómara. ÍR telur ljóst að eftir henni verði skilyrðislaust að fara í öllum atriðum. Ef á að draga starf og ákvarðanir dómarans í efa varðandi útfærsluatriði leiksins er farið út á hálan ís. Dómari er stjórnandi hvers leiks og verður að hafa leyfi til að gera mistök. Mistök þjálfarateymis ÍR í umræddum leik voru þau að treysta dómurum leiksins algerlega fyrir því að þekkja reglur keppninnar og fylgja leiðbeiningum þeirra. Allar gerðir þeirra í umræddum leik voru í góðri trú og á engan hátt ætlan þeirra að ræna leikmenn eða félög sigri á óheiðarlegan hátt.
Starfsmenn ÍR í umræddum leik, Heimir Karlsson, Magnús Þór Jónsson, Björn Gunnarsson og Óðinn Svansson, hafa verið þekktir fyrir prúðmennsku á vellinum í gegnum tíðina. Stefna félagins er sú að ákvarðanir dómara séu óumdeildar og til að fara eftir. Ef starfsmenn félagsins eiga að efast um þær ákvarðanir, hvort sem um er að ræða t.d. leyfilegan fjölda skiptinga eða brottvísun, telur félagið íþróttina vera komna út á hálan ís. Ef dæma á félag fyrir að starfsmenn þess hafi farið eftir reglum sem dómari knattspyrnuleiks fór eftir er hætta á því að slæmt fordæmi hafi verið sett sem dragi verulega úr valdi dómara til að stjórna leik.

**Krafa ÍR**
Í ljósi framangreindra málsatvika er krafa ÍR sú að farið verði að knattspyrnulögum og kærunni verði vísað frá og úrslit leiksins standi óbreytt.

*Fyrir hönd knattspyrnudeildar ÍR,*
*Bragi Björnsson, formaður meistaraflokksráðs knattspyrnudeildar ÍR*

### *Úrskurður Dómstóls KSÍ*
Ár 2004, laugardaginn 5. júní, er dómþing haldið hjá Dómstóli KSÍ að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi, af Gunnari Guðmundssyni dómara. Fyrir er tekið málið nr. 3/2004: Íþróttafélag Hafnarfjarðar gegn Íþróttafélagi Reykjavíkur. Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi í réttinum. Enginn er mættur í réttinn. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur dómur.

**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 4. júní sl. Kærandi er Íþróttafélag Hafnarfjarðar (ÍH), kt. 460885-0199. Kærði er Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR), knattspyrnudeild, kt. 560284-5809. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ hinn 4. júní sl. Við skoðun á kærugögnum og nauðsyn á hraðri meðferð málsins hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að hafa megi hliðsjón af ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Með símbréfi sama dag var kærða gefinn sólarhringsfrestur til að skila greinargerð í málinu, en greinargerð kærða barst samdægurs. Dómkröfur kæranda eru að ÍH verði dæmdur sigur 3-0 í leik gegn ÍR sem fram fór í meistaraflokki karla þann 1. júní í VISA-bikarkeppni KSÍ 18. maí 2003. Dómkröfur kærða eru sýkna af kröfum sóknaraðila ÍH og að úrslit leiksins verði látin standa óhögguð.

**II. Málsatvik**
Kærandi, Íþróttafélag Hafnarfjarðar, lýsir málavöxtum svo: Þriðjudaginn 1. júní kl. 20:00 var háður leikur í VISA-bikarkeppni KSÍ á Kaplakrikavelli. Liðin sem tóku þátt í leiknum voru ÍH frá Hafnarfirði og ÍR frá Reykjavík. Þjálfari ÍR, Heimir Karlsson og aðstoðarmenn hans sáu um leikmannaskiptingar fyrir hönd ÍR. Á 74. mínútu var Arnaldi Stefánssyni (290177-3249) skipt inná í stað Kristjáns Ara Halldórssonar (210387-6099) en þá hafði þegar verið skipt inná 3 leikmönnum hjá ÍR þeim Brendan Mchahon (021280-xxxx) 45.mín, Erhad Mehic (070584-xxxx) á 57. mín og Árna Guðmundssyni (290177-3249) á 66. mín. Þjálfari ÍH, Jón Kristjánsson og liðsstjóri, Emil Austmann bentu samstundis öðrum aðstoðardómara leiksins, Agli Sigurþórssyni að það hafi verið gerð mistök í leikmannsskiptingu, en þau tilmæli voru hunsuð, einnig gerðu þeir tilraunir til að láta dómara leiksins vita að mistökum en voru einnig hunsaðir. Eftir venjulegan leiktíma gat liðsstjóri náð sambandi við dómara þar sem hann lét vita af mistökum við leikmannsskiptingu. Dómari leiksins, Valgeir Valgeirsson, tjáði því næst liðsstjóra ÍH að hann "haldi að það sé leyfilegt að skipta inn á 5 leikmönnum" í framhaldi af þessum ummælum dómara þá var honum tjáð af ÍH að þeir myndu fara eftir reglum KSÍ og skipta eingöngu inn á 3 leikmönnum.

**Lagarök kæranda**
Kærandi vísar til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur í 1. grein um almenn ákvæði að "Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum ÍSÍ, knattspyrnulögum KSÍ, Móta- og keppendareglum ÍSÍ, reglugerð þessari og starfsreglum knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ".

Kærandi vísar einnig í grein 3.2 um lögmæti kappleiks þar sem stendur: "Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir reglum KSÍ og ÍSÍ". Frávik frá þessu er eingöngu þegar um er að ræða leiki fyrir leikmenn yngri en 16 ára, vegna knattspyrnu kvenna, vegna knattspyrnu eldri leikmanna (eldri en 30) og vegna fatlaðra leikmanna.

Kærandi vísar einnig til 23. greinar laga KSÍ þar sem fram kemur að "félag sem tekur þátt í móti á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, dómarar, þjálfarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög og reglur KSÍ": Hér vísar Íþróttafélag Hafnarfjarðar til þess að bæði þjálfari og liðsstjóri ÍH hafi bent dómara og ÍR-ingum að það væri verið að brjóta reglur KSÍ varðandi leikmannaskiptingar og að ábendingum hafi verið ýtt til hliðar af dómara, aðstoðardómara og umsjónaraðilum ÍR. Hér er um brot á 23. grein af hálfu ÍR og dómara.

Kærandi vísar í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur í grein 3.9.1 um meistaraflokk karla um skiptingar: "... heimilt er að setja þrjá varamenn inn á í leik. Í 3. deild er heimilt að setja alla (fimm) varamenn inn á leik". Íþróttafélag Hafnarfjarðar bendir á að ÍR hafi skipt inn á fjórða leikmanni sínum á 74. mínútu þrátt fyrir að reglugerð KSÍ segi til um annað.

Samkvæmt 5. grein um dómara í knattspyrnulögum KSÍ kemur fram um valdsvið dómara að "öllum leikjum er stjórnað af dómara, sem hefur full réttindi til að framfylgja knattspyrnulögunum í sambandi við leikinn, sem hann hefur verið skipaður til að dæma". Einnig kemur fram að dómarinn hafi þær skyldur að framfylgja knattspyrnulögum og að hann hafi heimild til að "stöðva, fresta eða slíta leikjum vegna hvers kyns brota á knattspyrnulögum". Kærandi bendir á að dómari hafi farið gegn knattspyrnulögum KSÍ og gefið öðru liðinu leyfi til að skipta inn á fleiri en 3 leikmönnum. Einnig telur kærandi að dómari hafi getað stöðvað leikinn á meðan hann aflaði sér nauðsynlegra upplýsinga, þegar honum var bent á þessi mistök.

**Rökstuðningur kæranda**
Leikmenn ÍR spiluðu einum manni færri frá 34. mín er Gunnari Hilmari Kristjánssyni var vísað af leikvelli. ÍR-leikmenn voru því einum manni færri það sem eftir lifði leiks. ÍR skipti inn á fjórða leikmanni sínum á 74. mínútu, rétt áður en að ÍH jafnaði leikinn. ÍH telur að þar sem ÍR hafi verið einum færri hafi þeir fengið það forskot sem þurfti til að halda út leikinn, þ.e. þegar ÍR skipti inn á fjórða leikmanni sínum, og hafi því brotið gegn 23. grein laga KSÍ um skyldur félaga að þeir skuli fara eftir reglum og lögum KSÍ.

Einnig þarf að hafa í huga að þar sem leikurinn fór í vítaspyrnukeppni að þrjár af fimm spyrnum ÍR voru teknar af leikmönnum sem komu inn á sem varamenn. Reglur KSÍ taka það skýrt fram að eingöngu eru leyfðar þrjár skiptingar í meistaraflokki karla að undanskilinni 3. deild. ÍR braut augljóslega þessa grundvallarreglu og það er með ólíkindum að eins reynslumikill þjálfari og aðstoðarmenn hans skuli hafa hunsað þessa reglu.

Kærði telur að það sé ekki hægt fyrir ÍR að fela sig á bak við þekkingarleysi á reglum þar sem ÍH sýndi fordæmi og fór eftir settum reglum KSÍ og hafi jafnframt reynt að leiðbeina ÍR og dómara um þeirra brot. Bæði ÍR og dómara var bent á þetta brot þegar það átti sér stað og því hafi ÍR átt að gera sér grein fyrir stöðunni en þeir hafi ekki sýnt nein merki um að vilja breyta rétt. Þar sem ÍH fór eftir settum reglum ber að dæma þeim sigur í leiknum.
Dómari leiksins, Valgeir Valgeirsson, fór ekki eftir settum reglum, þegar fjórða leikmanni var hleypt inn á völlinn eins og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segja til um. Í 5. grein knattspyrnulaga er skýrt tekið fram að dómara ber að fara eftir knattspyrnulögum og að valdsvið dómara sé bundið þeim reglum sem settar eru af KSÍ.

Kærði telur að með þessari kæru sé búið að sýna fram á að það hafi verið framið brot á knattspyrnulögum KSÍ og að forsvarsmenn ÍH hafi gengið fremstir í flokki við að leiðrétta það brot sem átti sér stað en verið hunsaðir af dómara og forsvarsmönnum ÍR.

Kærði hefur farið að lögum og reglum KSÍ og því skuli leikurinn vera dæmdur 3-0 ÍH í vil. Félagið telur að félögum og dómurum beri skylda til að kynna sér þau lög sem unnið er með í knattspyrnuhreyfingunni og að Dómstóll KSÍ eigi að sýna fram á það með því að leggja áherslu á að lið fari eftir settum reglum. KSÍ á ekki að leyfa það að knattspyrnulið geti falið sig á bak við "ég vissi ekki betur". Refsingin að breyta úrslitum leiksins í 3-0 ÍH í vil er fullnægjandi að mati Íþróttafélags Hafnarfjarðar.

**III. Málsatvik**
Kærði, Íþróttafélag Reykjavíkur, kveður málsatvik hafa verið þau að dómari leiksins, Valgeir Valgeirsson, hafi snemma leiks tjáð aðstoðarþjálfara og sjúkraþjálfara ÍR að fimm varamönnum væri heimilað að taka þátt í leiknum. Þetta kom þeim í opna skjöldu, enda töldu þeir að reglan um þrjá varamenn gilti. Þegar ÍR setti þriðja varamann sinn inn á leikvöllinn, spurði þjálfari ÍR, Heimir Karlsson, aðstoðardómara 1, Egil Arnar Sigþórsson hvort það væri ekki algjörlega á hreinu að unnt væri að skipta inn á tveimur varamönnum til viðbótar. Aðstoðardómari játti því, en kallaði til öryggis á dómara leiksins sem samsinnti því og gaf þjálfurum beggja liða merki um að slíkt væri heimilt. Jafnframt gaf hann leikmönnum sömu upplýsingar.

Nokkru síðar skiptir ÍR fjórða varamanninum inn á, en forráðamenn ÍH óskuðu þá eftir upplýsingum hjá aðstoðardómara 1 um það hversu margir varamenn ÍR hefðu komið inn á leikvöllinn. Í sama mund hafði liðsstjóri ÍR samband við skrifstofu KSÍ og fékk þar upplýst að dómari leiksins hafði gefið starfsmönnum ÍR rangar upplýsingar. Þetta kom þjálfara og aðstoðarþjálfara ÍR í opna skjöldu, enda verið í góðri trú að starfsmenn leiksins væru fróðari um reglur í bikarkeppni KSÍ en þeir sjálfir og aldrei verið ástæða til að draga í efa að upplýsingar frá dómara og aðstoðardómara væru rangar. Að leik loknum varð strax ljóst að fulltrúar ÍH gerðu sér grein fyrir mistökum dómaranna, gerðu enga athugasemd við þau og ætluðu strax að kæra.

**Lagarök kærða:**
Í 5. grein knattspyrnulaganna segir um ákvarðanir dómara: *"Úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins eru endanlegir. Dómarinn getur því aðeins breytt úrskurði sínum, komist hann að raun um að hann sé rangur eða fer að eigin mati eftir ráðleggingu aðstoðardómara, enda hafi hann ekki hafið leikinn að nýju."*
Í sömu grein segir nánar um starfssvið dómara: "... *sér um að enginn komi inn á leikvöllinn, sem ekki hefur til þess heimild"*
Kærði telur í samræmi við ofangreind atriði í 5. grein knattspyrnulaganna algerlega ljóst að ábyrgð mistaka í framkvæmd leiksins, sem að mati kærða voru óumdeild en mannleg, liggi hjá dómara og aðstoðardómara 1.

**Röksemdir kærða**
Kærði telur 5. grein knattspyrnulaganna vera grundvöll starfssviðs dómara. Telur kærði að eftir henni verði að fara skilyrðislaust í öllum atriðum. Ef á að fara að draga starf og ákvarðanir dómara í efa varðandi útfærsluatriði leiksins er farið út á hálan ís. Dómari er stjórnandi hvers leiks og verður að hafa leyfi til að gera mistök. Mistök þjálfarateymis kærða voru þau að treysta dómurum leiksins algerlega fyrir því að þekkja reglur keppninnar og fylgja leiðbeiningum þeirra. Allar gerðir þeirra í umræddum leik voru í góðri trú og á engan hátt ætlan þeirra að ræna leikmenn eða félög á óheiðarlegan hátt. Starfsmenn kærða í umræddum leik hafa ætíð verið þekktir fyrir prúðmennsku á vellinum. Ef starfsmenn félagsins eiga að efast um þær ákvarðanir hvort sem um er að ræða t.d. leyfilegan fjölda skiptinga eða brottvísun telur félagið íþróttina vera komna út á hálan ís. Ef dæma á félag fyrir að starfsmenn þess fóru eftir reglum sem dómari knattspyrnuleiks fór eftir er hætta á því að slæmt fordæmi hafi verið sett sem dregur úr valdi dómara til að stjórna leik.

**IV. Niðurstaða dómsins**
Mál þetta snýst um túlkun á 5. grein knattspyrnulaga KSÍ. Upplýst er í málinu og því ómótmælt að dómari leiksins hafi heimilað þátttöku fjórða varamanns í umræddum leik ÍH og ÍR í VISA-bikarkeppni KSÍ sem háður var þann 1. júní sl. Slík þátttaka varamannsins brýtur gegn ákvæðum 3.9.1 í

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur um meistaraflokk karla: "heimilt er að setja þrjá varamenn inn á í leik." Í sömu grein segir jafnframt: "Í 3. deild er heimilt að setja alla (fimm) varamenn inn á leik". Óljóst er hver ástæða er fyrir slíkum misskilningi dómara, en benda má þó á að ÍH leikur í 3. deild, þar sem heimiluð er þátttaka fimm varamanna, og kann það að haft hér einhver áhrif. Í þessu sambandi er rétt að skoða orðalag 5. greinar knattspyrnulaga KSÍ í málsgreininni um ákvarðanir dómara, en þar segir: 'Úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins eru endanlegir."

Hér þarf að meta hvort sú ákvörðun dómara að leyfa fjórða leikmanni þátttöku í umræddum leik falli ekki undir það að teljast til atvika leiks. Þegar 5. greinin er skoðuð í heild sinni eru þar talin ýmis atriði sem falla undir starfsskyldur hans og teljast til atvika leiks. Þar kemur m.a. fram að hlutverk dómara er að sjá um "að enginn komi inn á leikvöllinn, sem ekki hefur til þess heimild". Verður því að telja að framangreind ákvörðun teljist til atvika leiks.

Í mótum á vegum íþróttahreyfingarinnar er hlutverk dómara að jafnaði mjög mikilvægt og ábyrgð að sama skapi. Snurðulaus framkvæmd slíkra móta byggist á ríku ákvarðanavaldi dómara leiksins og að úrskurðir hans varðandi viðkomandi leik eða keppni séu endanlegir. Sama gildir um knattspyrnudómarann. Dómurum eins og öðrum sem tengjast knattspyrnuleikjum geta orðið á mistök. Sé um það að ræða verður þeim mistökum að jafnaði ekki skotið til dómstóla.

Dómara þykir ennfremur rétt að benda á fordæmi hjá dómstólum knattspyrnuhreyfingarinnar frá septembermánuði 1981. Í leik ÍA og KR í 1. deild karla meiddist leikmaður og fór af velli. Í hans stað kom varamaður inn á. Þar sem hinn meiddi leikmaður fór af velli án heimildar dómara var honum refsað með rauðu spjaldi. Hins vegar láðist dómara að meina hinum leikmanninum þátttöku í leiknum, þannig að lið KR var skipað óhlutgengum leikmanni það sem eftir lifði leiks. KR var sýknað af kröfum ÍA og voru úrslit látin standa óbreytt.

Sama máli gegnir hér. Mistökum dómara verður ekki skotið til dómstóla. Framangreind ákvörðun dómara um að heimila þátttöku fjórða varamanns telst úrskurður varðandi atvik leiksins og er endanlegur. Af vísan til framanritaðs verður að hafna kröfum kærða, Íþróttafélags Hafnarfjarðar, og sýkna Íþróttafélag Reykjavíkur í þessu máli.

**Dómsorð**
Íþróttafélag Reykjavíkur er sýknað af öllum kröfum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar í þessu máli. Úrslit í leik félaganna sem fram fór þann 1. júlí sl. í VISA-bikarkeppni KSÍ skulu standa óbreytt. Þannig upplesið í réttinum að málsaðilum fjarstöddum.

*Gunnar Guðmundsson*

## *Áfrýjun ÍH*

**1. Dómkröfur**
Íþróttafélag Hafnarfjarðar fer fram á að geta nýtt sér ákvæði 11. greinar laga um Áfrýjunardómstól Knattspyrnusambands Íslands þar sem segir í 1. grein að "heimilt er að skjóta til Áfrýjunardómstóls KSÍ, dómum og úrskurðum Dómstóls KSÍ" varðandi mál 3/2004.
ÍH fer fram á að Áfrýjunardómstóll KSÍ skoði þá kæru og greinagerð sem liggur fyrir og dæmi leik ÍH og ÍR, sem háður var 1. júní 2004, 3-0 ÍH í vil á þeim forsendum að framkvæmd leiks hafi verið ólögleg þegar 4. varamanni var hleypt inn á völlinn. Til vara vill Íþróttafélag Hafnarfjarðar fara fram á að leikurinn verði leikinn aftur á þeim forsendum að framkvæmd leiks hafi verið ólögleg þegar fjórða varamanni var hleypt inn á völlinn.

Íþróttafélag Hafnarfjarðar leggur fram sér til stuðnings eftirfarandi lög og reglur frá KSÍ:
1. grein um reglugerðir KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur að "öll knattspyrnumót skulu fara fram samkvæmt lögum ÍSÍ, knattspyrnulögum KSÍ, móta- og keppendareglum ÍSÍ", reglugerð þessari og starfsreglum knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ".
3.2 grein um lögmæti kappleiks þar sem stendur "kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir reglum KSÍ og ÍSÍ. Frávik frá þessu er eingöngu þegar um er að ræða leiki fyrir leikmenn yngri en 16

ára vegna knattspyrnu kvenna, vegna knattspyrnu eldri leikmanna (eldri en 30) og vegna fatlaðra leikmanna.
23. grein laga KSÍ, "félagi sem tekur þátt í móti á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, dómarar, þjálfarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög og reglur KSÍ.
3.9.1 um meistaraflokk karla og skiptingar: "heimilt er að setja þrjá varamenn inn á í leik. Í 3. deild er heimilt að setja alla (fimm) varamenn inn á í leik."
5. grein um dómara í knattspyrnulögum KSÍ þar sem kemur fram um valdsvið dómara í leikjum "öllum leikjum er stjórnað af dómara, sem hefur full réttindi til að framfylgja knattspyrnulögum í sambandi við leikinn, sem hann hefur verið skipaður til að dæma", þar er meðal annars sérstaklega tekið fram að dómari eigi að fylgja knattspyrnulögum.

**Niðurstaða dómsins**
Mál þetta snýst um túlkun á 5. grein knattspyrnulaga KSÍ. Upplýst er í málinu og því ómótmælt að dómari leiksins hafi heimilað þátttöku fjórða varamanns í umræddum leik ÍH og ÍR í VISA-bikarkeppni KSÍ sem háður var þann 1. júní sl. Slík þátttaka varamannsins brýtur gegn ákvæðum 3.9.1. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur um meistaraflokk karla: "heimilt er að setja þrjá varamenn inn á í leik". Óljóst er hver ástæða er fyrir slíkum misskilningi dómara, en benda má þó á að ÍH leikur í 3. deild, þar sem heimiluð er þátttaka fimm varamanna, og kann það að haft hér einhver áhrif. Í þessu sambandi er rétt að skoða orðalag 5. greinar knattspyrnulaga KSÍ í málsgreininni um ákvarðanir dómara en þar segir: 'Úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins eru endanlegir."

Hér þarf að meta hvort sú ákvörðun dómara að leyfa fjórða leikmanni þátttöku í umræddum leik falli ekki undir það að teljast til atvika leiks. Þegar 5. greinin er skoðuð í heild sinni eru þar talin ýmis atriði sem falla undir starfsskyldur hans og teljast til atvika leiks. Þar kemur m.a. fram að hlutverk dómara er að sjá um "að enginn komi inn á leikvöllinn, sem ekki hefur til þess heimild". Verður því að telja að framangreind ákvörðun teljist til atvika leiks.

Í mótum á vegum íþróttahreyfingarinnar er hlutverk dómara að jafnaði mjög mikilvægt og ábyrgð að sama skapi. Snurðulaus framkvæmd slíkra móta byggist á ríku ákvarðanavaldi dómara leiksins og að úrskurðir hans varðandi viðkomandi leik eða keppni séu endanlegir. Sama gildir um knattspyrnudómarann. Dómurum eins og öðrum sem tengjast knattspyrnuleikjum geta orðið á mistök. Sé um það að ræða verður þeim mistökum að jafnaði ekki skotið til dómstóla.

Dómara þykir ennfremur rétt að benda á fordæmi hjá dómstólum knattspyrnuhreyfingarinnar frá septembermánuði 1981. Í leik ÍA og KR í 1. deild karla meiddist leikmaður og fór af velli. Í hans stað kom varamaður inn á. Þar sem hinn meiddi leikmaður fór af velli án heimildar dómara var honum refsað með rauðu spjaldi. Hins vegar láðist dómara að meina hinum leikmanninum þátttöku í leiknum, þannig að lið KR var skipað óhlutgengum leikmanni það sem eftir lifði leiks. KR var sýknað af kröfum ÍA og voru úrslit látin standa óbreytt.

Sama máli gegnir hér. Mistökum dómara verður ekki skotið til dómstóla. Framangreind ákvörðun dómara um að heimila þátttöku fjórða varamanns telst úrskurður varðandi atvik leiksins og er endanlegur. Af vísan til framanritaðs verður að hafna kröfum kærða, Íþróttafélags Hafnarfjarðar, og sýkna Íþróttafélag Reykjavíkur í þessu máli.

**Áfrýjunarrök Íþróttafélags Hafnarfjarðar**
Dómur KSÍ tekur eingöngu til hliðsjónar 5. grein knattspyrnulaga varðandi valdsvið dómara. Hér er dómurinn eingöngu að styðjast við atvik sem gerast á vellinum en ekki framkvæmd leiksins. Íþróttafélag Hafnarfjarðar bendir á að þau atriði sem gerast innan lagaramma og skyldu dómara eru flokkuð sem atvik í leik en þegar framkvæmd leiks er ólögleg er vísað til knattspyrnulaga eins og fram kemur í 3.2 grein um lögmæti kappleiks og 1. grein reglugerðar um knattspyrnumót.
Íþróttafélag Hafnarfjarðar vísar til 5. greinar knattspyrnulaga þar sem fram kemur um valdsvið dómara að "öllum leikjum er stjórnað af dómara, sem hefur full réttindi til að framfylgja knattspyrnulögum í sambandi við leikinn, sem hann hefur verið skipaður til að dæma". Í niðurstöðu dóms er vísað til þess að mistök dómara liggi í þeirri staðreynd að ÍH leikur í 3. deild og þar séu leyfðar 5 skiptingar og að það hafi orsakað misskilning dómara á reglum. Hér er dómurinn að viðurkenna að það hafi orðið mistök á framkvæmd leiks þegar leyfðar voru skiptingar á 4. leikmanni ÍR. Það er mikill greinarmunur

á bikarkeppni KSÍ og 3. deild í knattspyrnu og ber dómurum á vegum KSÍ að gera sér grein fyrir því. ÍH lék á móti liði í 2. deild og því er óhugsandi að að benda á mistök við framkvæmd leiksins sem misskilning dómara varðandi reglur KSÍ.

Dómurinn vísar ennfremur í 5. grein knattspyrnulaga þar sem fram kemur að "úrskurður dómara varðandi atvik leiksins eru endanlegir". Hér er verið að vísa í atvik í leiknum en ekki framkvæmd leiksins. Dómurinn vísar í mistök frá dómara sem hugsanlega getur gerst inni á vellinum eins og t.d. hvað varðar vítaspyrnur, aukaspyrnur og spjöld. Íþróttafélag Hafnarfjarðar vill taka fram að framkvæmd leiksins var ólöglega framkvæmd og ekki er verið að tala um einstakar ákvarðanir dómara leiksins. Það kemur skýrt fram í fyrrnefndri 5. grein að dómari hafi full réttindi til að framfylgja knattspyrnulögum í sambandi við leikinn og er þá ekki verið að vísa til atvika innan vallar og er enginn vafi á því að dómari braut þessi lög þegar hann fór gegn þeim og heimilaði skiptingu á fleirum en þremur leikmönnum.

Í dómsúrskurði kemur fram að það atvik að dómari hafi leyft skiptingu 4. leikmanns ÍR teljist vera atvik í leiknum þá vísar Íþróttafélag Hafnarfjarðar á að atvik í leik getur ekki verið flokkað sem mistök á framkvæmd leiks. Dómari hefur ekki heimild til þess að breyta lögum KSÍ, dómari hefur eingöngu heimild til þess að stjórna þeim leikjum samkvæmt knattspyrnulögum. Það segir í 5. grein knattspyrnulaga að "Dómari leiksins sér til þess að enginn komi inn á völlinn nema hann hafi til þess heimild". Hér er verið að vísa til þess að dómari gefi leyfi á skiptingar, gefi leyfi á að leikmenn komi inn á eftir að þeir hafi fengið aðhlynningu, gefi leyfi á að læknar megi koma inn á völlinn, en hér er ekki verið að vísa til þess að dómari geti ákveðið af eigin frumkvæði að leyfa fleiri skiptingar á meðan annað kemur fram í lögum KSÍ.

Dómsúrskurður vísar til þess að dómurum eins og öðrum sem tengjast knattspyrnuleikjum geti orðið á mistök. Sé um það að ræða verður þeim mistökum að jafnaði ekki skotið til dómstóla. Hér vísar dómurinn ekki til þess að framkvæmd leiks skuli vera röng heldur eingöngu til þess að atvik inni á knattspyrnuvelli falli undir valdsvið dómara. ÍH vill benda á að dómur KSÍ vísar eingöngu á atvik sem tengjast engan veginn framkvæmd leiks heldur er dómurinn eingöngu að miða við hefðbundin atvik sem eiga sér stað inn á knattspyrnuvelli eins og tekið er fram hér á undan.

Hvað varðar fordæmi sem dómur KSÍ nefnir þá er ekki hægt að miða við leik þar sem ekki er verið að ræða um skiptingar á 4. varamanni heldur er verið að nefna atvik í leik þar sem leikmaður yfirgaf völlinn án þess að fá heimild til. Atvik eins og að ljá þess að veita gult spjald eða rautt er atvik í leik og flokkast það undir valdsvið dómara. Hér er dómurinn að vísa til yfirsjónar dómara á atviki í leiknum en ekki rangrar framkvæmdar á leik sem er brot á lögum KSÍ.

Íþróttafélag Hafnarfjarðar vill taka fram að í dómi KSÍ hafi ekki verið tekið tillit til þess að ÍH hafi varið eftir lögum og reglum KSÍ. ÍH benti dómara leiksins á að það hafi farið fram ólögleg framkvæmd á leiknum en þau tilmæli voru hunsuð. ÍH bendir einnig á að þjálfari og leikmenn liðsins fóru eftir reglum KSÍ varðandi framkvæmd leikja og eigi því ekki að vera refsað fyrir það. Í gegnum tíðina hafa KSÍ og FIFA stuðlað að svokölluðu "fair play" kerfi þar sem það er lagt áhersla á að knattspyrnulið spili heiðarlega. Dómur KSÍ gerir lítið út á heiðarleika í niðurstöðu sinni og telur ÍH að þar hafi KSÍ farið gegn eigin sannfæringu.

Það er von Íþróttafélags Hafnarfjarðar að Áfrýjunardómstóll KSÍ taki mark á rökum sem hér hafa verið sett fram og dæmi leikinn/dóminn ógildan. ÍH fer fram á að leikurinn verði dæmdur ÍH 3-0 í vil á þeim forsendum að framkvæmd leiks hafi verið ólögleg. Til vara vill ÍH fara fram á að leikurinn verði leikinn aftur (endurtekinn).

*Fyrir hönd Íþróttafélags Hafnarfjarðar,*
*Ingólfur Finnbogason, formaður*
*Emil Austmann, framkvæmdarstjóri*

### *Úrskurður Áfrýjunardómstóls KSÍ*

Ár 2004, fimmtudaginn 10. júní kl. 10 árdegis kom Áfrýjunardómstóll KSÍ saman að Laugavegi 182 í Reykjavík. Dóminn skipuðu Jón Steinar Gunnlaugsson, Jón Gunnar Zoëga og Guðmundur Pétursson.

Tekið var fyrir málið nr. 1/2004: Íþróttafélag Hafnarfjarðar (ÍH) gegn ÍR, knattspyrnudeild. Áfrýjað er dómi Dómstóls KSÍ 5. júní 2004.

Í málinu var nú kveðinn upp svohljóðandi dómur:
Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi er það óumdeilt í málinu, að varnaraðili skipti með heimild dómara inná fjórða varamanni sínum í leik málsaðilanna 1. júní 2004. Það var óheimilt sbr. grein 3.9.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem segir, að heimilt sé að setja þrjá varamenn inn á í leik í meistaraflokki karla. Reglan á við í bikarkeppni KSÍ, en umræddur leikur var liður í henni. Í hinum áfrýjaða dómi er talið að um sé að ræða atriði sem dómari leiksins eigi endanlega ákvörðun um samkvæmt 5. gr. knattspyrnulaganna 2004. Á þetta er ekki unnt að fallast. Skyldur dómarans felast í því að stjórna leiknum og framfylgja knattspyrnulögunum við dómgæslu á vellinum. Regluna um fjölda varamanna er ekki að finna þar heldur í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og varðar skipan keppnisliða í kappleikjum en ekki framkvæmd leiksins sjálfs inn á vellinum. Þar sem í 5. gr. knattspyrnulaganna er sagt að dómari skuli sjá um að enginn komi inn á leikvöllinn, sem ekki hafi til þess heimild, er ekki verið að fjalla um leikmannaskiptingar, heldur almenna stjórnun dómara á því að aðrir en leikmennirnir, sem þátt taka í leiknum, komi ekki inn á völlinn meðan á honum stendur. Kærði hefur borið það fyrir sig, að hin ranga leikmannsskipting hafi mátt teljast réttlætanleg, þar sem dómari leiksins hafi gefið honum upplýsingar um að hún væri heimil. Ekki er unnt að fallast á þetta. Samkvæmt 23. grein laga KSÍ ber félagi, sem þátt tekur í móti á vegum KSÍ að sjá til þess að virt séu lög og reglur sambandsins, sbr. einnig grein 1.4.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kærði ber því ábyrgð á því að hafa ekki farið að réttum reglum við skiptingu leikmanna í leiknum. Verður að gera þá almennu kröfu til félaga, sem þátt taka í kappleikjum að fyrirsvarsmenn þekki efni þeirra reglna sem gilda um framkvæmd þeirra.

Með vísan til þessa er óhjákvæmilegt að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina og dæma, með hliðsjón af grein 4.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, leikinn unninn fyrir áfrýjanda ÍH með markatölunni 3:0. Það athugist að ekki voru skilyrði til að fara með mál þetta sem flýtimeðferðarmál fyrir Dómstól KSÍ samkvæmt 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Með því að kærði hefur látið þessu ómótmælt og ekki verður séð að hann hafi orðið fyrir réttarspjöllum af þessum sökum, er ekki ástæða til að láta þetta varða ómerkingu hins áfrýjaða dóms.

**Dómsorð**
Úrslit í leik ÍH og ÍR í bikarkeppni Knattspyrnusambands Íslands, sem fram fór á Kaplakrikavelli 1. júní 2004 skulu teljast hafa orðið 3:0 fyrir ÍH.

*Jón Steinar Gunnlaugsson*
*Jón Gunnar Zoëga*
*Guðmundur Pétursson*

**Mál nr. 4**

**Knattspyrnudeild Hattar**
**gegn**
**Knattspyrnufélagi KS**

*Kæra Hattar*

**Dómkröfur**
Þess er krafist að þrír leikmenn KS, í leik við Spyrni í Íslandsmóti, 3. fl. karla A-lið, sunnudaginn 6. júní kl. 13:00, á Siglufjarðarvelli, verði úrskurðaðir ólöglegir og að leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Spyrnis, 3-0.

**Málavextir**
Klukkan 11:30 sunnudaginn 6. júní fór fram leikur á Íslandsmóti 4. flokks karla, A-liða, milli KS og Hattar á Siglufjarðarvelli. Í liði KS voru leikmennirnir Ólafur G. Guðbrandsson kt. 300790-2599, nr. 10, Arnar G. Ásgeirsson kt. 200491-2119, nr. 7, og Grétar Bragi Hallgrímsson kt. 080890-5169, nr. 8, eins og fram kemur á leikskýrslu. Það athugist að skv. leikskýrslu fór þessi leikur fram kl. 14:40, en það er

ekki rétt, heldur fór hann fram kl. 11:30, eins og áður sagði. Leiknum lauk kl. 12:45. Fimmtán mínútum síðar, eða kl. 13:00 fór síðan fram annar leikur milli Spyrnis og KS, á Íslandsmóti 3. flokks karla, A-liða, á sama velli. Í liði KS voru sömu þrír leikmennirnir, virðast vera nr. 13, 14 og 15, en afrit gestaliðs er óskýrt hvað þetta varðar, en sést væntanlega vel á frumriti. Þessir þrír leikmenn byrjuðu leikinn sem varamenn, en Ólafur Guðbrandsson kom inn á á 65. mínútu.

**Lagarök**
Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 2.1.4. segir að enginn leikmaður megi taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema um sé að ræða leiki úr úrslitakeppni eða hraðkeppni, og þá einungis í einum aldursflokki. Í sömu reglugerð, grein 4.3.1, segir að lið sem mæti ólöglega skipað til leiks, teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

**Röksemdir**
Rök kæranda eru einfaldlega þau að þar sem KS hafi í þessu tilfelli teflt fram þremur ólöglegum leikmönnum í leiknum gegn Spyrni, skuli leikurinn teljast þeim tapaður, með vísan til ofannefndra reglugerðarákvæða. Enginn möguleiki er að segja til um það hvaða áhrif það hefði haft á leikinn ef þeim hefði ekki verið teflt fram. Tekið skal fram að leikurinn hjá 4. flokki átti að fara fram kl. 15:00 þennan dag, en var færður fram fyrir leik 3. flokks að ósk KS, vegna dagskrár sjómannadags-hátíðarhalda á Siglufirði. Á þetta féllust forsvarsmenn Hattar.

**Sönnunargögn**
Kærandi leggur fram afrit af leikskýrslum beggja þeirra leikja sem nefndir hafa verið. Jafnframt áskilur kærandi sér rétt til að koma að frekari gögnum um það að rangur leiktími hafi verið skráður á leikskýrslu 4. flokks, ef því verður haldið áfram af KS að sá leikur hafi raunverulega farið fram kl. 14:40, eins og kemur fram á skýrslu, en ekki kl. 11:30, eins og rétt er.

Kærandi telur ekki þörf á því að leiða vitni í málinu, nema ef því verður haldið fram af KS, að leikur 4. flokks hafi farið fram á eftir leik 3. flokks, kl. 14:40, en ekki kl. 11:30, eins og kærandi heldur fram.

*Virðingarfyllst,*
*f.h. Hattar, vegna Spyrnis - knattspyrnubandalags,*
*Helgi Jensson lögfræðingur*

***Greinargerð KS***
Knattspyrnufélag Siglufjarðar, kt. 700169-3839, krefst þess að kæru Hattar verði vísað frá vegna galla á framlagðri kæru. KS telur kæruna ekki rétt fram setta þar sem hún er lögð fram af Helga Jenssyni sem ekki er forráðamaður í neinu þeirra félaga er að Knattspyrnubandalagi Spyrnis stendur. Eins og fram kemur í kæru er kærandi Höttur, kt. 420786-1159 en enginn af forráðamönnum félagsins leggur fram kæruna. KS telur að rétt sé að forráðamenn allra félaga er standa að Knattspyrnubandalagi Hattar, Neista, Umf. Borgarfjarðar og Hugins þurfi að skrifa undir kæruna þar sem hún er lögð fram í nafni umræddra félaga. Jafnframt telur KS umrædda kæru byggða á grein í reglugerð um knattspyrnumót sem ætlað var að verja unga knattspyrnumenn fyrir of miklu álagi en tilgangurinn hafi aldrei verið sá að takmarka þátttöku yngri leikmanna með eldri flokkum eða takmarka þátttöku smærri félaga í Íslandsmóti 11 manna liða.

Til vara krefst KS þess að umræddur leikur verði leikinn aftur þar sem leiktíma var breytt án samráðs við mótanefnd KSÍ og ekki með samþykki mótanefndar. Í samræmi við grein 3.4.12 telst leikurinn því ógildur og skal leikinn aftur.

KS telur að tilgangur greinar 2.1.4. í reglugerð um knattspyrnumót sé sá að vernda unga leikmenn fyrir ofnotkun, þ.e. of miklu álagi. KSÍ hefur þegar tekið á þeim málum með öðrum hætti og má færa fyrir því rök að viðkomandi regla sé úrelt af þessum sökum. Telur KS að það hafi alls ekki verið tilgangur viðkomandi reglu að standa í vegi fyrir því að smærri félög geti sent 11 manna lið til þátttöku í Íslandsmóti, en eins og gefur að skilja eru yngri flokkar félaga á borð við KS frekar fámennir en þrátt fyrir það er reynt að taka þátt í Íslandsmótum í öllum flokkum. Augljóslega hefur umrædd þátttaka 3ja leikmanna úr 4. flokki í viðkomandi leik engin áhrif á gang leiksins og því síður niðurstöðu hans

enda voru viðkomandi leikmenn aðeins á varamannabekk en einn þeirra lék í 15 mínútur af leiknum. Verði félagi á borð við KS gert að sæta sektum og missa stig vegna þessa mun það tvímælalaust hafa áhrif á áframhaldandi þátttöku á Íslandsmóti 11 manna liða.

Knattspyrnufélag Siglufjarðar harmar að yngri leikmenn hafi verið nýttir til þess að vera varamenn í leik hjá 3. flokki en bendir hins vegar á að illmögulegt er að halda úti 11 manna liði yngri flokka hjá félaginu nema nýta alla þá leikmenn sem æfa hjá því. Forráðamenn KS gerðu sér strax grein fyrir því að þessir leikir 4. og 3. flokks væru sama dag en óskuðu ekki eftir breytingu þar sem ljóst var að þetta myndi henta Austfjarðaliðum betur og væri ákveðin hagræðing í því fólgin, fjárhagslega, fyrir Hött og Spyrni að flokkarnir væru að leika sama dag. Forráðamenn KS þekkja vel þann kostnað sem fylgir því að þurfa að leika á Austfjörðum og fyrir Austfjarðalið að leika hér á Norðurlandi og gerði því sitt til þess að minnka kostnað Hattar og Spyrnis, t.d. með því að bjóða endurgjaldslausa gistingu á Siglufirði.

Forráðamenn KS telja það í anda knattspyrnunnar að úrslit leiksins verði látin standa eða nýr leikur verði leikinn auk þess sem engar sektir falli á félagið vegna þessa. Það er skýrt markmið KS að halda úti öllum yngri flokkum og hefur félagið lagt mikinn metnað í að svo verði áfram. Er það að mati KS í anda íþróttarinnar að félagið verði sýknað af kröfum kæranda verði kæran tekin fyrir og úrslit leiksins látin standa enda höfðu umræddir leikmenn 4. flokks engin áhrif á leikinn, framgang hans eða niðurstöðu.

Ef frekari upplýsinga er óskað mun undirritaður fúslega veita þær.

*Virðingarfyllst,*
*Þórir Hákonarson, formaður KS*

### *Skriflegur málflutningur Hattar v/ knattspyrnubandalags Hattar, Neista, Ufm. Borgarfjarðar og Hugins, í 3. fl. karla - Spyrnis*

**Ávarp**
Virðulegi dómur. Hér á eftir fer málflutningur Hattar v/ Spyrnis, knattspyrnubandalags Hattar, Neista, Umf. Borgarfjarðar og Hugins, í 3. flokki karla.

**Ferill málsins**
Mál þetta er höfðað með kæru Spyrnis dags. 9. júní sl., og sem móttekin var þann 11. júní af skrifstofu KSÍ. Greinargerð KS er dagsett þann 14. júní sl. Mál þetta var þingfest þann 18. júní sl. og var þá ákveðið að málflutningur yrði skriflegur, og honum bæri að skila eigi síðar en kl. 10:00 miðvikudaginn 30. júní nk.

**Dómkröfur**
Ítrekaðar eru þær kröfur sem settar voru fram í kæru, að þrír leikmenn KS, í leik við Spyrni í Íslandsmóti, 3. fl. karla, A-lið, sunnudaginn 6. júní kl. 13:00, á Siglufjarðarvelli, verði úrskurðaðir ólöglegir, og leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Spyrnis, 3-0.

**Málavextir**
Vísað er til málavaxtalýsingu í kæru.

**Lagatilvísanir**
Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 2.1.4, segir að enginn leikmaður megi taka þátt í nema einum kappleik sama dag, og þá einungis í einum aldursflokki. Í sömu reglugerð grein 4.3.1. segir að lið sem mæti ólöglega skipað til leiks, teljast hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skuli sú markatala ráða.

**Andsvar við greinargerð KS**
Mótmælt er kröfu KS um frávísun málsins á þeim grundvelli að undirritaður sem lögmaður Spyrnis hafi ekki getað kært málið. Undirritaður kærir málið sem lögmaður Spyrnis en ekki sem forráðamaður þess, og ekki er vafi á því að í lögmannsumboði felst réttur til þess að kæra mál fyrir hönd

umbjóðanda, án þess að þurfa að leggja fram skriflegt umboð. Auk þess liggur frammi umboð sem dagsett er þann 15. júní sl., sem tryggir þetta ennþá frekar, og þar að auki er undirritaður ábyrgðarmaður Spyrnis skv. samningi um knattspyrnubandalagið, sem liggur hjá KSÍ en sendist með, til upplýsinga. Auk þess er bent á 5. gr. laga um Dómstól KSÍ, þar sem fram kemur að ef máli er vísað frá dómi hafi kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur til dómstólsins. Hefði dómari væntanlega vísað málinu frá við þingfestingu ef hann hefði talið umboð undirritaðs vafasamt.

Tekið er undir staðhæfingu KS um að tilgangur greinar 2.1.4 í reglugerð um knattspyrnumót sé að vernda leikmenn fyrir of miklu álagi, en því mótmælt að greinin eigi ekki við KS og þann leik sem hér er til umfjöllunar, af því að KS sé lítið félag, sem eigi fáa leikmenn í hverjum flokki. Greinin er afdráttarlaus, og óundanþæg nema að því er varðar úrslitakeppni eða hraðkeppni, og þá einungis í einum aldursflokki, og engin af þessum undanþágum á við hér. Greinin á því tvímælalaust við varðandi þrjá leikmenn KS, sem verða því að skoðast sem ólöglegir leikmenn.

Varakrafa KS er sú að leika skuli leikinn aftur. Þessari kröfu er mótmælt, einfaldlega vegna þess að leiktíma þess leiks sem kærður er, þ.e. 3. flokks, var ekki breytt. Hann var á dagskrá kl. 13:00, og þá var hann leikinn. Það var hins vegar leikur 4. flokks sem var færður fram fyrir leik 3. flokks og átti að vera kl. 15:00, en var færður fram til kl. 11:30, að ósk KS, vegna skipulags hátíðarhalda á degi sjómanna á Siglufirði. Á þetta var fallist af forráðamönnum Hattar, af tillitssemi við KS. Engin heimild er því til staðar til að endurtaka leikinn, vegna þess að leiktímanum var ekki breytt, né vegna þess að ólöglegir leikmenn tóku þátt í honum.

Staðhæfingar í greinargerð KS um að augljóst sé að hinir þrír ólöglegu leikmenn hafi engin áhrif haft á leikinn, er mótmælt. Ekkert liggur fyrir um þetta, og aldrei hægt að spá fyrir um hvað myndi hafa gerst ef eitthvað hefði verið öðruvísi. Þetta skiptir þó engu máli hér, því leikmennirnir voru jafn ólöglegir, sama hve mikil áhrif þeir kunna að hafa haft á leikinn.

Tekið skal fram vegna orða í greinargerð KS um greiðslu sekta, að engin krafa er frá Spyrni um að KS veðri gert að greiða sekt vegna hinna ólöglegu leikmanna.

KS er þakkað hugleiðingar um að spara kostnað fyrir Spyrni og Hött vegna leikja 3. og 4. flokks þennan dag, en tekið skal fram að um algerlega aðskilinn rekstur er að ræða á þessum flokkum, og í þessari ferð voru engin fjárhagsleg tengsl á milli flokkanna. 3. flokkur fór með rútu á Siglufjörð, en 4. flokkur fór með einkabílum. Aðalatriðið varðandi þetta er að hvorki Höttur né Spyrnir bað um neina slíka hagræðingu, sem komið hefði KS illa, og KS var í lófa lagið að biðja um þær breytingar sem þeir töldu sig þurfa, og hefði því örugglega ekki verið mótmælt. Gistingu fá liðin ókeypis á Egilsstöðum þegar þeir koma hingað að spila síðar í sumar.

Því er mótmælt að það sé " í anda knattspyrnunnar" að úrslit hins kærða leiks verði látin standa, eða það ákveðið að hann skuli leika aftur. Það er skýrt í þeim lögum og reglum sem um knattspyrnumót á vegum KSÍ gilda, hvernig taka ber á málum ef ólöglegir leikmenn eru notaðir, og eftir því ber að fara.

**Lagarök**
Rök kæranda eru einfaldlega þau að þar sem KS hafi í þessu tilfelli teflt fram þremur ólöglegum leikmönnum í leiknum gegn Spyrni í 3. flokki sunnudaginn 6. júní sl., skuli leikurinn teljast þeim tapaður 3-0 með vísan til ofannefndra reglugerðarákvæða. Engin lagaheimild er til að taka öðruvísi á kærunni og fjölmörg fordæmi til frá dómstólnum um að þannig beri að dæma í máli þessu.

**Niðurlag**
Að síðustu er tekið fram að undirritaður telur fram koma fulla sönnun um að ólöglegir leikmenn hafi verið notaðir í hinum kærða leik, enda er því ekki mótmælt af hálfu KS, og skv. þeim lögum sem um slíkt gilda beri að dæma Spyrni sigur í leiknum með markatölunni 3-0. Að svo mæltu eru allar fyrri kröfur og málsástæður ítrekaðar, bæði þær sem koma fram í þessum skriflega málflutningi, og í kæru og öðrum gögnum málsins og málið lagt í dóm.

*Virðingarfyllst,*
*f.h Hattar vegna Spyrnis, knattspyrnubandalags*
*Helgi Jensson, lögfræðingur*

*Úrskurður Dómstóls KSÍ*
Ár 2004, miðvikudaginn 30. júní er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Ásbirni Jónssyni, að Hafnargötu 29, Reykjanesbæ. Fyrir er tekið mál nr. 4/2004, Höttur vegna Spyrnis (knattspyrnubandalags Hattar, Neista, Umf. Borgarfjarðar og Hugins í 3. flokki karla), gegn Knattspyrnufélagi Siglufjarðar (KS).

Gögn málsins liggja frammi. Lagt er fram:
Nr. 6 Tilkynning til aðila um skriflegan málflutning og frestur til þess.
Nr. 7 Skriflegur málflutningur frá Spyrni dags. 26. júní 2004.

Kærði máls þessa skilaði ekki inn skriflegum málflutningi.

Ekki þykir ástæða til að láta frekari sönnunarfærslu fara fram fyrir dóminum. Er málið því tekið til dóms sem kveðinn verður upp hér á sama stað kl. 11:00 föstudaginn 2. júlí 2004.

**Dómur**
Ár 2004, föstudaginn 2. júlí er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Ásbirni Jónssyni, að Hafnargötu 29, Reykjanesbæ. Fyrir er tekið mál nr. 4/2004, Höttur vegna Spyrnis (knattspyrnubandalags Hattar, Neista, Umf. Borgarfjarðar og Hugins í 3 flokki karla) gegn Knattspyrnufélagi Siglufjarðar (KS).

**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 11. júní 2004. Kærandi er Spyrnir knattspyrnubandalag. Kærði er Knattspyrnufélag Siglufjarðar (KS). Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ þann 14. júní sl.

**Dómkröfur**
Kærandi krefst þess að þrír leikmenn KS, í leik við Spyrni í Íslandsmóti 3. fl. karla A-lið sunnudaginn 6. júní kl. 13.00 á Siglufjarðarvelli, verði úrskurðaðir ólöglegir og leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Spyrnis, 3-0. Kærði krefst þess að kæru Hattar verði vísað frá vegna galla á framlagðri kæru. Til vara krefst kærði þess að umræddur leikur verði leikinn aftur þar sem leiktíma var breytt án samráðs við mótanefnd KSÍ og ekki með samþykki mótanefndar.

**II. Málsatvik**
Kærandi, Spyrnir, lýsir málavöxtum svo: "Kl. 11:30, sunnudaginn 6. júní fór fram leikur í Íslandsmóti 4. flokks karla, A-lið, milli KS og Hattar, á Siglufjarðarvelli. Í liði KS voru leikmennirnir Ólafur G. Guðbrandsson kt. 300790-2599, nr. 10, Arnar G. Ásgeirsson kt. 200491-2119, nr. 7, og Grétar Bragi Hallgrímsson kt. 080890-5169, nr. 8, eins og fram kemur á leikskýrslu. Það athugist að samkvæmt leikskýrslu fór þessi leikur fram kl. 14:40, en það er ekki rétt, heldur fór hann fram kl. 11:30 eins og áður sagði. Leiknum lauk kl. 12:45. Fimmtán mínútum síðar, eða kl. 13:00 fór síðan fram annar leikur milli Spyrnis og KS, í Íslandsmóti 3. flokks karla A-lið, á sama velli. Í liði KS voru sömu þrír leikmennirnir og voru í liði 4. flokks 15 mínútum áður og eru áður taldir. Leikmennirnir virðast vera nr. 13, 14, og 15. Afrit gestaliðs er óskýrt hvað þetta varðar, en sést væntanlega vel á frumriti. Þessir þrír leikmenn byrjuðu leikinn sem varamenn, en Ólafur Guðbrandsson kom inn á á 65. mínútu."

Kærði, KS hefur ekki gert neinar athugasemdir um málavexti kæranda.

**Málsatvik og lagarök**
Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar KSÍ um að enginn leikmaður megi taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema um sé að ræða leiki í úrslitakeppni eða hraðkeppni, og þá einungis í einum aldursflokki. Í sömu reglugerð grein 4.3.1. segir að lið sem mæti ólöglega skipað til leiks, teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skuli sú markatala ráða.

Rök kæranda eru einfaldlega þau að þar sem kærði KS hafi í þessu tilfelli teflt fram þremur ólöglegum leikmönnum í leiknum gegn Spyrni, skuli leikurinn teljast þeim tapaður, með vísan til ofannefndra reglugerðarákvæða. Enginn möguleiki er að segja til um það hvaða áhrif það hefði haft á leikinn ef

þeim hefði ekki verið teflt fram. Tekið skal fram að leikurinn hjá 4. flokki átti að fara fram kl. 15:00 þennan dag, en var færður fram fyrir leik 3. flokks að ósk KS, vegna dagskrár sjómannadagshátíðar-halda á Siglufirði. Á þetta féllust forsvarsmenn Hattar.

Rökstuðningur kærða, KS, vísar til þess að kæran sé ekki rétt fram sett þar sem hún er lögð fram af Helga Jenssyni, sem ekki er forráðamaður í neinu þeirra félaga er að kæranda stendur. Kærði telur að rétt sé að forráðamenn allra félaga er standa að Knattspyrnubandalagi Hattar, Neista, Umf. Borgarfjarðar og Hugins þurfi að skrifa undir kæruna þar sem hún er lögð fram í nafni umræddra félaga.

Jafnframt telur kærði umrædda kæru byggða á grein í reglugerð um knattspyrnumót sem ætlað var að verja unga knattspyrnumenn fyrir of miklu álagi en tilgangurinn hafi aldrei verið sá að takmarka þátttöku yngri leikmanna með eldri flokkum eða takmarka þátttöku smærri félaga í Íslandsmóti 11 manna liða. KS telur að tilgangur greinar 2.1.4 í reglugerð um knattspyrnumót sé sá að vernda unga leikmenn fyrir of miklu álagi. KSÍ hefur þegar tekið á þeim málum með öðrum hætti og má færa fyrir því rök að viðkomandi regla sé úrelt af þessum sökum. Telur kærði að það hafi alls ekki verið tilgangur viðkomandi reglu að standa í vegi fyrir því að smærri félög geti sent 11 manna lið til þátttöku í Íslandsmóti, en eins og gefur að skilja eru yngri flokkar félaga á borð við KS frekar fámennir, en þrátt fyrir það er reynt að taka þátt í Íslandsmótum í öllum flokkum. Augljóslega hefur umrædd þátttaka 3ja leikmanna úr 4. flokki í viðkomandi leik engin áhrif á gang leiksins og því síður niðurstöðu hans enda voru viðkomandi leikmenn aðeins á varamannabekk, en einn þeirra lék í 15 mínútur af leiknum. Þá telur kærði (KS) að verði félagi á borð við kærða gert að sæta sektum og missa stig vegna þessa mun það tvímælalaust hafa áhrif á áframhaldandi þátttöku í Íslandsmóti 11 manna liða.

Kærði (KS) bendir hins vegar á að illmögulegt sé að halda úti 11 manna liði yngri flokka hjá félaginu nema nýta alla þá leikmenn sem æfa hjá því. Forráðamenn KS gerðu sér strax grein fyrir því að þessir leikir 4. og 3. flokks væru sama dag, en óskuðu ekki eftir breytingu þar sem ljóst var að þetta myndi henta Austfjarðarliðum betur og væri ákveðin hagræðing í því fólgin, fjárhagslega, fyrir Hött og Spyrni að flokkarnir væru að leika sama dag. Kærði telur það í anda knattspyrnunnar að úrslit leiksins verði látin standa eða nýr leikur verði leikinn, auk þess sem engar sektir falli á félagið vegna þessa. Það er skýrt markmið KS að halda úti öllum yngri flokkum og hefur félagið lagt mikinn metnað í að svo verði áfram. Er það að mati kærða í anda íþróttarinnar að félagið verði sýknað af kröfum kæranda verði kæran tekin fyrir og úrslit leiksins látin standa enda höfðu umræddir leikmenn 4. flokks engin áhrif á leikinn, framgang hans eða niðurstöðu.

Kærandi mótmælir kröfu kærða um frávísun málsins á þeim grundvelli að Helgi Jensson sem lögmaður Spyrnis hafi ekki haft umboð til að kæra málið. Kærandi bendir á að Helgi Jensson kærði málið sem lögmaður Spyrnis en ekki sem forráðamaður þess, og ekki er vafi á því að í lögmannsumboði felst réttur til þess að kæra mál fyfir hönd umbjóðanda, án þess að þurfa að leggja fram skriflegt umboð. Auk þess liggur frammi umboð sem dagsett er þann 15. júní sl., sem tryggir þetta ennþá frekar. Jafnframt bendir kærandi á að Helgi Jensson er ábyrgðarmaður Spyrnis skv. samningi um knattspyrnubandalagið, sem liggur hjá KSÍ. Auk þess bendir kærandi á 5. gr. laga um dómstóla KSÍ, þar sem fram kemur að ef máli er vísað frá dómi hafi kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur til dómstólsins. Þá telur kærandi að dómari hefði væntanlega vísað málinu frá við þingfestingu ef hann hefði talið umboð vafasamt.

Kærandi tekur undir staðhæfingar kærða um að tilgangur greinar 2.1.4. í reglugerð um knattspyrnumót, sé að vernda leikmenn fyrir of miklu álagi, en því mótmælt að greinin eigi ekki við kærða og þann leik sem hér er til umfjöllunar, af því að kærði (KS) er lítið félag, sem eigi fáa leikmenn í hverjum flokki. Þá bendir kærandi á að greinin er afdráttarlaus og óundanþæg, nema að því er varðar úrslitakeppni eða hraðkeppni, og þá einungis í einum aldursflokki, og engin af þessum undanþágum á við hér. Greinin á því tvímælalaust við varðandi þrjá leikmenn kærða, sem verða því að skoðast sem ólöglegir leikmenn.

Kærandi mótmælir varakröfu kærða, einfaldlega vegna þess að leiktíma þess leiks sem kærður er, þ.e. 3. flokks, var ekki breytt. Hann var á dagskrá kl. 13:00, og þá var hann leikinn. Það var hins vegar leikur 4. flokks sem var færður fram fyrir leik 3. flokks, en hann átti að vera kl. 15:00, en var færður fram til kl. 11:30, að ósk KS, vegna skipulags sjómannadagshátíðarhalda á Siglufirði. Á þetta var fallist

af forráðamönnum Hattar, af tillitssemi við kærða. Kærandi bendir á að engin heimild er því til staðar til að endurtaka leikinn, vegna þess að leiktímanum var ekki breytt, né vegna þess að ólöglegir leikmenn tóku þátt í honum.

Kærandi mótmælir staðhæfingum í greinargerð kærða um að augljóst sé að hinir þrír ólöglegu leikmenn hafi engin áhrif haft á leikinn. Kærandi gerir ekki kröfu um að kærða verði gert að greiða sekt vegna hinna ólöglegu leikmanna. Þá mótmælir kærandi að það sé í "anda knattspyrnunnar" að úrslit hins kærða leiks verði látin standa, eða það ákveðið að hann skuli leika aftur.

**III. Niðurstaða**
Í málinu er gerð krafa um frávísun málsins á grundvelli þess að Helgi Jensson hefði ekki umboð kæranda til að kæra málið. Við þingfestingu málsins þann 18. júní sl. var lagt fram umboð frá forsvarsmönnum kæranda til Helga Jenssonar. Ekki er hægt að gera ríkari kröfur en þær sem fram koma í lögum um lögmenn nr. 77/1998. Það varðar því ekki frávísun máls að lögmenn leggi ekki fram skriflegt umboð umbjóðenda sinna. Fyrir liggur skriflegt umboð. Af þeirri ástæðu er krafa kærða um frávísun hafnað.

Reglur KSÍ um hlutgengi leikmanna eru skýrar. Í grein 2.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, kemur fram að enginn leikmaður má taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema um sé að ræða leik í úrslitakeppni eða hraðkeppni, og þá einungis í einum aldursflokki. Ljóst er að leikmennirnir Ólafur G. Guðbrandsson nr. 10, Arnar G. Ásgeirsson nr. 7 og Grétar Bragi Hallgrímsson nr. 8 léku með liði KS í Íslandsmóti 4. flokks karla A-liða þann 6. júní kl. 11:30 til 12:45. Þá er ljóst að ofangreindir leikmenn voru skráðir á leikskýrslu hjá sama liði, KS, sama dag kl. 13:00 í hinum kærða leik í Íslandsmótinu 3. fl. karla. Allir byrjuðu sem varamenn, en Ólafur Guðbrandsson kom inn á á 65. mínútu sem leikmaður. Undantekningin frá þessari reglu á ekki við um hinn kærða leik og kemur ekki til skoðunar í þessu máli. Leiktíma hins kærða leiks var ekki breytt og kemur því ákvæði 3.4.12 ekki til álita.

Af framansögðu og reglum KSÍ leiðir, að ofangreindir leikmenn voru ekki hlutgengir með liði kærða (KS) í hinum kærða leik við Spyrni. Með vísan til 1. mgr. 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, verður að dæma leikinn tapaðan fyrir kærða, 0-3. Þrautavarakrafa kærða fjallar um niðurfellingu sektar. Í 3. mgr. 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir að lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000. Að teknu tilliti til niðurstöðu málsins, málsatvika og aðstæðna að öðru leyti, þykir rétt að fallast á þrautavarakröfu kærða og dæma enga sekt.

Ásbjörn Jónsson, dómari í Knattspyrnudómstóli KSÍ, kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð**
Frávísunarkröfu kærða er hafnað. Knattspyrnufélag Siglufjarðar (KS) telst hafa tapað leik gegn Spyrni í Íslandsmóti 3. flokks karla A-lið, sem fram fór 6. júní 2004 með markatölunni 0-3.

*Ásbjörn Jónsson*

## *Áfrýjun KS*
KS telur úrskurð Dómstóls KSÍ ekki taka mið af þeim aðstæðum sem félagið býr við og þeirri staðreynd að dæmi eru um að sömu málavextir eigi sér víðar stað á Íslandsmótum, þ.e. að leikmenn komi fram á leikskýrslum oftar en einu sinni sama dag. KS telur kæruna byggða á grein í reglugerð um knattspyrnumót sem ætlað var að verja unga leikmenn fyrir of miklu álagi, <u>en tilgangurinn hafi aldrei verið sá að takmarka þátttöku þeirra eða liða þeirra í Íslandsmót 11 manna liða.</u>

Forráðamenn KS gerðu sér strax grein fyrir því að leikir 4. og 3. flokks væru sama dag en óskuðu ekki eftir breytingu þar sem ljóst var að þetta myndi henta Austfjarðaliðum betur og væri ákveðin hagræðing fólgin í því, fjárhagslega, fyrir Hött og Spyrni að flokkarnir væru að leika sama dag. Töldum við víst þar sem Höttur er hluti af knattspyrnubandalagi Spyrnis að þetta kæmi Austfjarðaliðum betur. Jafnframt var KS ljóst að til þess þyrfti líklega að koma að einhverjir leikmenn 4. flokks KS yrðu jafnframt á leikskýrslu í leik 3. flokks en töldu ekki ástæðu til annars en að það yrði í

lagi enda alveg ljóst að fram til þessa hefur slíkt viðgengist eins og áður kemur fram, hugsanlega jafnvel í efstu deild Íslandsmóts.
Það er hreinn þvættingur að leikur 4. flokks hafi verið færður fram að ósk KS vegna skipulags "sjómannadagshátíðarhalda" á Siglufirði. Leikur 4. flokks var einungis færður til hægðarauka fyrir Austfjarðarliðin, enda um langan veg að fara. Þeir sem þekkja eitthvað til vita að hátíðarhöld á Siglufirði í tilefni Sjómannadags eru í algeru lágmarki og engin hefð er fyrir miklum hátíðarhöldum af þessu tilefni, hvað þá að knattspyrnuleikjum ungra drengja sé hliðrað til vegna þeirra.

KS telur því að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt þar sem óréttlátt verður að teljast að félaginu sé refsað fyrir það eitt að gera ekki athugasemdir við niðurröðun mótanefndar af tillitsemi við þau félög sem þurfa að fara um langan veg til að leika á Íslandsmóti. Jafnframt eru dæmi um að sömu leikmenn eru á leikskýrslum í tveimur leikjum sama dag og þykir ekki tiltökumál enda leikmennirnir í flestum tilfellum á varamannabekk eins og í þessu tilviki.

KS ítrekar að leikmennirnir sem um ræðir höfðu engin áhrif á leikinn, framgöngu hans eða niðurstöðu og því telur KS farsælast fyrir alla aðila að úrslit leiksins standi óhögguð eða að umræddur leikur verði leikinn aftur.

Viljum við benda á að aðstæður fjölmargra landsbyggðarliða eru því miður með þeim hætti að illa gengur að manna 11 manna lið í yngri flokkum, en hingað til hafa félögin í flestum tilfellum sýnt hvort öðru skilning á því að hugsanlega koma upp aðstæður þar sem lið verða að nýta yngri mannskap til þess að ná í 11 manna lið, jafnvel svo að viðkomandi þurfi að koma fram á tveimur leikskýrslum sama dag. Lykilatriði í þessu máli er að viðkomandi leikmenn voru ekki í byrjunarliði KS heldur einungis á varmannabekk og lék aðeins einn leikmaður í nokkrar mínútur. Telur KS að verði úrskurði Dómstóls KSÍ ekki hnekkt muni það hafa ófyrirséðar afleiðingar fyrir þátttöku smærri landsbyggðarliða á Íslandsmóti 11 manna liða.

Er það í anda íþróttarinnar og framgang knattspyrnunnar að okkar mati að úrslit leiksins verði látin standa óhögguð eða annar leikur fari fram. Teljum við það mæla þvert gegn anda knattspyrnunnar og útbreiðsluátaks heildarsamtaka knattspyrnumanna á Íslandi að félögum sé refsað fyrir það eitt að sýna öðrum liðum fjárhagslega tillitsemi og reyna jafnframt að halda úti eins mörgum liðum á Íslandsmóti og kostur er. Augljóst má vera að með því að nýta yngri leikmenn á varamannabekk var tilgangurinn aldrei sá að þeir myndu hafa áhrif á úrslit eða framgang leiksins. Jafnframt var "þátttaka" þeirra í leiknum með þeim hætti að hún uppfyllti í öllu kröfur um að vernda yngri leikmenn gegn of miklu álagi og er það í samræmi við þann tilgang reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sem tekur til þessara þátta og kæran byggir á.

Meðfylgjandi eru gögn málsins:
1. Kæra Hattar v/ Spyrnis gegn Knattspyrnufélagi Siglufjarðar, dags. 9. júní 2 bls.
2. Afrit af leikskýrslu KS- Spyrnis í 3. flokki þann 6. júní sl. 1 bls.
3. Afrit af leikskýrslu KS - Hattar í 4. flokki þann 6. júní sl. 1 bls.
4. Rökstuðningur kærða (KS) í málinu, dags. 14. júní 2 bls.
5. Umboð dags. 15. júní 1 bls.
6. Tilkynning um þingfestingu dags. 15. júní 1 bls.
7. Skriflegur málflutningur Spyrnis í málinu , dags. 26. júní 3 bls.
8. Dómur Dómstóls KSÍ, dags 2. júlí s.l. 6 bls.

*Virðingarfyllst,*
*f.h. KS*
*Þórir Hákonarson, formaður*

### *Úrskurður Áfrýjunardómstóls KSÍ*
Ár 2004, fimmtudaginn 15. júlí 2004 kom áfrýjunardómstóll KSÍ saman í höfuðstöðvum KSÍ í Laugardal. Dóminn skipuðu Jón Gunnar Zoëga, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þórðarson. Tekið var fyrir mál nr. 2/2004, Knattspyrnufélag Siglufjarðar geng Spyrni, knattspyrnubandalagi. Áfrýjað er dómi Dómstóls KSÍ frá 2. júlí 2004.

**Dómur**
Með vísan til rökstuðnings Dómstóls KSÍ ber að staðfesta niðurstöður hans.
**Dómsorð**
Úrslit í leik KS og Spyrnis sem fram fór 6. júní 2004 á Íslandsmóti 3. flokks karla A-liða, skulu teljast hafa orðið 3:0 fyrir Spyrni.

*Jón Gunnar Zoëga*
*Guðmundur Þórðarsson*
*Guðmundur Jónsson*

**Mál nr. 5**

**Ungmennafélag Hrunamanna**
**gegn**
**Ungmennafélagi Selfoss, knattspyrnudeild**

*Kæra Hrunamanna*

**Dómkröfur**
Leikur spilaður aftur eða það sem Dómstóll KSÍ ákveður.

**Málavextir**
Leiktími leiks er tvisvar sinnum 40 mínútur, en var þann 18. júní 2004 á Selfossi tvisvar sinnum 35 mínútur í 3. flokki karla milli Selfoss og UMFH.

**Lagarök**
Leiktími er tvisvar sinnum 40 mínútur en var tvisvar sinnum 35 mínútur í 3. flokki karla.

**Röksemdir**
Í reglugerð KSÍ segir til um að leikur í 3. flokki karla eigi að spilast í tvisvar sinnum 40 mínútur, en var spilaður í tvisvar sinnum 35 mínútur.

**Sönnunargögn**
Skoða má það sem kemur fram í athugasemdum í leikskýrslu eftir leik sem fram fór á Selfossi þann 18. júní 2004. Hringt var í mótavakt KSÍ um kl. 21:30, en hugsanlega hefði verið hægt að hringja 10 mínútum fyrr. Heimir Gunnarsson hringdi fyrir UMFH.

*Greinargerð Selfoss*
Í fyrsta lagi voru engar athugasemdir skráðar á leikskýrslu af hálfu dómara leiksins. Hafi þær verið gerðar af þeim sem kærir tel ég slíkt alvarlegan gjörning. Leikurinn fór að settum leikreglum KSÍ og engar athugasemdir gerðar fyrr en að leik loknum. Þá taldi þjálfari UMFH að eitthvað hefði farið úrskeiðis varðandi leiktímann og þá væntanlega í seinni hálfleik þar sem engar athugasemdir komu fram í leikhléi. Ég ítreka það sem ég sagði áður að leikurinn fór fram eftir settum reglum KSÍ. Framkoma þjálfara UMFH eftir leik í garð dómara var hins vegar með ólíkindum þar sem hann reyndi að koma í veg fyrir að ég yfirgæfi leikvanginn með því að halda í bílhurð mína er ég hugðist halda til míns heima og spurning hvort dómstóllinn kæmi þeim skilaboðum til viðkomandi að framkoma af þessu tagi sé með öllu óviðunandi ef ekki ámælisverð.

*Virðingarfyllst,*
*Páll Leó Jónsson*

*Úrskurður Dómstóls KSÍ*
Ár 2004, fimmtudaginn 1. júlí er dómþing Knattspyrnudómstóls KSÍ háð af Halldóri Halldórssyni. Fyrir er tekið mál nr. 5/2004, Ungmennafélag Hrunamanna gegn Ungmennafélagi Selfoss, knattspyrnudeild. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur.

**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 24. júní sl. Kærandi er Ungmennafélag Hrunamanna, Vesturbrún 4, Flúðum. Kærði er Ungmennafélagið Selfoss, knattspyrnudeild, Selfossi. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ þann 29. júní sl.

**Dómkröfur kæranda**
Kærandi krefst þess að leikur milli aðila málsins í Íslandsmóti 3. flokks karla sem fram fór 19. júní sl. verði leikinn að nýju.

Kærði hefur ekki látið málið til sín taka.

**II.**
Kærandi lýsir málavöxtum á þá leið að nefndur leikur sem fram fór á milli félaganna þann 19. júní sl. hafi verið styttri en ráð er fyrir gert. Hvor hálfleikur hafi einungis verið 35 mínútur en hafi átt að vera 40 mínútur. Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar um knattspyrnumót þar sem fram kemur að leiktími í 3. flokki karla skuli vera tvisvar sinnum 40 mínútur.

**III. Niðurstaða**
Að tilstuðlan formanns Dómstóls KSÍ gaf skrifstofa sambandsins kærða kost á að skila greinargerð vegna málsins en það hefur hann ekki gert. Dómari leiksins skrifaði stuttar athugasemdir í tölvupósti til KSÍ og þar kom m.a. fram að leikurinn hafi ekki verið nema tvisvar sinnum 35 mínútur að viðbættum uppbótartíma. Leikskýrsla ber ekki með sér að athugasemdir hafi verið gerðar meðan á leik stóð eða eftir leik. Í tölvupósti dómarans er þess getið að af hálfu kæranda hafi sennilega verið gerðar athugasemdir í seinni hálfleik án þess að þeim sé þar nánar lýst.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telst sannað að leikur liðanna hafi verið 10 mínútum of stuttur. Slíkt er í andstöðu við ákvæði greinar 3.9.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, en þar er skýrt tekið fram að í 3. flokki karla 11 manna liðum skuli leiktími vera tvisvar sinnum 40 mínútur. Atvik þetta er ekki þeirrar gerðar að dómari leiks eigi um það endanlega ákvörðun sbr. 5. gr. knattspyrnulaganna. Reglur um leiktíma er að finna í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og bar dómara leiksins að sjá til þess að leikurinn stæði í þann tíma sem ákveðið er í reglugerð en það gerði hann ekki. Verður því ekki hjá því komist að taka kröfu kæranda til greina og dæma leik liðanna sem fram fór 19. júní sl. ógildan og mæla fyrir um að hann skuli leikinn að nýju. Halldór Halldórsson dómari í Knattspyrnudómstóli KSÍ kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð**
Leikur Ungmennafélags Hrunamanna og Ungmennafélagsins Selfoss í 3. fl karla sem fram fór 19. júní sl. skal endurtekinn.

*Halldór Halldórsson*

## Mál nr. 6

**Knattspyrnudeild Keflavíkur**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Hauka**

### *Kæra Keflavíkur*
Kærður er leikur Hauka og Keflavíkur í 3. flokki karla., sem leikinn var á Ásvöllum 1. júlí 2004.

Kærandi:
Knattspyrnudeild Keflavíkur, kt. 541094-3269.
Sundmiðstöðinni, Sunnubraut, 230 Keflavík.

Kærði:
Knattspyrnudeild Hauka, kt. 700387-2839.

Haukahúsi, Flatahrauni, 220 Hafnarfirði

Knattspyrnudeild Keflavíkur krefst þess að úrslitum leiksins verði breytt og Keflavík verði dæmdur sigur, 0-3. Keflavík krefst þess að Haukar verði dæmdir fyrir brot á "Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót" grein 1.1.3. Þar stendur; *"Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og stöðu félaga og leikmanna".* Keflavík krefst þess að Haukar verði dæmdir samkvæmt grein 4.3.1 í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þar stendur: "*lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3*".

Leikurinn er kærður þar sem Haukar tefldu fram ólöglegum leikmanni. Í umræddum leik lék Viktor Ari Viktorsson kt. 040388-3389 með liði Hauka. Umræddur leikmaður er skráður leikmaður Umf. Bessastaða og lék með þeim keppnistímabilið 2002. Samkvæmt gagnagrunni KSÍ þá fékk Viktor Ari gult spjald í leik á Íslandsmótinu 2002. Sá leikur var á milli Umf. Bessastaða og Gróttu og var leikinn þann 11. júlí 2002. Viktor Ari hefur ekki tilkynnt félagsskipti yfir til Hauka og telst því enn leikmaður Umf. Bessastaða og er því ekki gjaldgengur með liði Hauka.

Helstu rök okkar fyrir því að dæma okkur í hag eru:
1. Viktor Ari Viktorsson er sannanlega skráður í gagnagrunn KSÍ sem leikmaður Umf. Bessastaða.
2. Viktor Ari lék sannanlega með liði Umf. Bessastaða áður en hann hóf að leika með Haukum.
3. Viktor Ari hefur sannanlega ekki tilkynnt félagsskipti yfir í lið Hauka og telst því enn leikmaður Umf. Bessastaða.
4. Viktor Ari lék sannanlega umræddan leik með Haukum gegn Keflavík.

Við teljum að kæru okkar svipi mikið til kæru knattspyrnudeildar Hamars gegn knattspyrnudeild UMFH, mál nr. 2/2004. Þar segir m.a. í niðurstöðu: *"Reglur KSÍ um hlutgengi leikmanna eru skýrar. Í 1. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna segir að hlutgengir séu til þátttöku í knattspyrnumótum leikmenn, sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir keppa með, eigi síðar en degi áður en kappleikur fer fram. Þegar leikmenn hafa gerst félagar í félagi, verða þeir að skipta um félag með sérstakri tilkynningu til skrifstofu KSÍ, undirritaðri af þar til greindum aðilum. Undantekningin frá þessari reglu á við um leikmenn yngstu flokka og kemur ekki til skoðunar í þessu máli.*

*Af framansögðu og reglum KSÍ leiðir, að leikmaðurinn Árni Baldvin Ólafsson var ekki hlutgengur með liði UMFH í hinum kærða leik við Hamar. Breytir þar engu þó það hafi ekki verið ætlun UMFH að nota óhlutgengan leikmann. Með vísan til 1. mgr. 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, verður að dæma leikinn tapaðan fyrir kærða, 0-3."*

Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna grein A.2 er svohljóðandi: *"Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ. [Ákvæði til bráðabirgða samþykkt af stjórn KSÍ: Leikmenn 4. aldursflokks karla og yngri og 3. aldursflokks kvenna og yngri, teljast hlutgengir með því félagi sem þeir leika með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu. Kjósi leikmaður að skipta um félag eftir það, fara félagaskipti eftir sömu reglum og gilda í 1. grein hér að ofan. Þó skal heimilt að hafa félagaskipti strax að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum.]".* Við teljum þetta bráðabirgðaákvæði ekki eiga við þar sem Viktor Ari lék með Umf. Bessastaða keppnistímabilið 2002, þegar hann var á eldra ári í 4. flokki og fór ekki að leika með Haukum fyrr en hann var kominn upp í 3. flokk og hefði þar af leiðandi þurft að tilkynna félagaskiptin á formlegan hátt.

Með kærunni sendum við ljósrit af afriti af leikskýrslunni. Afritið er óskýrt, en liðsskipan sést mun betur á frumritinu, sem er væntanlega komið til KSÍ. Við sendum útprentun úr gagnagrunni KSÍ af leikskýrslu úr leik Umf. Bessastaða og Gróttu sem var leikinn 11. júlí 2002. Sömuleiðis sendum við útprentun úr gagnagrunni KSÍ þar sem sjást þau félagaskipti sem Viktor Ari hefur tilkynnt. Þar sést að Viktor Ari hefur aldrei tilkynnt félagsskipti.

Fyrirsvarsmaður kæranda er:
Guðmundur Guðbergsson kt 030168-3219, mótsstjóri barna- og unglingaráðs.
Greniteigi 49, 230 Keflavík.

Kæran er send með vitund, vilja og samþykki Einars Guðbergs Einarssonar þjálfara 3. flokks Keflavíkur, Gunnars M. Jónssonar yfirþjálfara barna- og unglingaráðs og Ásmundar Friðrikssonar framkvæmda-stjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur.

*Guðmundur Guðbergsson*
*Mótsstjóri barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Keflavíkur*

## *Úrskurður Dómstóls KSÍ*

Ár 2004, föstudaginn 16. júlí er dómþing Dómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni. Fyrir er tekið mál nr. 6/2004, Knattspyrnudeild Keflavíkur gegn Knattspyrnudeild Hauka. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur.

Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 5. júlí 2004 sem barst skrifstofu KSÍ þann 7. júlí sl. Kærandi er Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, Sunnubraut, Keflavík, en hið kærða félag er knattspyrnudeild Hauka, kt. 700387-2839, Flatahrauni, Hafnarfirði. Málinu var úthlutað framangreindum dómara þann 8. júlí sl.

**I. Dómkröfur**
Dómkröfur kæranda í kæru eru þær að úrslitum í leik Keflavíkur og Hauka sem fram fór á Íslandmóti þann 1. júlí sl. verði breytt og Keflavík verði dæmdur sigur, 0-3.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök**
Málsatvikum, málsástæðum og lagarökum er þannig lýst í kæru: "Keflavík krefst þess að Haukar verði dæmdir fyrir brot á "Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót" grein 1.1.3. Þar stendur; *"Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og stöðu félaga og leikmanna".*

Keflavík krefst að Haukar verði dæmdir samkvæmt grein 4.3.1 í "Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót". Þar stendur: *"Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3".*

Leikurinn er kærður þar sem Haukar tefldu fram ólöglegum leikmanni. Í umræddum leik lék Viktor Ari Viktorsson kt. 040388-3389 með liði Hauka. Umræddur leikmaður er skráður leikmaður Umf. Bessastaða og lék með þeim keppnistímabilið 2002. Samkvæmt gagnagrunni KSÍ þá fékk Viktor Ari gult spjald í leik á Íslandsmótinu 2002. Sá leikur var á milli Umf. Bessastaða og Gróttu og var leikinn þann 11. júlí 2002. Viktor Ari hefur ekki tilkynnt félagaskipti yfir til Hauka og telst því enn leikmaður Umf. Bessastaða og er því ekki gjaldgengur með liði Hauka.
Helstu rök okkar fyrir því að dæma okkur í hag eru:

1. Viktor Ari Viktorsson er sannanlega skráður í gagnagrunn KSÍ sem leikmaður Umf. Bessastaða.
2. Viktor Ari lék sannanlega með liði Umf. Bessastaða áður en hann hóf að leika með Haukum.
3. Viktor Ari hefur sannanlega ekki tilkynnt félagsskipti yfir í lið Hauka og telst því enn leikmaður Umf. Bessastaða.
4. Viktor Ari lék sannanlega umræddan leik með Haukum gegn Keflavík."

Kærandi telur að þetta mál svipi mjög til kæru knattspyrnudeildar Hamars gegn knattspyrnudeild UMFH. Mál nr. 2/2004.

Ennfremur segir í kæru: "Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna grein A.2. er svohljóðandi: *"Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ. [Ákvæði til bráðabirgða samþykkt af stjórn KSÍ: Leikmenn 4. aldursflokks karla og yngri og 3. aldursflokks kvenna og yngri, teljast hlutgengir með því félagi sem þeir leika með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu. Kjósi leikmaður að skipta um félag eftir það, fara félagaskipti eftir sömu reglum og gilda í 1. grein hér að ofan. Þó skal heimilt að hafa félagaskipti strax að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum.]".*

Kærandi telur að þetta bráðabirgðaákvæði eigi ekki við. Þar sem Viktor Ari hafi leikið með Umf. Bessastaða keppnistímabilið 2002, þegar hann var á eldra ári í 4. flokki. Hann fór ekki að leika með

Haukum fyrr en hann var kominn upp í 3. flokk og hefði þar að leiðandi þurft að tilkynna félagaskiptin á formlegan hátt.

Með kæru sendir kærandi ljósrit af afriti af viðkomandi leikskýrslu, útprentun úr gagnagrunni KSÍ af leikskýrslu úr leik UMF. Bessastaða og Gróttu sem var leikinn 11. júlí 2002 og útprentun úr gagnagrunni KSÍ þar sem sjást þau félagsskipti sem Viktor Ari hefur tilkynnt. Þar sést að Viktor Ari hefur aldrei tilkynnt félagsskipti.

**II. Málsmeðferð**
Við skoðun á kærugögnum hefur dómsforseti komist að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni. Það hefur hann ekki gert og er málið því dæmt samkvæmt fyrirliggjandi gögnum málsins.

**III. Niðurstaða**
Kröfur kæranda eru teknar til greina í samræmi við skýrt orðalag í 3. tl. greinar 1.1.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í samræmi við grein 4.3 í sömu reglugerð telst leikur málsaðila tapaður hinu kærða félagi með markatölunni 0-3, en hann fór fram þann 1. júlí sl. Að teknu tilliti til málsatvika og dómkrafna telur dómurinn ekki rétt að dæma hið kærða félag til greiðslu sektar í þessu máli.

**Dómsorð**
Leikur Hauka og Keflavíkur í 3. flokki karla sem leikinn var á Íslandsmóti KSÍ að Ásvöllum hinn 1. júli sl. telst tapaður Haukum með markatölunni 0-3.

*Gunnar Guðmundsson*

**Mál nr. 7**

**Íþróttabandalag Vestmannaeyja**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Hauka**

*Kæra ÍBV*

**Dómkröfur**
Að leikur ÍBV og Hauka í 5. flokki karla B-liða þann 21. júlí sem lauk 3-1 verði dæmdur Haukum tapaður 0-3.

**Málavextir**
Leikmenn Hauka spiluðu leik með A-liði Hauka (voru varamenn, en komu inn á) og spiluðu svo líka leik B-liða félaganna strax á eftir. Þegar þjálfari Hauka, Andri Marteinsson, var spurður um þetta þá sagði hann þetta leyfilegt þar sem þeir hefðu byrjað sem varamenn í A-liðum, þannig að hann viðurkenndi strax að þetta væru sömu leikmenn en taldi sig ekki vera að brjóta lögin. Leikmennirnir heita Sveinbjörn og Almar.

**Lagarök**
Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 3.9.6.1 liður 12, sem fjalla um mótareglur í 5. flokki karla en þar segir að leikmaður geti aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C, D) sama leikdaginn.

**Röksemdir**
Þar sem leikmaður úr A-liði spilar með B-liði þá skekkir það styrkleika liðanna og leikurinn fer ekki fram á jafnréttisgrundvelli. Haukar notuðu einungis 17 leikmenn í A, B og C-liðum og sögðu það nauðsynlegt vegna mannfæðar og notuðu t.d. sama markmann í A og B liðum. Á meðan varð ÍBV að nota C-liðs markmann í A-lið (þ.e. mann sem venjulega spilar með C-liði) vegna mannfæðar. Haukar komu með 28 leikmenn til Eyja og voru með 4 lið þess vegna er það óskiljanlegt hvers vegna hópnum var ekki dreift betur á liðin í stað þess að nota sömu leikmenn. Þar sem B-lið telja til stiga í Íslandsmóti og ÍBV er í baráttu um að komast í úrslit þá teljum við okkur knúin til að leggja áfram þessa kæru og að úrslitum leiks verði breytt í samræmi við kröfu.

**Sönnunargögn**
Vitnisburður frá dómara leiksins sem getur staðfest vitnisburð kæranda, ásamt öðrum áhorfendum. Ef KSÍ telur þörf á fleiri vitnum en talin eru upp hér að neðan þá er lítið mál að verða við því.

**Vitni**
Jens Hjörleifsson, kt. 080487-339, heimilisfang: Búhamar 3 , 900 Vestmannaeyjar
Björn Elíasson, kt. 200160-5339, heimilisfang: Fjólugata 1, 900 Vestmannaeyjar

*Virðingarfyllst,*
*Kári Þorleifsson*

*Greinargerð Hauka*
Þann 21. júlí sl. lék A, B, C og D lið Hauka gegn ÍBV í Vestmannaeyjum og enduðu leikar þannig að ÍBV sigraði í fyrri leikjum liðanna þar sem A og C lið léku en Haukar sigruðu seinni tvo leikina þar sem B og D liðin áttust við. Daginn eftir leikinn, þann 22. júlí, boðaði þjálfari ÍBV kæru á hendur Haukum vegna leiks B liðanna þar sem hann taldi að Haukar hefðu notað A liðs leikmenn í þeim leik. Þann 28. júlí lét hann svo verða af því að kæra leikinn og því vill undirritaður, þjálfari 5. flokks Hauka, fá að svara þeirri ásökun sem lið hans og hann sjálfur sætir þar sem kæran innifelur einnig persónulega ásökun á hans heiðarleika enda spurning hvort þarna hafi hann haft rangt við eður ei.

**Málsatvik**
Haukar mættu einungis með 26 leikmenn til Eyja þennan dag, 21. júlí, en tveir leikmenn til viðbótar mættu hópnum í Eyjum og því átti 5. flokkur Hauka jafnmarga leikmenn og þarf til að manna allar stöður í fjögur lið. Einungis tveir markmenn voru með í för og voru það markmenn B liðs og D liðs félagsins og hafði undirritaður orð á því við þjálfara ÍBV fyrir leikinn hvort ekki væri í lagi að viðkomandi leikmenn spiluðu upp fyrir sig og léku þar tvo leiki hvor og var það samþykkt af þjálfara ÍBV. Slíkt samkomulag á milli þjálfara yfir aðal sumarleyfistímann er ekki óalgengt og þá sérstaklega hjá þeim liðum sem hafa ekki mikinn fjölda iðkenda á skrá. Þarna eru lakari leikmenn að fylla upp í sterkari leikmannahóp og því enginn skaði skeður fyrir mótherjana.

Þegar A-lið félaganna mættust og staðan var orðin 4-0 fyrir ÍBV meiddist einn leikmanna A liðs og var þá einum af B liðs leikmönnunum skipt inn á. Ekki löngu seinna vildi annar leikmaður A liðsins skiptingu þar sem hann kvartaði sáran og var undirritaður hreinlega ekki viss hvort um var að ræða sært stolt vegna slæmrar stöðu eða meiðsl. Leikmaðurinn fékk skiptingu og þá var seinni B liðs manninum skipt inn á og áttu báðar þessar skiptingar sér stað seint í fyrri hálfleik. Báðir leikmennirnir byrjuðu svo seinni hálfleikinn þar sem þeim tveimur sem skipt hafði verið út af vegna meiðsla höfðu ekki náð sér fullkomlega. Það var hins vegar ekki langt um liðið á seinni hálfleikinn þegar báðir A liðs leikmennirnir voru komnir inn á fyrir varamenn sína og var staðan þá orðin 4-1 og kláraði byrjunarlið Hauka leikinn sem endaði 4-2 fyrir ÍBV.

Þegar B lið félaganna mættust svo á eftir leik A liðanna var byrjunarlið B liðsins stillt upp og þar voru þeir tveir varamenn sem áður höfðu gripið inn í leik A liðanna sökum meiðsla og svo markmaður liðsins sem leikið hafði allan A liðs leikinn af þeim ástæðum sem áður hefur verið lýst. Í hálfleik var staðan 0-1 fyrir Hauka, sem höfðu verið sterkari aðilinn í leiknum, og kom þá dómari leiksins til undirritaðs og spurðist fyrir hvort þarna væru A liðs leikmenn að leika. Hvort sem dómarinn hafði að eigin frumkvæði tekið svona vel eftir þeim leikmönnum sem áður höfðu leikið eða hvort þjálfari ÍBV hafi haft eitthvað með athugasemd dómarans að gera skal ósagt látið. Undirritaður gekk þá í átt að þjálfara ÍBV um leið og hann svaraði dómaranum til að geta svarað spurningu hans svo vel að þjálfari ÍBV heyrði. Svarið var á þá leið að þessir leikmenn hefðu vissulega komið við sögu í leiknum á undan og væri ekkert við það að athuga þar sem að þjálfarar félaganna hefðu sameinilegan skilning á málinu enda gert með sér samkomulag fyrir leikinn (Hér er vitnað bæði í það samkomulag sem gert var vegna markmanna liðsins sem og samkomulag sem nánar er lýst hér á eftir).

Dómari leiksins lét þá seinni hálfleikinn hefjast og gekk undirritaður að þjálfara ÍBV og spurði hann hvort ekki væri allt í lagi þar sem bæði svipur og öll framkoma þjálfarans bentu til annars. Þegar svo þjálfarinn var ómyrkur í máli vegna þessarar stöðu brást undirritaður illa við og spurði þjálfara ÍBV

hvort hann tryði því virkilega að undirritaður væri að hafa rangt við. Þjálfari ÍBV sagði svo örugglega ekki vera og hélt því leikurinn áfram eins og ekkert hafði í skorist þó vissulega væri andrúmsloftið hálf skrýtið. Endaði leikurinn með 1-3 sigri Hauka og þess má til gamans geta að þeir sem gerðu út um leikinn með góðum mörkum komu hvorugir við sögu í leik A-liðanna.

**Um kæruna sjálfa**
Samkvæmt laga- og reglubókstafnum má ekki nota leikmenn með tveimur liðum gegn sama liði í sömu umferð og er það vel þar sem markmiðið með þeirri reglugerð hlýtur að vera að koma í veg fyrir að verið sé að nota sterkari leikmenn A liðanna gegn slakari leikmönnum B liðanna. Í því tilfelli sem hér ræðir voru B liðs strákar að leika með A liðinu þar sem skortur var á leikmönnum vegna sumarleyfa og meiðsla. Spyrja má hvort ekki eigi að horfa á leik A liðsins sem "ólöglegan" leik í stað B liðs leiksins?!

Kæran er aldrei eitthvað "bara" sem afgreidd er og svo og heldur lífið áfram. Það eru margar ástæður fyrir því af hverju svona kærur sem byggðar eru á "misskilningi" þurfa skjóta og góða afgreiðslu til að réttlætinu sé fullnægt. Fyrst verður að nefna sjálfa strákana sem lagt hafa gríðarlega vinnu á sig til að ná sem lengst og verða svo fyrir því að einhverjar óvæntar "utanaðkomandi" ástæður verða til þess að allt tapast. Í öðru lagi er það þeir álitshnekkir sem félagið verður fyrir þegar svona mál koma upp. Og í þriðja lagi verður að nefna þá persónulega ásökun sem höfð er á þjálfara liðsins þar sem heiðarleiki hans sem persónu og þjálfara er dregin í efa.

**Heiðursmannasamkomulag**
Tveimur dögum fyrir leikinn gerðu þjálfarar félaganna með sér munnlegt "heiðursmannasamkomulag". Málsatvik eru þau að undirritaður fékk þjálfara ÍBV til að samþykkja breytingu á leiktíma svo hægt væri að koma deginum fyrr til Eyja með Herjólfi, eða að kvöldi 20. júlí og sigla svo til Þorlákshafnar með síðustu ferðinni frá Eyjum kl. 16:00 þann 21. júlí. Ástæðan fyrir þessu var sú að þá gætu fleiri mætt og þessi leið að sofa í Eyjum er fjárhagslega hagkvæm fyrir alla. Klukkan 14:00 þann 20. júlí eða sama dag og átti að sigla til Eyja staðfesti þjálfari ÍBV að hann gæti ekki breytt leiktímanum eins og áður hafði um samist vegna þess að þrír leikmanna hans ætluðu að koma úr sumarbústað sínum til að leika leikina og því hentaði það þeim engan veginn. Eins og skiljanlegt er var undriritaður ekki ánægður með að heyra þetta og lét í ljós áhyggjur sínar að þessi breyting gæti haft áhrif á þann fjölda sem gæti mætt. Sagði þjálfari ÍBV þá að það væri ekkert mál þótt undirritaður kæmi ekki með nægilega marga til Eyja og að við skyldum bara "græja" málin, eins og það var orðað, og færa leikmenn á milli liða þar sem þeir vildu ólmir fá leiki fyrir A, B, C og D lið sín. Þeir færu iðulega með öll sín lið til höfuðborgarsvæðisins að keppa og að það væru ekki gott að lið gætu ekki komið með öll sín lið og spilað. Undirrituðum var ekki skemmt en róaðist þó við þetta og sagðist í framhaldinu ætla að boða strákana aftur og nú á nýjum tíma því þessi breyting þýddi að ferðin til Eyja og heimkoman færðust aftur um einn heilan dag. Þegar svo á reyndi duttu þrír leikmenn úr boðuðum hóp og þar af leiðandi fór 5. flokkur Hauka einungis með 26 leikmenn til Eyja eins og áður hefur verið getið.

Þessi frásögn hefur það að markmiði að sýna fram á að þjálfarar félaganna höfðu gert með sér munnlegt samkomulag um að þegar þyrfti leikmenn á milli liða væri það ekkert mál svo framarlega sem menn væru ekki að spila niður fyrir sig. Knattspyrnuna og það sem henni tengist er aldrei hægt að afgreiða einungis út frá laga- eða reglubókstafnum þar sem drengileg og heiðarleg framkoma bæði utan vallar sem innan, "fair play", bætir við mikilvægum þætti sem er siðferðislegi þátturinn. Eru menn að hafa rétt eða rangt við? Ekki skal um það sagt hér hvort þjálfari ÍBV vill meina að undirritaður sé að hafa rangt við eða hvort málið sé hreinlega á misskilningi byggt. Það er alla vega von undirritaðs að um seinni ástæðuna sé að ræða og að hægt sé að "lagfæra" það sem að úrskeiðis hefur farið í þessu máli, því þegar öllu er á botninn hvolft viljum við öll vinna, en það samt á heiðarlegan og sanngjarnan hátt.

## *Úrskurður Dómstóls KSÍ*
Ár 2004, þriðjudaginn 10. ágúst er dómþing í Dómstóli KSÍ háð af Hilmari Gunnlaugssyni, að Lagarási 4, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið mál nr. 7/2004, ÍBV gegn Haukum, knattspyrnudeild. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur.

**I.**
Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ 27. júlí 2004. Kærandi er ÍBV - Íþróttafélag, Týsheimilinu við Hamarsveg, Vestmannaeyjum. Kærði er Haukar - knattspyrnudeild, Ásvöllum, Hafnarfirði. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ þann 28. júlí sl.

**Dómkröfur**
Kærandi krefst þess að leikur ÍBV og Hauka í 5. flokki B liða þann 21. júlí 2004 sem lauk 1-3 verði dæmdur Haukum tapaður 3-0. Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda.

**II.**
Formaður dómsins ákvað að láta málið sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Vegna sérstakra aðstæðna hjá kærða varð dómari við beiðni um að taka málið úr flýtimeðferð og féllst á frekari frestun á gerð greinargerðar sem var skilað 4. ágúst sl. Þann 5. ágúst var málið þingfest og að beiðni aðila var málið einnig flutt þá munnlega.

Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, grein 3.9.6.1 liður 12. Kærði heldur því fram að samið hafi verið um þá tilhögun sem viðhöfð var og að sá samningur eigi að ganga framar en ákvæði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þá heldur kærði því fram til vara að þar sem umræddir leikmenn hafi í raun verið að spila upp fyrir sig, þ.e. að leikmenn B liðs hafi leikið með A liðinu og þá sé það leikur A liðanna sem eigi að teljast ólögmætur en ekki leikur B liðanna.

**III. Niðurstaða**
Óumdeilt er, að tilgreindir leikmenn Hauka léku fyrst með A liði 5. flokks gegn ÍBV og síðar sama dag með B liðinu. Í raun er ekki heldur deilt um að sú tilhögun er á skjön við reglur KSÍ.

Kærandi hefur mótmælt þeim staðhæfingum kærða að samið hafi verið um þá tilhögun sem viðhöfð var. Telja verður að kærði hafi sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Gegn mótmælum kæranda verður ekki fallist á staðhæfingu kærða hvað þetta varðar. Þar sem sú staðhæfing telst ósönnuð þykir ekki ástæða til að taka frekar til skoðunar þá málsástæðu kærða, að samningur aðila um tiltekna tilhögun eigi að ganga framar skýru ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði hefur til vara byggt á því að þar sem um leikmenn B liða hafi verið að ræða þá eigi fyrri leikurinn, leikur A liðanna, að teljast ólöglegur en ekki leikur B liðanna. Óumdeilt er að leikur A liðanna fór fram áður en leikur B liðanna fór fram. Þykir ákvæði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót nr. 3.9.6.1.12 ekki verða skýrt með öðrum hætti en þeim að leikmaður sé hlutgengur með því liði sem leikur fyrri leikinn en ólöglegur að leika annan leik sama dag fyrir aðra styrkleikaflokka síns liðs. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu kærða.

Af framansögðu og reglum KSÍ leiðir, að kærði notaði óhlutgenga leikmenn í þeim leik sem kært er út af. Með vísan til 1. mgr. 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verður að dæma leikinn tapaðan fyrir kærða, 0-3.

Í 3. mgr. 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir að lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000. Að teknu tilliti til niðurstöðu málsins, málsatvika og aðstæðna að öðru leyti, þykir rétt að dæma kærða til greiðslu á kr. 12.000 sekt.

**Dómsorð**
Haukar teljast hafa tapað leik B liða gegn ÍBV í 5. flokki í Íslandsmóti karla, sem fram fór 21. júlí 2004 með markatölunni 0-3. Kærði, Haukar, greiði kr. 12.000 í sekt.

*Hilmar Gunnlaugsson*

## Mál nr. 8

**Knattspyrnudeild Stjörnunnar**
**gegn**
**Íþróttafélaginu Þór, knattspyrnudeild**

*Kæra Stjörnunnar*

**1. Dómkröfur**
Það er krafa Knattspyrnudeildar Stjörnunnar að liði félagsins verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum í ljósi þess að Íþróttafélagið Þór hafi notað ólöglegan leikmann.

**2. Málavextir**
Knattspyrnudeild Stjörnunnar kærir úrslit í leik félagsins gegn Knattspyrnufélaginu Þór í 2. flokki karla á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Leikurinn fór fram á Stjörnuvelli sunnudaginn 8. ágúst sl. kl. 14:00.

**3. Lagarök**
Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna
- Báðar reglugerðirnar varðandi hlutgengi leikmanna

**4. Röksemdir**
Samkvæmt leikskýrslu var Atli Þór Ólason kt. 100685-2729 nr. 9 í liði Þórs. Samkvæmt upplýsingum á vef KSÍ um félagaskipti leikmanna er Atli Þór skráður leikmaður með Keflavík samkvæmt leikheimild útgefinni 31. maí 2002. Ekki verður séð að leikmaðurinn hafi skipt aftur yfir í Þór innan tilskilins frests.

**5. Sönnunargögn**
Vísað er til leikskýrslu leiksins.

**6. Vitni**
*Nafn:*
Einar Örn Daníelsson, dómari leiksins
*Kennitala:* 011270-3879
*Heimilisfang:* Suðurvangi 8, 220 Hafnarfjörður

*Nafn:*
Garðar Gunnarsson, þjálfari Stjörnunnar
*Kennitala:* 040459-5029
*Heimilisfang:* Álfaskeiði 84, 220 Hafnarfjörður

*Greinargerð Þórs*
Greinargerð vegna kæru Knattspyrnudeildar Stjörnunnar, kt. 580589-1389, gegn knattspyrnudeild Þórs, kt. 670991-2109, vegna nota Þórs á meintum ólöglegum leikmanni í leik í 2. flokki karla í Íslandsmóti í knattspyrnu 8. ágúst 2004.

Fyrir hönd kærða, knattspyrnudeildar Þórs, vil ég koma á framfæri eftirfarandi málsbótum.
1. Ofangreind kæra er ódagsett. Hlýtur það að teljast formgalli á kærunni.
2. Það var alls ekki ætlun knattspyrnudeildar Þórs að nota ólöglegan leikmann í umræddum leik. Viðkomandi leikmaður hefur spilað með Þór síðan vorið 2003.
3. Atli Þór Ólafsson er í þeirri stöðu að foreldrar hans slitu samvistum og býr móðir hans á Akureyri og faðir í Keflavík. Atli hefur til skiptis búið hjá móður sinni á Akureyri og föður sínum í Keflavík. Af þessum sökum hefur hann skipt nokkrum sinnum á milli félaga eins og sést þegar félagaskipti fyrir hann eru skoðuð á heimasíðu KSÍ.

4. Keppnistímabilið 2003 þjálfaði Júlíus Tryggvason 2. flokk karla hjá Þór. Áður en keppnistímabilið hófst athugaði hann hvort allir leikmenn væru skráðir í Þór. Tveir leikmenn voru ekki skráðir í Þór, Atli Þór Ólason og Egill Steinar Ágústsson. Gekk Júlíus í að gera félagaskipti tilbúin, en fékk einhvern annan til að senda þau til KSÍ. Hjá Þór muna menn eftir þessum félagaskiptablöðum í bakka hjá faxtækinu í fyrrasumar en hvorugt þeirra finnst núna. Það er síðan ljóst af heimasíðu KSÍ að félagaskipti fyrir hvorugan þessara leikmanna gengu í gegn. Í góðri trú notaði Júlíus þessa leikmenn allt sumarið 2003, án athugasemda. Við athugun hjá Símanum vegna sendinga úr faxtæki Þórs kemur í ljós að elstu hreyfingar sem eru til núna eru frá því í september 2003. Við vitum því ekki hvort blöðin hafi t.d. verið send á hvolfi.
5. Á fundi aganefndar 2. september 2003 er Atli Þór Ólafson dæmdur í leikbann vegna rauðs spjalds sem hann fékk 31. ágúst 2004 í leik HK og Þórs. Úrskurður aganefndar, þar sem leikmaður félagsins er úrskurðaður í eins leiks bann, var sendur formanni knattspyrnudeildar Þórs. Í úrskurði aganefndar sem birtur er á heimasíðu KSÍ kemur fram að þá er hann skráður í Keflavík. Engar athugasemdir vegna þessa bárust frá KSÍ. Leikmaður er dæmdur og tekur út bann sem fullgildur leikmaður Þórs.

Af ofantöldu er ljóst að brotavilji af hálfu Knattspyrnudeildar Þórs er ekki fyrir hendi í máli þessu. Það er einnig ljóst að mistök eru gerð bæði af hálfu knattspyrnudeildar Þórs og KSÍ. Af hálfu Þórs vantar eftirfylgni á að leikheimild bærist. Hjá KSÍ gerist það síðan að leikmaður er dæmdur í leikbann hjá því félagi sem hann spilar með þó hann sé skráður í annað félag. Meginkrafa Knattspyrnudeildar Þórs er að úrslit í ofangreindum leik standi óbreytt, en til vara að kæru verði vísað frá vegna formgalla.

Fylgigögn: Úrskurður aganefndar 2. sept. 2003 sendur formanni Knattspyrnudeildar Þórs samdægurs.

*Með bestu kveðju,*
*f.h. knattspyrnudeildar Þórs*
*Unnsteinn Jónsson, formaður*

## *Úrskurður Dómstóls KSÍ*

Ár 2004, þriðjudaginn 31. ágúst, kl. 12:00 er haldið dómþing í Dómstóli KSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Reykjavík af Halldóri Frímannssyni dómara. Tekið er fyrir mál nr. 8/2004, Stjarnan, knattspyrnudeild gegn Íþróttafélaginu Þór, knattspyrnudeild og kveðinn upp svofelldur dómur.

**I.**
Mál þetta er höfðað með kæru sem móttekin var á skrifstofu KSÍ 10. ágúst 2004. Málið kom til meðferðar hjá Dómstóli KSÍ 11. ágúst 2004. Kært er vegna leiks liðanna sem fram fór 8. ágúst 2004 í 2. flokki karla B deild á Íslandsmóti í knattspyrnu á Stjörnuvelli kl. 14:00, fyrir að tefla fram ólöglegum leikmanni, nánar tiltekið leikmanni nr. 9 á leikskýrslu. Leiknum lauk með markatölunni 3-4.

**II.**
Dómskjöl:
1. Kæra Stjörnunnar, knattspyrnudeildar, móttekin á skrifstofu KSÍ 10. ágúst 2004, ásamt fylgiskjali.
2. Greinargerð kærða dagsett 18. ágúst 2004, ásamt fylgiskjali.
3. Félagaskiptablað v/ Atla Þórs Ólasonar, ódagsett úr Keflavík í Þór. Lagt fram af kærða.

**III.**
Dómkröfur kæranda:
"Það er krafa knattspyrnudeildar Stjörnunnar að liði félagsins verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum í ljósi þess að Íþróttafélagið Þór hafi notað ólöglegan leikmann."
Dómkröfur kærða:
"Meginkrafa knattspyrnudeildar Þórs er að úrslit í ofangreindum leik standi óbreytt, til vara að kæru verði vísað frá vegna formgalla."

Kært er vegna leikmanns nr. 9 á leikskýrslu, að hann sé ólöglegur leikmaður með liði kærða. Vísað er í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, báðar reglugerðirnar varðandi hlutgengi leikmanna.

**IV.**
Röksemdir kæranda:
"Samkvæmt leikskýrslu var Atli Þór Ólason kt. 100685-2729 nr 9. í liði Þórs. Samkvæmt upplýsingum á vef KSÍ um félagaskipti leikmanna er Atli skráður leikmaður með Keflavík skv. leikheimild útgefinni 31. maí 2002. Ekki verður séð að leikmaðurinn hafi skipt aftur yfir í Þór innan tilskilins frests."

Dómstóll KSÍ kannaði af sjálfsdáðum skráningu umrædds leikmanns hjá KSÍ. Samkvæmt útskrift frá skrifstofu KSÍ er Atli Þór Ólason skráður úr Þór í Keflavík með leikheimild frá 31. maí 2002. Dómstóll KSÍ ákvað í framhaldi að láta málið sæta flýtimeðferð skv. 8. gr. laga um dómstóla KSÍ og var málið sent kærða til umsagnar. Kærði óskaði eftir að skila inn greinargerð og færði fyrir því rök og var veittur frestur til 19. ágúst 2004. Málið var þingfest 25. ágúst 2004 og flutt munnlega skv. beiðni aðila í því þinghaldi og dómtekið í framhaldinu.

Röksemdir kærða:
"Ofangreind kæra er ódagsett. Hlýtur það að teljast formgalli á kærunni."
..."Viðkomandi leikmaður hefur spilað með Þór síðan vorið 2003."
..."Atli hefur til skiptis búið hjá móður sinni á Akureyri og föður sínum í Keflavík. Af þessum sökum hefur hann skipt nokkrum sinnum á milli félaga..."
"Keppnistímabilið 2003 þjálfaði Júlíus Tryggvason 2. flokk karla hjá Þór. Áður en keppnistímabilið hófst athugaði hann hvort allir leikmenn væru skráðir í Þór. Tveir leikmenn voru ekki skráðir í Þór, Atli Þór Ólason og ..." "Gekk Júlíus í að gera félagaskipti tilbúin, en fékk einhvern annan til að senda þau til KSÍ. Hjá Þór muna menn eftir þessum félagaskiptablöðum ..." "Það er síðan ljóst af heimasíðu KSÍ að félagaskipti fyrir hvorugan þessara leikmanna gengu í gegn."
"Á fundi aganefndar 2. september 2003 er Atli Þór Ólason dæmdur í leikbann vegna rauðs spjalds sem hann fékk 31. ágúst 2003 í leik HK og Þórs. Úrskurður aganefndar, þar sem leikmaður félagsins er úrskurðaður í eins leiks bann, var sendur formanni knattspyrnudeildar Þórs. Í úrskurði aganefndar sem birtur er á heimasíðu KSÍ kemur fram að þá er hann skráður í Keflavík. Engar athugasemdir vegna þessa bárust Þór frá KSÍ. Leikmaður er dæmdur og tekur út bann sem fullgildur leikmaður Þórs."

**V. Álit dómsins**
Kærði gerir kröfu um frávísun vegna formgalla kærunnar þar sem hún sé ódagsett. Málið var móttekið innan tilskilins kærufrests hjá KSÍ og kemur því dagsetningarleysi kærunnar ekki til álita í máli þessu. Frávísunarkröfu kærða er hafnað.

Það er óumdeilt að Atli Þór Ólason, leikmaður nr. 9 á leikskýrslu, lék með Þór í umræddum leik liðanna sem hér er kært út af. Samkvæmt félagaskráningu KSÍ er Atli Þór skráður í Keflavík með leikheimild frá 31. maí 2003. Það er því ljóst að umræddur leikmaður er ólöglegur með liði Þórs, nema eitthvað annað komi til sem réttlætir það.

Rök kærða sem hér eru til skoðunar eru þau sem lúta að agaviðurlögum Atla Þórs frá því í fyrra, þegar hann var úrskurðaður í 1 leiks bann fyrir brottvísun í leik HK og Þórs á sama tíma og hann er skráður leikmaður í Keflavík. Vísar til þess að KSÍ hefði átt að gera þeim viðvart. Í gögnum málsins kemur fram að strax sumarið 2003 var kærða kunnugt um að Atli Þór var ekki skráður í Þór. Engin leikheimild hafi borist til kærða vegna umrædds leikmanns og félagið fylgdi því ekki eftir að hennar væri aflað. Það er á ábyrgð hvers félags að sjá til þess að leikmenn séu með gilda leikheimild. Sú ábyrgð er hjá félaginu og vanræksla að sinna þessari skyldu leiðir af sér viðurlög sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum KSÍ. Ábyrgðin var hjá kærða í þessu tilviki og ber kærði ábyrgð á því að leikmaður liðsins var ólöglegur með liðinu. Æskilegt er að KSÍ geri viðvart verði það þess áskynja að leikheimild skorti.

Samkvæmt 4. kafla 4.3 l. lið í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er mælt fyrir um viðurlög fyrir að mæta með ólöglega skipað lið til leiks. Hið brotlega lið telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Jafnframt er mælt fyrir um sektir í 4. kafla 4.4, 3. lið reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót fyrir að mæta með ólöglega skipað lið til leiks. Þar er kveðið á um að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks,

skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000. Með vísan til þessa dæmist leikur liðanna tapaður kærða með markatölunni 3-0. Kærði greiði kr. 5.000, í sekt til KSÍ.

**Dómsorð**
Íþróttafélagið Þór, knattspyrnudeild, telst hafa tapað í leik gegn Stjörnunni, knattspyrnudeild, sem fram fór 8. ágúst 2004 í 2. flokki karla B deild í Íslandsmóti í knattspyrnu á Stjörnuvelli kl. 14:00, með markatölunni 3-0. Íþróttafélagið Þór, knattspyrnudeild, skal greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

*Halldór Frímannsson*

### *Áfrýjun Þórs*
Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs áfrýjar hér með dómi sem kveðinn var upp í máli nr. 9/2004 31. ágúst 2004. Rök knattspyrnudeildar Þórs fyrir áfrýjun er eftirfarandi:

1. Rangt er í áliti dómsins að skv. gögnum málsins hafi kærða strax sumarið 2003 verið kunnugt að Atli Þór var ekki skráður í Þór. Hér vísast til gr. 4 í greinargerð knattspyrnudeildar Þórs. Þar kemur hvergi fram að kærða hafi verið ljóst eftir vorið 2003 að Atli Þór væri ekki skráður í Þór.
2. Agaviðurlög Atla Þórs 2003. Ekki er í dómnum tekin afstaða til þeirra agaviðurlaga sem Atli Þór er látinn sæta hjá Þór vegna brottvísunnar í leik fyrir Þór. Með dómnum er því ekki svarað hvers vegna kærði ætti að efast um tilvist leikheimildar eftir úrskurð aganefndar.

Þó misfarist hjá félagi að fylgjast með hvort leikheimild berist ætti úrskurður aganefndar að vera fullgild sönnun á því að leikmaður sé skráður í félag. Hvort tveggja eru skrifleg gögn frá KSÍ sem félag á að taka trúanleg. Dómurinn verður að horfa til þess að allt þetta sem á undan er gengið gæti hafa gerst fyrir nokkrum dögum í staðinn fyrir á rúmu einu ári. Að aganefnd dæmi leikmann í leikbann hjá öðru félagi en hann er skráður í hlýtur að teljast alvarleg brotalöm í starfsemi KSÍ. Til að styrkja mál mitt vil ég setja upp tvö dæmi.

*Dæmi 1*
Félagaskiptablað fyrir leikmann sent inn á fimmtudegi þar sem skipt er úr félagi A í félag B. Félag B sendir blaðið til félags A sem á að senda það til KSÍ, þar misferst sendingin. Bæði félög telja að félagaskiptablað hafi borist KSÍ. Leikheimild berst ekki fyrir helgi. Leikmaður spilar á laugardegi með félagi B gegn félagi A, fær brottvísun í leiknum. Á þriðjudegi úrskurðar aganefnd leikmann í leikbann og sendir félagi B úrskurðinn. Leikmaður tekur út leikbann hjá félagi B. Með réttu átti leikheimild að berast félagi tveimur virkum dögum áður en leikmaður er úrskurðaður í leikbann. Telst úrskurður aganefndar í þessu tilviki sem sönnunargagn á því að leikmaður sé skráður í félag B?

*Dæmi 2*
Félagaskiptablað fyrir leikmann sent inn á fimmtudegi þar sem skipt er úr félagi A í félag B. Leikheimild berst ekki fyrir helgi. Leikmaður spilar á laugardegi með félagi B gegn félagi C, fær brottvísun í leiknum. Á þriðjudegi úrskurðar aganefnd leikmann í leikbann og sendir félagi B úrskurðinn. Á miðvikudegi kemst félag B að því að leikmaður er enn skráður í félag A sem spilaði leik kvöldið áður. Félagaskiptablað er aftur sent inn og nú berst leikheimild daginn eftir. Félag B spilar næst á föstudegi við félag D og notar þá umræddan leikmann þar sem álitið er að hann hafi tekið út leikbannið með félagi A. Félag D kærir leikinn á þeim rökum að félag B hafi notað leikmann sem átti að vera í leikbanni. Telst úrskurður aganefndar í þessu tilviki sem sönnunargagn á því að leikmaður sé skráður í félag B?

Meginkrafa knattspyrnudeildar Þórs er að kærði verði sýknaður af kröfum kæranda þar sem kærði var í góðri trú með að Atli Þór væri leikmaður kærða á grundvelli úrskurðar aganefndar KSÍ frá 2. september 2003.

Fylgigögn:
Úrskurður aganefndar 2. september 2003 sendur formanni knattspyrnudeildar Þórs samdægurs. Greinargerð knattspyrnudeildar Þórs vegna kæru Stjörnunnar. Dómur í máli nr. 9/2004. Afrit af félagaskiptablaði fyrir Atla Þór sem gert var vorið 2003.

*Með bestu kveðju.*
*f.h. Knattspyrnudeildar Þórs,*
*Unnsteinn Jónsson, formaður*

## *Úrskurður Áfrýjunardómstóls KSÍ*

Ár 2004, miðvikudaginn 8. september kom Áfrýjunardómstóll KSÍ saman á skrifstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar að Laugavegi 182, Reykjavík. Dóminn skipuðu Jón Steinar Gunnlaugsson, Jón Gunnar Zoëga og Guðmundur Jónsson. Tekið var fyrir málið nr. 3/2004, Íþróttafélagið Þór, knattspyrnudeild gegn Stjörnunni, knattspyrnudeild. Áfrýjað er dómi Dómstóls KSÍ 31. ágúst 2004.

Í málinu var nú kveðinn upp svohljóðandi dómur:
Verkefni aganefndar KSÍ er samkvæmt starfsreglum nefndarinnar að úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á vegum KSÍ. Það heyrir ekki til starfsskyldna nefndarinnar að kanna félagsskráningu leikmanna. Úrskurðir nefndarinnar um viðurlög geta ekki létt af þeirri ábyrgð sem félögin bera á réttri skráningu félagsaðildar leikmanna sinna. Að öðru leyti vísast til forsendna hins áfrýjaða dóms sem ber að staðfesta.

**Dómsorð**
Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

*Jón Steinar Gunnlaugsson*
*Jón Gunnar Zoëga*
*Guðmundur Jónsson*

### Mál nr. 9

### Knattspyrnudeild Stjörnunnar gegn Ungmennafélagi Hrunamanna (UMFH)

*Kæra Stjörnunnar*

**Dómkröfur**
Þær kröfur eru gerðar að leikurinn dæmist UMFH tapaður 0-3 (UMFH – Stjarnan í 3. fl. karla).

**Málavextir**
Þann 20. júlí 2004 spiluðu í 3. flokki karla C1 deild í Íslandsmóti 2004 UMFH og Stjarnan. Leiknum lauk með sigri UMFH, 5-4. Í ljósi fyrri úrslita UMFH og leik Stjörnunnar við þá 4. júní 2004, sem fór 13-2 fyrir Stjörnunni og var einn besti leikmaður Stjörnunnar ekki með. Leikmaður nr. 4 hjá UMFH sem spilaði sem senter með landsliðsmanninum Kjartani Sigurðssyni, var yfirburðamaður á vellinum. Foreldri kallaði þennan leikmann "Allan".

**Lagarök**
Við teljum að (leikmaður nr. 4) hafi gerst brotlegur gegn reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna og skráningu iðkenda (G-liður). Einnig reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Röksemdir**
Við teljum að leikmaður nr. 4 hjá UMFH sé ólöglegur með liðinu í þessum leik. Þessi leikmaður var ekki með í fyrri leik liðanna og nafn hans sést ekki á leikskýrslum í sumar. Óskað var eftir afriti af leikskýrslu hjá UMFH en þjálfari þeirra sagðist alltaf henda henni eftir leik og búið væri að fjarlægja ruslið. Hann sagði að skýrslan hefði farið í pósti frá sér fimmtudaginn 22. júlí. Þann 27. júlí hefur skýrslan ekki enn skilað sér til KSÍ. Leikmaður nr. 4 á öðrum leikskýrslum er fæddur 1989. Þessi leikmaður hefur útlit og þroska eldri aðila. Sögusagnir um leikmannasölur fóru strax af stað eftir leikinn.

**Sönnunargögn**

Áskiljum við okkur réttinn til að fá að senda inn frekari gögn seinna, til dæmis leikskýrslu þegar eina eintak hennar kemur í leitirnar.

*Virðingarfyllst,*
*Ragnar Gíslason*

### *Úrskurður Dómstóls KSÍ*

Ár 2004, fimmtudaginn 19. ágúst, kl. 12:00 er haldið dómþing í Dómstóli KSÍ, Laugardalsvelli, Laugardal, Reykjavík, háð af Halldóri Frímannssyni dómara. Tekið er fyrir mál nr. 9/2004, Stjarnan, knattspyrnudeild gegn Ungmennaf. Hrunamanna (UMFH) og kveðinn upp svofelldur dómur:

Mál þetta er höfðað með kæru sem móttekin var á skrifstofu KSÍ 27. júlí 2004. Málið kom til meðferðar hjá Dómstóli KSÍ 12. ágúst 2004. Kært er fyrir að vera með ólöglega skipað lið í leik liðanna sem fram fór 20. júlí 2004 í 3. flokki karla C1 í Íslandsmóti 2004 á Flúðavelli kl. 20:00 og endaði með markatölunni 5-4. Nánar tiltekið er kært vegna leikmanns nr. 4 á leikskýrslu kærða.

**Dómskjöl**
1. Kæra Stjörnunnar, knattspyrnudeildar, móttekin á skrifstofu KSÍ 27. júlí 2004.
2. Leikmannalisti yfir lið kærða, sendur skrifstofu KSÍ frá kærða 10. ágúst 2004.

**Dómkröfur**
Kærandi krefst þess að leikurinn dæmist tapaður 0-3. Dómstóll KSÍ ákvað að láta málið sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Kærða var sent málið til umsagnar með vísan til 8. gr. laga um dómstóla KSÍ og veittur sólarhringsfrestur til þess að upplýsa hvort hann hygðist hafa uppi varnir í málinu og hverjar þær varnir væru.

Innan tilskilins frests hringdi formaður knattspyrnudeildar UMFH, Jón Viðar Finnsson, til dómara Dómstóls KSÍ á mánudagsmorgun 16. ágúst sl. og tjáði honum að hann myndi ekki senda inn skriflegt svar við kærunni og ætlaði ekki að hafa upp varnir í málinu. Sagði að félagaskipti hefðu ekki farið fram fyrir umræddan leikmann. Sagðist því miður ekki vita hvað hann væri gamall. Sagði hann hafa sagst vera fæddur 1988. Hafi ekki verið spurður um nafnskírteini.

Kært er fyrir að vera með ólöglega skipað lið í leik liðanna sem fram fór 20. júlí 2004 í 3. flokki karla C1 í Íslandsmóti 2004 á Flúðavelli kl. 20:00 og endaði með markatölunni 5-4. Leikskýrsla hefur ekki ennþá borist KSÍ vegna leiksins. Virðist hafa glatast í pósti. Kallað var eftir nýrri skýrslu og barst KSÍ í framhaldi leikmannalisti frá kærða 10. ágúst 2004. Þar er leikmaður nr. 4 skráður með eftirfarandi hætti: "4. Allan P. veit því miður ekki meira um hann", dskj. 2.

**Niðurstaða**
Leikmaður nr. 4. skv. leikmannalista heitir Allan P. Engar frekari upplýsingar er að finna þar um leikmanninn. Samkvæmt félagaskrá KSÍ, sem aðgengileg er öllum á vef KSÍ, www.ksi.is, er enginn með þessu nafni skráður í knattspyrnufélag á Íslandi.

Kærandi krefst þess að leikurinn dæmist tapaður 0-3. Kærði hefur gengist við brotinu og hyggst ekki hafa upp varnir í málinu.

Samkvæmt 4. kafla 4.3 l. lið í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er mælt fyrir um viðurlög fyrir að mæta með ólöglega skipað lið til leiks. Hið brotlega lið telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Jafnframt er mælt fyrir um sektir í 4. kafla 4.4, 3. lið reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót fyrir að mæta með ólöglega skipað lið til leiks. Þar er kveðið á um að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000.

Af ofanskráðu er ljóst að krafa kæranda er réttmæt og kærði hefur gengist við brotinu. Umræddur leikmaður er ekki skráður í neitt knattspyrnufélag á Íslandi skv. félagaskrá KSÍ og dæmist því leikur liðanna tapaður kærða með markatölunni 0-3. Kærði greiði kr. 5.000, í sekt til KSÍ.

**Dómsorð**

Ungmennafélag Hrunamanna telst hafa tapað í leik gegn Stjörnunni sem fram fór 20. júlí 2004 í 3. flokki karla C1 á Íslandsmóti 2004 á Flúðavelli kl. 20:00, með markatölunni 0-3. Umf. Hrunamanna skal greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

*Halldór Frímannsson*

**Mál nr. 10**

**Íþróttafélagið Leiknir**
**gegn**
**Knattsyrnudeild Þórs**

*Kæra Leiknis*
Íþróttafélagið Leiknir kt. 690476-0299 kærir hér með Þór Akureyri kt. 710269-2469 fyrir að vera með ólöglega skipað lið í leik liðanna í 2. flokki karla B deild sem fram fór á Leiknisvelli laugardaginn 7. ágúst 2004. Leiknum lauk með sigri Þór Ak. 2-1 en við krefjumst þess að úrslitunum verði breytt í sigur fyrir Leikni, 3-0.

**Rökstuðningur við kæruna**
Leiknir krefst þess að Þór Ak. Verði dæmt fyrir brot á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 1.1.3. Þar stendur: *Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og stöðu félaga og leikmanna.* Leiknir krefst þess að Þór Ak. verði dæmt samkvæmt grein 4.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þar stendur að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3.

Leikurinn er kærður þar sem Þór Ak. tefldi fram ólöglegum leikmanni. Í umræddum leik lék Atli Þór Ólafsson kt. 100685-2729 með liði Þórs. Umræddur leikmaður er skráður leikmaður Keflavíkur og lék með þeim keppnistímabilið 2002. Samkvæmt gagnagrunni KSÍ þá fékk Atli Þór m.a. rautt spjald í leik á Íslandsmótinu 2002. Sá leikur var á milli Keflavíkur og Fram og var leikinn þann 11. júní 2002. Viktor Ari hefur ekki tilkynnt félagaskipti yfir til Þórs og telst því enn leikmaður Keflavíkur og er því ekki gjaldgengur með liði Þórs.

Helstu rök okkar fyrir því að dæma okkur í hag eru:
1. Atli Þór Ólason er sannanlega skráður í gagnagrunn KSÍ sem leikmaður Keflavíkur.
2. Atli Þór Ólason lék sannanlega með liði Keflavíkur áður en hann hóf að leika með Þór.
3. Atli Þór hefur sannanlega ekki tilkynnt félagaskipti yfir í Þór og telst því enn leikm. Keflavíkur.
4. Atli Þór Ólason lék sannanlega umræddan leik með Þór gegn Leikni.

Við teljum að þetta mál svipi mjög til kæru knattspyrnudeildar Keflavíkur gegn knattspyrnudeild Hauka. Mál nr. 6/2004.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna grein A.2. er svohljóðandi: "Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ. [Ákvæði til bráðabirgða samþykkt af stjórn KSÍ: Leikmenn 4. aldursflokks karla og yngri og 3. aldursflokks kvenna og yngri, teljast hlutgengir með því félagi sem þeir leika með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu. Kjósi leikmaður að skipta um félag eftir það, fara félagaskipti eftir sömu reglum og gilda í 1. grein hér að ofan. Þó skal heimilt að hafa félagaskipti strax að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum]".

*Fyrir hönd Leiknis,*
*Gunnar Jarl Jónsson*

*Úrskurður Dómstóls KSÍ*

Ár 2004, föstudaginn 20. ágúst er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Ásbirni Jónssyni, að Hafnargötu 29, Reykjanesbæ. Fyrir er tekið mál nr. 11/2004, Íþróttafélagið Leiknir kt. 6904476-0299, gegn Þór, Akureyri kt. 710269-2469. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur.

**I. Úrskurður**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 17. ágúst 2004. Kærandi er Íþróttafélagið Leiknir. Kærði er Þór, Akureyri. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstóli KSÍ þann 18. ágúst sl.

**Dómskjöl**
1. Kæra Leiknis, ódagsett, ásamt fylgiskjölum.

**Dómkröfur**
Með kæru Leiknis móttekinni á skrifstofu KSÍ 17. ágúst sl. kærir Leiknir Þór Akureyri fyrir að vera með ólöglega skipað lið í leik liðanna í Íslandsmóti 2. flokks karla B deild sem fram fór á Leiknisvelli laugardaginn 7. ágúst 2004 kl. 16:30. Dómkröfur kæranda eru að leikur liðanna verði dæmdur kæranda unninn 3-0. Vísað er til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, 4.3.1 um ólöglega skipað lið.

**Álit dómsins**:
Samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga um dómstóla KSÍ er kærufrestur til Dómstólsins 5 dagar frá því að leikurinn fór fram og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Umræddur leikur liðanna fór fram þann 7. ágúst sl. Kærufrestur til Dómstólsins rann út á miðnætti 13. ágúst sl. Kæra barst skrifstofu KSÍ 17. ágúst sl. og er árituð móttekin þann dag. Kæran telst því skv. tilvitnuðu og fortakslausu ákvæði laganna of seint fram komin. Árangurslausar faxsendingar kæranda á skrifstofu KSÍ þann 14. ágúst sl. breyta hér engu um. Með vísan til þessa er kæru Leiknis á hendur Þór Akureyri vísað frá dómi ex officio. Ásbjörn Jónsson, dómari í Knattspyrnudómstóli KSÍ, kveður upp úrskurð þennan.

**Úrskurðarorð**
Kæru Íþróttafélagsins Leiknis, ódagsettri, á hendur Þór Akureyri vegna leiks liðanna í Íslandsmóti 2. flokks karla B deild sem fram fór 7. ágúst sl. á Leiknisvelli, er vísað frá dómi ex officio.

*Ásbjörn Jónsson*